BRIMRÚN HRÖNN HAFSTEINSDÓTTIR

*Er forfallinn græjufíkill*

Græjur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




FASTEIGNIR

*Reykvíkingar streyma á Reykjanes*

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG





LÆKKUN FYRIRTÆKJASKATTA EYKUR TEKJUR SAMFÉLAGSINS

www.islandshreyfingin.is

ÍSLANDS HREYFINGIN lifandi land



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. apríl 2007 — 116. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## MÁNUDAGUR

### Rauðhærðar konur stofna samtök



Þuríður Helga Jónsdóttir segir rauðhærðar konur oft sýndar sem vergjarnar og útsmognar týpur.

FÓLK 38

### Bjartsýnn fyrir Helsinki

Haukur Hauksson fer fyrir íslenska Eurovision-hópnum í Helsinki í næstu viku.

FÓLK 38

### Sígild snjóboltaáhrif



Marcel Edwin Deelen boðar fagnaðarerindi íslenskrar menningar.

MENNING 26

### AZ missti af titlinum



Grétar Rafn Steinsson og félagar hans í AZ Alkmaar upplifðu hreina martröð í gær.

ÍÞRÓTTIR 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**HTII 20 STIG** Í dag verður suðaustan- og austanstrekkingur með suður- og suðvesturströndinni annars mun hægari. Léttskýjað á Norður- og Austurlandi annars skýjað með köflum og þurrt að mestu. Hiti 10-22 stig, hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4




# Þýskur orkurisi vill íslenskt rafmagn flutt um sæstreng

**Orkustofnun hefur undirritað viljayfirlýsingu um samstarf í rannsóknum á djúpborunum við eitt stærsta orkufyrirtæki Þýskalands. Fyrirtækið hefur áhuga á að flytja rafmagn um sæstreng til Þýskalands.**

**ORKUMÁL** Þýska orkufyrirtækið Energie Baden-Württemberg (EnBW) hefur lýst yfir áhuga á að koma að djúpborunarrannsóknum hér á landi. Viljayfirlýsing þess efnis milli fyrirtækisins og Orkustofnunar var undirrituð á miðvikudag. EnBW hefur meðal annars áhuga á að skoða möguleikann á lagningu sæstrengs til raforkuflutninga frá Íslandi til Þýskalands.

Þorkell Helgason orkumálastjóri segir að menn frá EnBW hafi komið hingað til lands síðastliðið haust til að kynna sér íslensk orkumál. Þá hafi áhugi þeirra vaknað. „Síðan heyrðist reyndar ekkert í þeim lengi vel, eða þar til fyrir nokkrum vikum. Þá voru þeir mjög áhugasamir, ekki síst vegna djúpborunarmálanna. Þeir vilja endilega koma að þessu með einhverjum hætti og eru reiðbúnir að leggja fram talsvert fé.“

Energie Baden-Württemberg er þriðja stærsta orkufyrirtæki Þýskalands og veltir um 13 milljörðum evra á hverju ári, eða rúmlega 1.100 milljörðum íslenskra króna. Fyrirtækið hefur það sem yfirlýst markmið að stuðla að sjálfbærri orkuframleiðslu og grænni framtíðarsýn.

Þorkell segir ekki liggja fyrir hvert hlutverk EnBW verði í verkefninu og tekur fram að Þjóðverjunum hafi hvorki verið lofað einu né neinu. „Þeirra sýn er sú að í fjarlægri framtíð megi fá mikið af jarðhitaknúnu rafmagni frá Íslandi í gegnum sæstreng til Þýskalands. Jarðhiti þykir grænni en stór vatnsorka og það er ekkert ólíklegt að í náinni framtíð verði styrkir vegna grænnar orku samræmdir um alla Evrópu þannig að landamæri falli niður. Þá verði þetta sama hvaðan gott komi.“

Djúpborunarrannsóknirnar eru samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja, Orkustofnunar og ýmissa vísindastofnana. Hugmyndin er að bora holur niður á um fimm kílómetra dýpi. Bundnar eru vonir við að þar sé allt að 600 gráðu hiti og margfalt meiri þrýstingur en í hefðbundnum borholum jarðvarmavirkjana sem eru vanalega um tveggja kílómetra djúpar. Vonast er til að hver djúpborunarhola geti gefið fimm til tíu sinnum meira af sér en hefðbundnar borholur. - þsj



**BUSLAÐ Í BLÍÐUNNI** Innivera var ekki á boðstólum á Akureyri í gær enda einmuna veðurblíða í bænum og víða annars staðar á norðanverðu landinu. Haukur, Hafsteinn, Heiðar, Eydís og Iðunn Una skelltu sér í sundfötin og busluðu í polli einum risastórum en Hinrik þurfti að gera sér að góðu að fylgjast með álengdar enda að jafna sig eftir fótbrot. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Methiti á landinu í gær:

## Hiti í Ásbyrgi fór í 23 gráður

**VEÐUR** „Það er ennþá alveg bullandi sól hérna,“ sagði Ævar Ísak Sigurgeirsson í versluninni í Ásbyrgi síðdegis í gær. Hitinn þar mældist 22,6 gráður klukkan þrjú og fór hæst í 23 stig. Aldrei hefur áður mælst svo hár hiti á Íslandi í apríl. Hæsta mælingin fram að gærdeginum var 21,8 stiga hiti á Sauðanesi á Langanesi árið 2003. Óvenju margir ferðamenn voru í Ásbyrgi í gær miðað við árstíma. „Þetta er alveg frábært en við erum svo raunsæ að við töluðum um að þetta gæti reynst heitasti dagur sumarins en við vonum það besta,“ sagði Ævar. Hitamet voru slegin á fleiri stöðum á landinu í gær. Á Akureyri mældust til dæmis 21,5 stig sem er hæsti aprílhiti þar. Áfram verður hlýtt í dag. - gar

Mikilvægi málefna misjafnt eftir kjördæmum:

## Fáir kjósa um fisk

**SKOÐANAKÖNNUN** Velferðarmálin eru aftur talin mikilvægust af átta málefnum sem kjósendur í öllum kjördæmum voru beðnir um að gefa einkunn í skoðanakönnun Fréttablaðsins. Í öðru sæti eru menntamál, þá efnahagsmál, skattamál, samgöngumál, umhverfismál, fiskveiðimál og að lokum Evrópumál.

Misjafnt er eftir kjördæmum hvaða málaflokkar skipta mestu máli þegar kemur að því að ákveða hvað skal kjósa 12. maí.

Þannig teljast samgöngumál mun mikilvægari í landsbyggðarkjördæmunum þremur en á höfuðborgarsvæðinu. Það vekur athygli að fiskveiðimál fá næstlægstu einkunnina í Norðvesturkjördæmi, en þau eru mikilvægari fyrir kjósendur í Suður- og Norðausturkjördæmi.

Þá skipta menntamál næstmestu máli í fjórum kjördæmum af sex, en eru í þriðja sæti í Norðvestur- og Suðvesturkjördæmi. - ss/sjá síðu 4

### UM HVAÐ VERÐUR KOSIÐ?

Spurt var hversu mikilvæga fólk teldi eftirfarandi málaflokka á skalanum 1-5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt, þegar kæmi að því hvernig það greiddi atkvæði í þingkosningum í maí.

| | |
|---|---|
| Velferðarmál | 4,386 |
| Menntamál | 4,264 |
| Efnahagsmál | 4,194 |
| Skattamál | 4,103 |
| Samgöngumál | 3,906 |
| Umhverfismál | 3,747 |
| Fiskveiðimál | 3,494 |
| Evrópumál | 2,897 |

*Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 23-28. apríl 2007*


AFNEMUM TEKJUTENGINGU VIÐ MAKA ALDRAÐRA

www.xf.is

XF Frjálslyndi flokkurinn


Listaverkauppboð Foldar:

## Warhol sleginn á 750 þúsund

**MYNDLIST** Áritað print eftir Andy Warhol frá 1965, Liz, var slegið á uppboði Foldar á Hótel Sögu í gær á 750 þúsund krónur.

Uppboðið var vel sótt en það hófst óvenjusnemma vegna fjölda uppboðsgripa en 150 slíkir voru á uppboðinu. Flestir gripir voru slegnir undir matsverði.

Meðal verka sem þarna voru seld var fjöldi leirmuna eftir Guðmund frá Miðdal, dúkristur frá 1941 eftir Svavar Guðnason, málverk frá tveimur tímabilum eftir Kristján Davíðsson og verk eftir Jón Stefánsson, Ásgrím Jónsson, Kjarval og Þórarin B. Þorláksson.

Uppboðið stóð enn þegar Fréttablaðið fór í prentun og þá var eftir að slá þau verk sem verðmætust voru metin, eftir Kjarval, Ásgrím og Jón og Þórarin B. Þorláksson. - bþs

## SPURNING DAGSINS



*Þórhallur, ætlarðu að höfða gamanmál?*

„Nei, það ætla ég ekki að gera, enda var þetta bara smámál.“

Þórhallur Þórhallsson, nýkrýndur fyndnasti maður Íslands, segir að þátttakandi í raunveruleikaþættinum Leitinni á Stöð 2 hafi stolið frá sér grínatriði sem innihélt dvergaeftirhermu og komist með því áfram í þættinum.

Viðræður um sölu á 65 prósenta hlut Novators í búlgarska símafyrirtækinu BTC:

# Hundrað milljarða hagnaður

**VIÐSKIPTI** Björgólfur Thor Björgólfsson er að selja 65 prósenta hlut í búlgarska símafyrirtækinu BTC. Áætla erlendir fréttamiðlar að söluverðið verði um 1,3 milljarðar evra eða í kringum 110 milljarðar króna.

Fjárfestingafélagið Novator, sem er að öllu leyti í eigu Björgólfs Thors, er talið munu hagnast um 100 milljarða króna að sölunni í BTC yfirstaðinni.

Salan á hlutnum í BTC hefur verið í burðarliðnum um skeið. Tilboð bárust frá fjórum félögum. Enn munu vera viðræður í gangi við tvö þeirra. Ekki náðist í gær í Ásgeir Friðgeirsson, upplýsingafulltrúa Novator, en í samtali við visir.is ber Ásgeir til baka fregnir erlendra miðla um að salan hafi þegar farið fram.



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Talinn hagnast um 100 milljarða á sölu í búlgarska símafyrirtækinu BTC.

Segir Ásgeir viðræður um söluna hins vegar á lokastigi og að væntanlega skýrist málið að viku liðinni.

Þá segir Ásgeir það einnig rangt sem haldið er fram í bandaríska blaðinu Forbes að Novator hyggist draga sig út úr fjárfestingum í Austur-Evrópu.

Björgólfur á einnig í símafyrirtækjum í Finnlandi, Póllandi, Tékklandi og Grikklandi. Nýlega seldi hann 10,8 prósenta hlut í gríska félaginu Forthnet og er talinn hafa nærri fjórfaldað verðmæti þess hlutar frá því að hann keypti hann í desember 2005. - gar

Mengun mótmælt í Englandi:

## Plastpokum úthýst úr smábæ

**ENGLAND** Bann við innkaupapokum úr plasti gengur í gildi í enska smábænum Modbury á vesturströnd Englands í dag. Bærinn er fyrsta samfélagið í Evrópu sem bannar plastpokana.

Í bænum eru 43 verslanir og sammæltust eigendurnir um að pakka vörum sínum í pappír og setja í taupoka, til að mótmæla hinum mengandi plastpokum. Talið er að taupokarnir geti síðar orðið safngripir.

Það var íbúi í bænum, Rebecca Hoskins, sem átti hugmyndina að herferðinni, en hún hefur gert heimildarmynd um plastmengun fyrir BBC-sjónvarpsstöðina. - sh

Letizia og Felipe krónprins:

## Eignuðust sína aðra prinsessu

**MADRÍD, AP** Letizia Spánarprinsessa og Felipe krónprins eignuðust heilbrigða stúlku í gær og er hún annað barn þeirra hjóna. Hefur litla prinsessan fengið nafnið Sofia.



**FELIPE KRÓNPRINS SPÁNAR**

Hún er númer þrjú í röðinni til að erfa spænsku krúnuna á eftir föður sínum og eldri systur sinni Leonor, sem fæddist í október árið 2005.

Fari svo að þau Letizia og Felipe eignist son síðar meir fer hann fram fyrir systur sínar í erfðaröðinni. Margir telja að þessi lög séu löngu orðin úrelt og Leonor eigi að erfa krúnuna á undan yngri systkinum sínum. - fb

Uppbyggingarstarf í Írak:

## Varla von á árangri í bráðina

**WASHINGTON, AP** Daglegt ofbeldi, útbreidd spilling og léleg viðhaldsvinna gerir það að verkum að uppbyggingarstarf á vegum Bandaríkjamanna í Írak ber varla mikinn árangur á næstunni. Þetta kemur fram í skýrslu, sem birt verður í dag, frá bandarískri stofnun sem hefur eftirlit með uppbyggingarstarfinu í Írak.

Samkvæmt skýrslunni hefur árásum heldur fækkað, en þær sem gerðar eru valda meiri eyðileggingu og raska öllu starfi meir en áður. - gb

### SLYS

**Enn haldið sofandi**

Líðan fimmtán ára drengs sem fannst meðvitundarlaus á botni Sundlaugar Kópavogs á föstudag er óbreytt. Honum er haldið sofandi á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Málið er í rannsókn hjá lögreglu.

# Búðir loki á nóttunni inni í íbúðarhverfum

**Borgarráð er að láta lögfræðinga borgarinnar athuga möguleika á því að banna næturopnun verslana inni í íbúðarhverfum. Þetta er gert að tillögu hverfisráðs Vesturbæjar eftir harðorðar kvartanir íbúa undan 10-11 á Hjarðarhaga.**

**VERSLUN** „Við teljum okkur ekki jafn örugg og áður í hverfinu vegna ónæðis og óláta sem næturafgreiðslunni fylgja,“ segja íbúar við Kvisthaga. Þeir vilja að borgaryfirvöld banni næturopnun verslunar 10-11 á Hjarðarhaga.

Fimmtán íbúar við Kvisthaga og sjö íbúar á Hjarðarhaga skrifuðu hvor hópur fyrir sig hverfisráði Vesturbæjar og báðu ráðið að hlutast til um að 10-11 fái ekki að hafa opið á nóttunni. Hverfisráðið hefur lagt til við borgarráð að settar verði reglur sem takmarki opnunartíma inni í íbúðarhverfum þannig að næturopnun sem raski svefnfriði íbúa sé ekki leyfð. Enn fremur að leyfisveiting fyrir slíkum rekstri sé háð því að fyrst fari fram grenndarkynning.

Í bréfi íbúanna við Kvisthaga kemur fram að 10-11 á Hjarðarhaga hafi haft opið á nóttunni frá því í fyrravor. Mikið ónæði sé af viðskiptavinum verslunarinnar og unglingum sem safnist þar saman að næturlagi og láti stundum ófriðlega.

„Hávaðinn heldur oft fólki fyrir vöku og oft og iðulega er svefnfriðurinn rofinn vegna óláta við verslunina á öllum tíma nætur,“ segja íbúarnir. Þeir bæta við að þeir sem helst eigi viðskipti við 10-11 á nóttinni virðast vera undir áhrifum.



**SÆUNN STEFÁNSDÓTTIR** Formaður hverfisráðs Vesturbæjar.





**10-11 HJARÐARHAGA** „Við erum sannfærð um að eina leiðin til að við fáum aftur að njóta næturkyrrðar heima hjá okkur sé að takmarka afgreiðslutíma verslunarinnar,“ segja íbúar í nágrenni 10-11 á Hjarðarhaga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íbúarnir telja áhrif næturopnunarinnar vera slæm fyrir andann í hverfinu. „Dæmi er um að unglingar sem eiga heima í nærliggjandi húsum og þurfa að mæta á íþróttaæfingar snemma morguns treysta sér ekki að ganga fram hjá versluninni þegar hávaðaseggir halda sig þar,“ segja þeir og hafa áhyggjur af alvarlegum afleiðingum alls þessa: „Leiða má líkur að því að ónæði sem er af verslunarrekstrinum um nætur hafi áhrif á verð fasteigna okkar.“

Íbúarnir krefjast þess að búðin á Hjarðarhaga verði lokuð frá miðnætti til klukkan níu að morgni.

„Þetta líst mér afar illa á,“ segir Guðjón K. Reynisson, framkvæmdastjóri 10-11, um tillöguna um næturopnunina. „Okkar viðskiptamódel snýst um að hafa opið allan sólarhringinn. Það hefur sýnt sig að það er mikil eftirspurn eftir þessari þjónustu og þetta hefur mælst afar vel fyrir hjá viðskiptavinum okkar.“

Guðjón segir mikla áherslu á að ekki sé ónæði af verslunum: „Við höfum mjög lítið orðið vör við óánægju nágranna og höfum gert allt sem við höfum mögulega getað gert til að minnka þessi óþægindi. Við erum tilbúin til að hlusta á hvað það er sem veldur íbúunum óþægindum.“

gar@frettabladid.is



**TANKARNIR BRENNA** Búist er við að eldurinn logi dögum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stórbruni í Oklahoms:

## Elding kveikti í olíuhreinsistöð

**BANDARÍKIN** Eldur logar enn í tveimur olíutönkum í olíuhreinsistöð í Oklahoma í Bandaríkjunum. Eldurinn kviknaði á föstudag þegar eldingu sló niður í annan tankinn og mikil sprenging varð.

Búist er við að eldurinn logi í nokkra daga enn. Fjölmennt lið slökkviliðsmanna er á staðnum og reynir að halda eldinum í skefjum.

Um 185 starfsmenn vinna við olíuhreinsistöðina, sem er í bænum Wynnewood í Oklahoma. Stöðin framleiðir um 50 þúsund tunnur af eldsneyti á dag. - gb

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ók á staur en slasaðist lítið**

Ökumaður slasaðist lítillega þegar hann ók bíl sínum á ljósastaur við Reykjanesbraut síðdegis í gær. Tildrög slyssins eru óljós, en ökumaðurinn var einn í bílnum. Kalla þurfti eftir dráttarbíl til að draga bílinn á brott.

**Ógnaði fólki með glerflösku**

Karlmaður var handtekinn í Reykjanesbæ í fyrrinótt eftir að hafa í ölæði ógnað vegfarendum með því að sveifla að þeim glerflösku. Hann svaf úr sér áfengisvímuna í fangaklefa. Þá þurfti lögregla í þrígang að hafa afskipti af fólki sem flaugst á.


BÍLL DAGSINS
OPEL CORSA COMFORT
Nýskr. 06.02 - Beinskiptur - Ekinn 86 þús. km. - Allt að 100% lán.





Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Eitt þekktasta einbýlishús landsins auglýst til sölu og margir sýna áhuga:

# Þjóðþekktir vilja kaupa Kjarvalshúsið

**FASTEIGNIR** „Það hafa fjölmargir sýnt áhuga á að kaupa húsið, jafnvel áður en það fór á sölu,“ segir Ingunn Benediktsdóttir glerlistamaður sem býr í svonefndu Kjarvalshúsi á Sæbraut á Seltjarnarnesi, en það var auglýst til sölu í Morgunblaðinu í gær. Húsið er þekktast fyrir það að hafa verið byggt yfir listmálarann Jóhannes S. Kjarval af íslensku þjóðinni. Kjarval bjó þó aldrei í því.

Að sögn Ingunnar eru aðallega þjóðþekktir einstaklingar sem sýnt hafa áhuga á kaupunum. „Eins og gefur að skilja eru það kannski aðallega þjóðþekktir einstaklingar sem gætu keypt svona hús,“ segir hún. Ekki hefur verið gengið frá sölu og hún vill ekki gefa upp hverjir hafa sýnt áhuga á kaupum.

Húsið var teiknað af Þorvaldi S. Þorvaldssyni arkitekt og er rúmir 450 fermetrar að stærð, auk tveggja hæða bílskúrs. Í því er meðal annars 110 fermetra salur með fimm metra lofthæð. Fram undan húsinu er hlaðin bryggja úr grjóti sem útgerðarfélagið Kveldúlfur lét byggja í upphafi tuttugustu aldar, en húsið reis á sjöunda áratugnum.



**KJARVALSHÚSIÐ** Húsið er rúmlega 450 fermetrar og í því er meðal annars 110 fermetra salur með fimm metra lofthæð. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK

Kjarval bjó aldrei í húsinu og framan af var það notað undir þjónustu við fötluð börn á vegum ríkisins. Það komst í einkaeign þegar það var selt árið 1991. - sh

Samfylkingin

# Það eru ákveðnir listar sem þú skalt alls ekki kjósa 12. maí

**Biðlistar ríkisstjórnarinnar eru svo margir að við ákváðum að setja þá alvarlegustu saman í einn lista. Listinn gæti þó verið mun lengri. Þessi biðlisti bíður okkar jafnaðarmanna, og með þínum stuðningi getum við hafið endurreisn velferðarkerfisins.**

xS



## Biðlistar ríkisstjórnarinnar

**Biðlisti barna með geðraskanir**
170 börn bíða eftir fyrstu komu á göngudeild BUGL. Biðtíminn er allt að eitt og hálft ár og bíða 20-30 mikið veik börn eftir innlögn.

**Biðlistar aldraðra**
400 bíða í heimahúsum í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými og 900 eru í þvingaðri samvist með ókunnugum. 62 aldraðir sem lokið hafa meðferð bíða inni á Landspítalanum eftir því að komast í varanleg hjúkrunarrými.

**Biðlistar hjartasjúklinga**
243 hjartasjúklingar eru á biðlista eftir hjartaþræðingu á LSH, þar af 54 sem hafa beðið lengur en 3 mánuði. 53 bíða eftir opnum hjartaaðgerðum, 170 bíða eftir öðrum hjartaaðgerðum og -rannsóknum.

**Biðlisti barna með þroskafrávik**
276 börn með margvísleg þroskafrávik bíða eftir greiningu. Biðtíminn er allt að 3 ár. Greining er skilyrði fyrir því að þessi börn fái stuðning í skólum sem og aðra þjónustu.

**Biðlisti geðfatlaðra eftir búsetuúrræðum**
50 geðfatlaðir á Landspítalanum bíða eftir varanlegri búsetu. Sumir hafa beðið í allt að 15 ár. Auk þess vantar búsetuúrræði fyrir 170 geðfatlaða til viðbótar. Að mati Geðhjálpar eru 60-70 geðfatlaðir á götunni!

**Biðlistar eftir liðskiptaaðgerðum**
256 sjúklingar bíða eftir liðskiptaaðgerðum á LSH og þar af hafa 138 beðið í meira en 3 mánuði.

**Biðlistar eftir sjúkrahúsmeðferð aldraðra**
242 aldraðir bíða eftir að komast í margs konar meðferð á öldrunarsviði LSH.

**Biðlistar þroskaheftra**
142 þroskaheftir bíða eftir því að komast í skammtímavistun.

**Biðlistar öryrkja**
200 manns eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá Öryrkjabandalaginu.

**Biðlistar fatlaðra**
100 eru á biðlistum Svæðisskrifstofa eftir búsetuúrræðum og margir hafa beðið árum saman. Árlega bætast um 15 manns á þann lista.

**Biðlistar eftir félagslegu leiguhúsnæði**
Á stór-Reykjavíkursvæðinu eru 1525 manns á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði, þar af um 650 námsmenn.

**Kjósum biðlistana burt**
**Kjósum Samfylkinguna**

## GENGIÐ 27.04.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,2 | 64,5 |
| Sterlingspund | 128,25 | 128,87 |
| Evra | 87,49 | 87,97 |
| Dönsk króna | 11,742 | 11,810 |
| Norsk króna | 10,756 | 10,820 |
| Sænsk króna | 9,568 | 9,624 |
| Japanskt jen | 0,5372 | 0,5404 |
| SDR | 97,87 | 98,45 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,4943

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samkomulag um uppbygginu alþjóðlegs framhaldsnáms í orkuvísindum:

# Ætla að nýta sérstöðu Íslands

**MENNTAMÁL** Fulltrúar Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Orkuveitu Reykjavíkur skrifuðu í gær undir samkomulag um að standa sameiginlega að uppbyggingu alþjóðlegs framhaldsnáms í orkuvísindum. Þær Kristín Ingólfsdóttir og Svava Grönfeldt, rektorar háskólanna tveggja, skrifuðu undir samkomulagið ásamt Guðlaugi Þór Þórðarssyni, stjórnarformanni Orkuveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt samkomulaginu verður aðaláhersla í náminu lögð á svið þar sem Íslendingar hafa samkeppnisforskot. Þar er helst horft til þess að mikil sérþekking í nýtingu jarðhita hér á landi skapi náminu sérstöðu á alþjóðavettvangi og veiti auk þess greiða leið að vettvangsnámi.



**SAMKOMULAGIÐ HANDSALAÐ** Kristín Ingólfsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson og Svava Grönfeldt handsala samkomulag um að standa að sameiginlegri uppbyggingu alþjóðlegs framhaldsnáms í orkuvísindum.

Sérstakur alþjóðlegur skóli, kenndur við Orkuveitu Reykjavíkur, verður settur á laggirnar og munu samstarfsaðilarnir þrír hver leggja sitt af mörkum við mótun námsins. Orkuveitan verður bakhjarl þess en háskólarnir munu skipta með sér verkum í skipulagningu auk þess sem þeir leggja til kennara og aðstöðu.

Stefnt er að því að rannsóknartengt meistara- og doktorsnám hefjist haustið 2008. Auk þess verður boðið upp á styttri námsleiðir og sí- og endurmenntun af ýmsum toga. **- þsj**

Mikil leit gerð að manni:

# Skaðaði sjálfan sig með hnífi

**LÖGREGLUMÁL Helmingur allra lögreglumanna á vakt á höfuðborgarsvæðinu leitaði í tvær klukkustundir í fyrrinótt manns sem rokið hafði út af heimili sínu í Kópavogi í kjölfar rifrildis.**

**Maðurinn, sem er veikur á geði, var í miklu andlegu ójafnvægi og var óttast að hann ynni sjálfum sér mein.**

**Leitað var í nærliggjandi hverfum þar sem maðurinn var fótgangandi og fannst hann loks í heimahúsi í Garðabæ, og hafði þá skaðað sjálfan sig með hnífi. Hann var ekki alvarlega meiddur en var fluttur á slysadeild til aðhlynningar. - sh**

Hverfisráð Hlíða:

# Vilja niðurstöðu um spilasali

**MIÐBORGIN** Hverfisráð Hlíða í Reykjavík vill fá niðurstöður nefndar um málefni spilasala í borginni. Borgarráð samþykkti að skipa nefndina 11. janúar síðastliðinn. Hverfisráðið segist hafa miklar áhyggjur vegna fyrirhugaðrar stækkunar spilasalar Háspennu á horni Laugavegs og Rauðarárstígs. Í erindi til borgarráðs er lýst áhyggjum af því að spilasalurinn kunni að fæla fólk frá því að nýta sér þjónustu miðborgarinnar. **- gar**



**ENGEY, SKIP HB GRANDA** Heldur til veiða við Afríkustrendur eftir breytingar í Þýskum slipp.

Engey RE-1 í eigu Samherja:

# Fer til veiða við strendur Afríku

**SJÁVARÚTVEGUR Engey RE-1, sem Samherji keypti af HB Granda í mars, fer innan tíðar til veiða við strendur Afríku á vegum erlends dótturfélags Samherja. Veiðarnar eru liður í að styrkja erlenda starfsemi Samherja.**

**Magnús Guðmundsson hefur verið ráðinn skipstjóri á skipinu frá og með miðjum maí, en hann hefur reynslu af veiðum við strendur Afríku. Gert er ráð fyrir að um áttatíu manns verði í áhöfn skipsins, þar af fimm til sjö Íslendingar. Skipið fer fljótlega í slipp til Þýskalands þar sem gerðar verða á því breytingar fyrir Afríkuförina. - sh**

# Kosið um velferðarmál

**Í öllum kjördæmum telja kjósendur velferðar- og menntamál skipta mestu máli þegar kemur að því að ákveða hvernig skal kjósa í vor. Samgöngumál skipta meira máli á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Kjósendur telja umhverfis-, fiskveiði- og Evrópumál skipta minnstu máli.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Enn telja flestir að velferðarmál skipti mestu máli þegar kemur að því að ákveða hvernig skal kjósa í vor, líkt og í könnun Fréttablaðsins sem gerð var 24. mars.

Spurt var um afstöðu fólks til þess hversu mikilvægir átta málaflokkar væru þegar kemur að því að greiða atkvæði í vor. Hægt var að gefa hverju málefni einkunn á skalanum 1-5, þar sem 1 var mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.

Á landsvísu, þegar svör úr öllum kjördæmum höfðu verið vigtuð, fengu velferðarmál hæstu einkunn. Næst mikilvægust töldust menntamál, þá efnahagsmál, skattamál, samgöngumál, umhverfismál, fiskveiðimál. Evrópumál töldust léttvægust.

Röðunin nú á landsvísu er sú sama og í könnunum blaðsins 24. mars, utan þess að valkostunum samgöngumál og menntamál var bætt við nú. Þá fá allir málaflokkar aðeins hærri einkunn nú í könnun blaðsins en fyrir mánuði síðan.

Ef litið er til kjördæmanna teljast velferðarmálin mikilvægust í öllum kjördæmum. Menntamálin voru næstmikilvægust í fjórum kjördæmum, það er öllum utan Suðvestur- og Norðvesturkjördæma. Efnahagsmálin lentu í öðru sæti í Suðvesturkjördæmi en samgöngumálin í Norðvestur.

Nokkur munur er á afstöðu til samgöngumála á milli kjördæma. Málaflokkurinn fær hærri einkunn en fjóra í landsbyggðarkjördæmunum þremur, en mikilvægust eru samgöngumálin fyrir kjósendur í Norðvesturkjördæmi sem gefa málaflokknum 4,28 í einkunn. Í kjördæmunum þremur á höfuðborgarsvæðinu fá samgöngumálin hins vegar minna en fjóra í einkunn. Minnsta vægið hafa samgöngumálin í Reykjavíkurkjördæmunum tveimur, þar sem kjósendur gefa málaflokknum einkunn um 3,7.

Samgöngumál hafa minna vægi í báðum Reykjavíkurkjördæmunum en umhverfismál. Í Suður- og Norðausturkjördæmi hafa umhverfismálin næstminnst vægi. Í öllum kjördæmum fá umhverfismálin minna en fjóra í einkunn.

Efnahags- og skattamál fá yfir fjóra í einkunn, en misjafnt er eftir kjördæmum hvar í röðinni þeir málaflokkar eru. Í öllum kjördæmum, nema í Reykjavíkurkjördæmi Suður, teljast efnahagsmálin þó mikilvægari en skattamál.

Næstminnst vægi á landsvísu hafa fiskveiðimál, sem mikið var rætt um fyrir síðustu kosningar, en minna hefur borið á umræðu um kvótakerfið nú. Mest vægi hafa fiskveiðimál í Norðaustur- og Suðurkjördæmi, en hafa þriðja minnsta vægið í hvoru kjördæmi fyrir sig. Í öðrum kjördæmum, þar á meðal í Norðvesturkjördæmi, hafa fiskveiðimál næstminnst vægi. Í öllum kjördæmum fær málaflokkurinn minna en fjóra í einkunn.

Evrópumálin hafa minnst vægi í öllum kjördæmum og er það eini málaflokkurinn sem fær minna en þrjá í einkunn. Evrópumál hafa lítið verið til umræðu í undanfara þessara kosninga.

Hringt var í 3.600 manns á kosningaaldri 23.-28. apríl. Spurt var: Hversu mikilvægir telur þú að eftirfarandi málaflokkar séu á skalanum 1-5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt, þegar kemur að því hvernig þú munt greiða atkvæði í þingkosningum í maí? Misjafnt var hvaða málaflokkur var fyrst talinn upp. 94,2 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar. **svanborg@frettabladid.is**

**Hversu mikilvægir telur þú að eftirfarandi málaflokkar séu þegar kemur að því hvernig þú munt greiða atkvæði í þingkosningunum í maí?**

**Á skalanum 1-5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt**

**LANDIÐ ALLT**

| Málaflokkur | Einkunn |
|---|---|
| Velferðarmál | 4,386 |
| Menntamál | 4,264 |
| Efnahagsmál | 4,194 |
| Skattamál | 4,103 |
| Samgöngumál | 3,906 |
| Umhverfismál | 3,747 |
| Fiskveiðimál | 3,494 |
| Evrópumál | 2,897 |

| NORÐVESTURKJÖRDÆMI | | SUÐVESTURKJÖRDÆMI | |
|---|---|---|---|
| Velferðarmál | 4,368 | Velferðarmál | 4,423 |
| Samgöngumál | 4,280 | Efnahagsmál | 4,327 |
| Menntamál | 4,239 | Menntamál | 4,298 |
| Efnahagsmál | 4,127 | Skattamál | 4,255 |
| Skattamál | 4,052 | Samgöngumál | 3,836 |
| Umhverfismál | 3,801 | Umhverfismál | 3,761 |
| Fiskveiðimál | 3,655 | Fiskveiðimál | 3,432 |
| Evrópumál | 2,747 | Evrópumál | 2,929 |
| **NORÐAUSTURKJÖRDÆMI** | | **REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI SUÐUR** | |
| Velferðarmál | 4,384 | Velferðarmál | 4,408 |
| Menntamál | 4,369 | Menntamál | 4,275 |
| Samgöngumál | 4,265 | Skattamál | 4,190 |
| Efnahagsmál | 4,170 | Efnahagsmál | 4,180 |
| Skattamál | 4,078 | Umhverfismál | 3,826 |
| Fiskveiðimál | 3,779 | Samgöngumál | 3,654 |
| Umhverfismál | 3,766 | Fiskveiðimál | 3,430 |
| Evrópumál | 2,800 | Evrópumál | 2,946 |
| **SUÐURKJÖRDÆMI** | | **REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI NORÐUR** | |
| Velferðarmál | 4,447 | Velferðarmál | 4,289 |
| Menntamál | 4,229 | Menntamál | 4,181 |
| Efnahagsmál | 4,202 | Efnahagsmál | 4,086 |
| Samgöngumál | 4,125 | Skattamál | 3,900 |
| Skattamál | 4,063 | Umhverfismál | 3,703 |
| Fiskveiðimál | 3,686 | Samgöngumál | 3,681 |
| Umhverfismál | 3,620 | Fiskveiðimál | 3,243 |
| Evrópumál | 2,946 | Evrópumál | 2,908 |

Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 23.-28. apríl.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÁSBYRGI VANN** Það var magnað að fylgjast með hvernig hitaþróun gærdagsins var lyginni líkust. Hitinn var að sigla yfir 20 gráður mjög víða á norðanverðu landinu og verður svo eitthvað áfram. En niðurstaðan í gær var þessi:
Ásbyrgi: 23°C
Möðruvellir : 22,2°C
Staðarhóll: 21,9°C
Akureyri: 21,8°C
Í Reykjavík náði hitinn hins vegar 14°C sem á stundum hefði þótt býsna gott í apríl.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Suðaustan 5-8. Skýjað með köflum og úrkomulítið. Hiti 11-14°C




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C alskýjað | London | 18°C skúrir | Alicante | 24°C hálfskýjað |
| Billund | 17°C léttskýjað | París | 23°C hálfskýjað | Mallorca | 21°C léttskýjað |
| Osló | 15°C léttskýjað | Frankfurt | 20°C heiðskírt | Basel | 23°C skúrir |
| Stokkhólmur | 7°C hálfskýað | Friedrichshafen | 18°C skúrir | Eindhoven | 23°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 13°C léttskýjað | Berlín | 17°C heiðskírt | Las Palmas | 21°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# Kostar ekkert, þannig séð

**26.855 kr.* á mánuði:**
**Innifalið: Afborgun af láni - Tryggingar - Bifreiðagjald 1. tímabils - Engin útborgun.**

Það hefur aldrei verið þægilegra að eignast Aygo. Núna þarftu ekki að hafa áhyggjur af neinu nema að keyra bílinn – við sjáum um restina.

**Aygo. Engar áhyggjur.**

**Ofkeyrðu þig.**

**www.aygo.is**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

*Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði. Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

**KJÖRKASSINN**



*Heldur þú að Íslandshreyfingin nái inn þingmanni?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 25% |
| NEI | 75% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að afnema stimpilgjöld?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Landsbankinn opnar viðskiptaskrifstofu í Winnipeg í Manitoba:

# Byggir upp framrás í vesturátt

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn opnaði viðskiptaskrifstofu í Winnipeg í Manitoba á föstudag að viðstöddum forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni. Landsbankinn mun í fyrstu kynna einkabankaþjónustu þar sem bankinn ávaxtar eignir viðskiptavina. Fyrir rekur bankinn skrifstofu í Halifax í Nova Scotia á austurströnd Kanada sem annast fyrirtækjaráðgjöf og hefur milligöngu um lánveitingar til fyrirtækja. Stefnt er að því að opna útibú Landsbankans í Winnipeg innan skamms.

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, segir það hafa staðið til lengi að færa út kvíarnar til vesturs. „Hér ætlum við að byggja okkur upp til áframhaldandi framrásar í Kanada og vestanhafs. Winnipeg er borg mikilla athafna og mikilvægari en margir heima halda. Að stærðinni til hentar hún vel, móttökurnar hafa verið góðar og það hentar okkur vel að byrja hér.“

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, segir að með opnun viðskiptaskrifstofunnar í Winnipeg höfði bankinn líka til viðskiptavina sem standi Íslendingum nærri, en um 80 þúsund manns í borginni og nágrenni hennar eru af íslensku bergi brotnir. „Það má segja að við séum að bjóða Íslendingum í Vesturheimi að njóta góðs af reynslu okkar og þekkingu í alþjóðlegri fjármálastarfsemi og um leið þátttöku í uppgangi íslenskra fyrirtækja og íslensks efnahagslífs.“ -bs



**KLIPPT Á BORÐANN** Björgólfur Guðmundsson og Ólafur Ragnar Grímsson opnuðu skrifstofuna með viðhöfn á föstudag. Í bakgrunn má sjá Halldór J. Kristjánsson og Atla Ásmundsson, ræðismann Íslands í Winnipeg.


**Stangaveiði**



Stangveiði á vatnasvæði Elliðavatns hefst **1. maí.**
**Veiðileyfi eru seld á Kríunesi og Elliðavatni.**
Á sömu stöðum geta félagar úr Sjálfsbjörg, unglingar (innan 16 ára aldurs) og ellilífeyrisþegar í Reykjavík og Kópavogi fengið afhent veiðileyfi án greiðslu.

**Veiðifélag Elliðavatns**


# Húsaleiga hefur tvöfaldast frá árinu 2000

**Leiga á íbúðarhúsnæði hefur hækkað um rúm 96 prósent frá aldamótum. Á sama tíma hafa húsaleigubætur lækkað að raunvirði. Orðið vandamál fyrir ungt fólk að standa undir kostnaðinum segir formaður Neytendasamtakanna.**

**EFNAHAGSMÁL** Húsaleiga hefur hækkað um 96,4 prósent frá árinu 2000 samkvæmt vísitölu greiddrar húsaleigu sem Hagstofa Íslands heldur utan um. Þar af hefur hún hækkað um rúman þriðjung á þessu kjörtímabili, eða um 34,4 prósent.

Á sama tíma hafa húsaleigubætur lækkað að raunvirði. Meðalmánaðargreiðsla allra þeirra sem þáðu húsaleigubætur á höfuðborgarsvæðinu um aldamót var 11.441 króna á verðgildi ársins 2006. Sú tala hafði lækkað niður í 10.470 krónur í fyrra. Tölur um húsaleigubætur í ár liggja ekki fyrir.

Húsaleigubætur skerðast um eitt prósent af sameiginlegum árstekjum allra þeirra sem eiga lögheimili eða hafa skráð fast aðsetur í viðkomandi leiguhúsnæði óháð fjölskyldustærð. Þar eru tekjur barna sem eru 20 ára og eldri einnig meðtaldar. Þetta þýðir að öll heimili í leiguhúsnæði sem þéna samanlagt meira en tæplega 167 þúsund krónur á mánuði verða fyrir skerðingu húsaleigubóta vegna of hárra tekna.

Þiggjendum húsaleigubóta sem búa á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað mikið undanfarin ár. Þeir voru 2.874 árið 2000 en 6.005 í fyrra, eða rúmlega helmingi fleiri.

Á tímabilinu 2003 til 2007 hefur íbúðarverð einnig hækkað mikið, eða um 86 prósent. Það þýðir að íbúð sem kostaði 10 milljónir í febrúar 2003 kostar í dag 18,6 milljónir króna. Fermetraverð tveggja til fimm herbergja íbúðar á höfuðborgarsvæðinu er til dæmis 221.463 krónur samkvæmt tölum frá Fasteignamati ríkisins.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir stöðu fólks, þeirra sem hafa tiltölulega lágar tekjur, í húsnæðismálum vera orðna afar erfiða. „Það er orðið gríðarlegt vandamál fyrir það að rísa undir kostnaði við húsnæði, þar með talið leiguhúsnæði. Þessar verðhækkanir á húsnæðismarkaði, sem hafa aftur leitt til mikilla hækkana á leiguhúsnæði, gerir þetta mjög erfitt fyrir fólk með lægri tekjur.“

Hann telur fulla ástæðu fyrir stjórnvöld að skoða hvort eitthvað sé hægt að gera til að hafa áhrif á þennan markað. „Húsaleiga fylgir náttúrulega hækkunum á fasteignaverði og því teldi ég ekki óeðlilegt að húsaleigubæturnar hækkuðu í samræmi við það.“ thordur@frettabladid.is

**ÞRÓUN HÚSALEIGU 2000 TIL 2007**

| | Vísitala húsaleigu | prósentuhækkun milli ára | prósentuhækkun frá 2000 | Meðalmánaðargreiðsla húsaleigubóta* | Meðalmánaðargreiðsla á verðgildi ársins 2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 120,2 | - | - | 8.741 | 11.441 |
| 2001 | 143,3 | 19,2% | 19,2% | 9.146 | 11.222 |
| 2002 | 152,3 | 6,3% | 26,7% | 9.211 | 10.767 |
| 2003 | 174,4 | 14,5% | 45,1% | 9.448 | 10.495 |
| 2004 | 186,8 | 7,1% | 55,4% | 9.927 | 10.598 |
| 2005 | 197,9 | 5,9% | 64,6% | 10.292 | 10.988 |
| 2006 | 212,0 | 7,1% | 76,4% | 10.470 | 10.470 |
| 2007** | 236,1 | 11,4% | 96,4% | - | - |

Miðað er við greidda húsaleigu í marsmánuði hvers árs. Tölur frá Hagstofu Íslands.
*Miðað er við verðlag hvers árs og alla þá sem þiggja húsaleigubætur (Almennur leigumarkaður, stúdentagarðar, Félagsbústaðir, sambýli fatlaðra o.s.frv.)
**Tölur um húsaleigubætur fyrir árið 2007 liggja ekki fyrir.



**HÚSALEIGA** Hefur hækkað um rúm 96 prósent frá árinu 2000. Á þessu kjörtímabili hefur hún hækkað um 34,4 prósent á meðan íbúðaverð hefur nánast tvöfaldast.






Jóhanna Sigurðardóttir þingmaður Samfylkingarinnar um þróun húsaleigu:

## Þetta er alveg skelfilegt ástand

„Þetta er náttúrulega alveg skelfilegt ástand sem er á leigumarkaðnum. Bara í Reykjavík eru 1.700 manns á biðlista eftir leiguhúsnæði,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar. „Þessar leigufjárhæðir eru alveg hrikalegar. Samkvæmt mínum upplýsingum eru þriggja herbergja íbúðir á 90 til 120 þúsund krónur og tveggja herbergja íbúðir á 70 til 90 þúsund krónur á mánuði. Það er hátt í öll launin hjá fólkinu með lægstu tekjurnar. Mér finnst það forgangsatriði að taka á þessu.“

Jóhanna segir ástandið engu skárra varðandi eignaríbúðir. „Fyrir fimm árum gastu fengið þriggja herbergja íbúð á 10 milljónir og þurftir að eiga eina milljón í útborgun. Í dag kostar sama íbúð 20 milljónir og útborgunin er fjórar milljónir. Þannig að þetta er auðvitað skelfileg staða hjá ungu fólki sem er að kaupa í fyrsta skipti. Ástandið er einfaldlega ekki boðlegt, hvorki á leigumarkaði né almenna markaðinum.“

Hún telur hið opinbera geta gert sitt til að laga þetta ástand. „Það er til dæmis hægt að gera félagasamtökum sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni kleift að fjármagna sig með byggingu leiguíbúða og efla þannig markaðinn með auknu framboði og lægra verði. Það held ég að sé ein leið.“ - þsj



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**


VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

BÆTUM KJÖRIN
BURT MEÐ FÁTÆKT

kynntu þér málið á
www.vg.is



LÉTT BYLGJAN 967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

▶ Greiðsluyfirlit Tryggingastofnunar

# Taktu eftir '07 græna umslaginu!

## Þinn lífeyrir – þitt yfirlit ▶

**Græna umslagið** sem Tryggingastofnun sendir lífeyrisþegum inniheldur yfirlit yfir mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur á árinu 2007 og þær forsendur sem liggja til grundvallar útreikningi á þeim.

## Aukin rafræn þjónusta – meira val ▶

Greiðsluyfirlit og greiðsluseðlar fyrir lífeyrisgreiðslur hvers mánaðar verða aðgengileg á www.skattur.is í staðinn fyrir að berast mánaðarlega í pósti. Til að ná í þessi gögn er notaður sami veflykill og við framtalsgerð.

## Þjónustuleiðir ▶

Starfsfólk þjónustustaða Tryggingastofnunar er reiðubúið að veita aðstoð og svara spurningum um hið breytta fyrirkomulag. Hægt er að hafa samband við þjónustumiðstöðina á Laugavegi 114 í síma 560 4460 eða umboðsmenn um allt land. Einnig má benda á grænt númer 8006044, netsamtal á www.tr.is eða netfang tr@tr.is.

**Allar frekari upplýsingar eru á www.tr.is**

TRYGGINGASTOFNUN

Tryggingastofnun ríkisins – Laugavegi 114 – 105 Reykjavík – www.tr.is

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hverjir voru valdir bestu leikmenn í karla- og kvennaflokki á lokahófi Körfuknattleikssambands Íslands á laugardag?

2 Hversu margir kettir eru skráðir á Akranesi?

3 Hvað heitir höfuðborg Eistlands, þar sem óeirðir loguðu í lok síðustu viku?

SVÖR Á SÍÐU 38

Samfylkingin kynnir tillögur sínar um biðlistavanda barna og aldraðra:

# Spurning um pólitískan vilja

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin kynnti í gær tillögur sína um biðlistavanda í þjónustu við börn og aldraða. Fundurinn var haldinn fyrir utan aðalinngang Landspítala - háskólasjúkrahúss til að sýna með táknrænum hætti að færri komist í skjól spítalans en vilja.

Forysta flokksins kynnti tillögurnar og sagði að biðlistarnir væru ekkert annað en birtingarmynd yfir vanrækslu og skort á samfélagslegri ábyrgð hjá núverandi ríkisstjórn. Henni hefði láðst að nýta góðæri undanfarinna ára til að jafna aðstæður allra hópa samfélagsins.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir að leiðrétting í þessum málum sé vel gerleg. „Þetta er bara spurning um pólitískan vilja, tíma og fjármagn. Það sem við horfum fyrst og fremst til í þessum málum eru biðlistar sem lúta að brýnni þjónustu við aldraða og börn með geðrasakanir og þroskafrávik. Við teljum það algerlega óviðunandi að fólk sem þarf strax á úrræðum að halda sé á biðlistum.“

Ingibjörg telur að hægt sé að eyða biðlistunum á skömmum tíma. „Það þarf bara að ganga í það verk, setja í það fjármuni og semja við stofnanirnar sem hafa með þetta að gera sem og sérfræðinga sem eru starfandi utan þeirra. Það er hægt að eyða þessum listum á nokkrum mánuðum.“ **- þsj**



**TÁKNRÆNN FUNDUR** Forysta Samfylkingarinnar kynnti tillögur sínar um biðlistavanda með táknrænum hætti í gær með því að halda fundinn utan dyra og vekja þannig athygli á að færri komist að í velferðarkerfinu en vilja.

Stórtækur bílaþjófur gripinn:

# Stal bílum til að hitta kærustuna

**LOS ANGELES, AP** Í hvert skipti sem Antonio Moregno, 31 árs gamall íbúi í Los Angeles, langaði að hitta kærustuna sína, stökk hann upp í bíl og ók rakleiðis til hennar. Þó var einn hængur á: allir bílarnir 26 sem hann stökk upp í voru annarra manna bílar.

Moreno var handtekinn á miðvikudag, þá undir stýri á Toyota-bíl frá árinu 1987. Frá því í janúar hefur hann stolið 26 bílum, „öllum til að halda sambandinu gangandi“, sagði talsmaður lögreglu. Hann á ekki bíl og hefur ekki ökuréttindi. Kærastan hans sagði lögreglu að hún hefði lengi reynt að hætta með honum. **- sh**

Grunaðar í haldi í Rómarborg:

# Stungin til bana með regnhlíf

**RÓM, AP Tvær konur voru handteknar á Ítalíu í gær, grunaðar um að hafa stungið unga konu til bana með regnhlíf.**

**Ítalskar sjónvarpsstöðvar sýndu í gær myndskeið úr eftirlitsmyndavélum sem náðust af konunum eftir verknaðinn, auk þess sem dagblöð birtu af þeim myndir. Vanessa Russo, 22 ára, lést af sárum sínum eftir hafa verið stungin í augað á leið til vinnu á fimmtudag. Miðað við vitnisburð sjónarvotta og myndir eftirlitsmyndavélanna eru konurnar sterklega grunaðar um verknaðinn.** **-fb**

Óku tvo daga í röð til Ísafjarðar til að sækja bílnúmer:

# Fýluferðir til Frumherja

**VESTFIRÐIR** Bolvíkingurinn Halldór Sveinsson fór í hálfgerða fýluferð til Ísafjarðar á fimmtudag, þegar hann ætlaði að sækja húsbíl í geymslu og skráningarnúmer hans á skoðunarstöð Frumherja í bænum. Hann hafði fengið þær upplýsingar hjá skiptiborði Frumherja að opið væri á Ísafirði, en þegar hann kom á staðinn kom hann að lokuðum dyrum. Hins vegar var opið á Tálknafirði þá vikuna. Þar er opið sex sinnum á ári, eina viku í senn, og lokað á Ísafirði á meðan fyrir utan klukkustund í hádeginu. Þar sem engin fengust númerin varð Halldór að láta draga húsbílinn sinn til Bolungarvíkur.

Kona Halldórs fór daginn eftir til Ísafjarðar að sækja númeraplöturnar og hrundi þá grjót á bíl hennar úr Óshlíðinni. Hún meiddist ekki en bíllinn skemmdist nokkuð. Halldór hafði samband við Frumherja á fimmtudag til að spyrjast fyrir um hvers vegna væri lokað, og mun hafa fengið afsökunarbeiðni vegna vankunnáttu þess sem ræddi við hann fyrr um daginn. Halldór segist ekkert ætla að aðhafast vegna málsins. „Maður er bara aðallega fúll,“ segir hann. **- sh**

Háværr mótmæli gegn stjórnvöldum í Tyrklandi:

# Gul neitar að draga til baka framboðið

**ISTANBÚL, AP** Hundruð þúsunda manna höfðu uppi háværr mótmæli í miðborg Istanbúl í gær. Kröfðust mótmælendurnir afsagnar ríkisstjórnar Tyrklands sem þeir óttast að sé að leiða þjóðina í átt til íslamskra stjórnarhátta.

„Tyrkland er veraldlegt ríki og þannig á það að vera,“ hrópuðu mótmælendurnir, sem margir hverjir ferðuðust langar leiðir til að taka þátt. Margir sögðust líta á það sem föðurlandsskyldu að taka þátt í mótmælunum: „Þeir eru að reyna að blekkja landsmenn. Eftir fáein ár springur allt í loft upp,“ sagði Ilteris Mutlu, tvítugur námsmaður.

Mikil spenna hefur ríkt að undanförnu milli stjórnarinnar, sem nýtur stuðnings um þriðjungs landsmanna, og hers landsins sem hefur sakað stjórnvöld um að vera hliðholl islömskum öflum í samfélaginu. Stjórnarflokkurinn þykir hafa stutt við bakið á róttækum múslimum, meðal annars með því að styðja skóla sem byggir á Kóraninum og reyna að fá aflétt banni við því að konur noti höfuðklúta í skólum og opinberum skrifstofum.

Abdullah Gul utanríkisráðherra hefur boðið sig fram til forseta, en náði ekki sigri í fyrstu umferð forsetakosninganna á föstudaginn. Það er þing landsins sem kýs forseta, en í staðinn fyrir að kjósa Gul vísaði þingið málinu til stjórnarskrárdómstóls landsins.

Abdullah Gul segir ekki koma til greina að draga framboð sitt til baka. **- gb/fb**



**MÓTMÆLI** Háværr mótmæli voru höfð uppi í miðborg Istanbúl í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


Nýtt happdrættisár - enn glæsilegri vinningar!




6xLexus GS300
+ 6,3 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!

50 þúsund vinningar dregnir út á árinu!

40 aðalvinningar á 2 milljónir hver eða 4 milljónir á tvöfaldan miða

Tryggðu þér miða!

Sýndu þinn stuðning við baráttuna fyrir bættum aðbúnaði aldraðra - þörfin er brýn.
Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.

Hringdu núna í síma 561 7757 - Kauptu miða á www.das.is

HAPPDRÆTTI das
-vinningur í hverri viku

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 35362 04/07



TREYSTUM VELFERÐINA
1. maí 2007

1. maí í Reykjavík
Launafólk

Kröfuganga dagsins fer frá Hlemmi

Safnast verður saman við Hlemm og gengið niður Laugaveg
kl. 13.00
Gangan leggur af stað kl. 13.30

Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika fyrir göngu

Útifundurinn hefst á Ingólfstorgi kl. 14.10

Ávarp
Gretar Þorsteinsson forseti ASÍ
Tónlist
Hljómsveitin Baggalútur.
Ávarp
Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður Sjúkraliðafélags Íslands
Söngur
Félagar úr Gospelkór Reykjavíkur
Tónlist
Hljómsveitin Baggalútur
Ávarp
Hjördís Rós Egilsdóttir formaður Iðnnemasambands Íslands.
Fundarstjóri
Rannveig Siguðardóttir stjórnarmaður VR

Verkalýðsfélögin í Reykjavík
BSRB
Bandalag háskólamanna
Kennarasamband Íslands
Iðnnemasamband Íslands


Ímyndaðu þér nýja
óperu eftir Verdi.
BMW X5
Ímyndaðu þér nýtt meistaraverk
með fullkominn samhljóm.
Með bílinn handa þér
NÝR BMW X5. Fágæt upplifun,
sem höfðar til þín á marga vegu. Nútímaleg hönnunin er hrein veisla fyrir augað, á meðan þýður gangurinn lætur sem tónlist í eyrum, hvort heldur á í hlut lágvær söngur línusexunnar eða hljómfagrir tónar V8 vélarinnar.
Það gerir síðan ekkert til, þó að þú hafir misst af síðustu uppfærslunni á La Traviata, þar sem framúrskarandi hljómflutningskerfi BMW X5 gerir hann að óperuhúsi á hjólum.
Verð frá kr. 6.450.000
NÝR BMW X5
www.bmw.is
Sheer
Driving Pleasure
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is



**SKÆÐ FUGLAFLENSA** Egypski bóndinn Ahmed Sami heldur á nýfæddum hænuunga á bóndabýli sínu skammt frá borginni Jamasa. Alls hafa fjórtán manns látist af völdum fuglaflensu síðan hún uppgötvaðist fyrst í Egyptalandi í febrúar á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bensínbifreið valt:

# Brúarpartur hrundi niður

**BANDARÍKIN, AP** Ekki varð manntjón þegar hraðbrautarbrú í Oakland í Kaliforníu hrundi í gærmorgun eftir að bensínflutningabifreið valt undir brúnni. Eldur kviknaði í bensíninu og hitinn varð það mikill að hluti brúarinnar bráðnaði með þeim afleiðingum að nærri 230 metra langur hluti af brúnni hrundi.

Ökumaðurinn komst sjálfur út úr bílnum, þrátt fyrir nokkur meiðsli, og tók sér leigubíl á sjúkrahús. Ekki er vitað til þess að aðrir hafi slasast. Slysið varð snemma í gærmorgun þegar flestir íbúar Oakland voru enn í fastasvefni. - gb




**BRÚIN HRUNIN** Brúin sem hrundi var hluti af aðrein inn á brú yfir Okland Bay. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Karlkyns fatafella handtekin:

# Villst á fatafellu og lögregluþjóni

**SKOTLAND Karlkyns fatafella hefur verið kærð fyrir að þykjast vera lögreglumaður.**

**Stuart Kennedy, 24 ára erfðafræðinemi, sem gengur undir listamannsnafninu Eros, var klæddur í lögreglugervið á leið á nektardansstað þegar tveir raunverulegir kvenkyns lögreglumenn sáu hann og spurðu hvaða erindi hann ætti inn á staðinn. „Ég sagði þeim að ég væri fatafella en þær trúðu mér ekki,“ sagði Kennedy. Þær fóru þá á eftir honum inn, horfðu á sýninguna og handtóku hann fyrir að villa á sér heimildir. Ekki er víst hvort málið fer fyrir rétt. - sh**

Forseti Venesúela:

# Fídel Kastró kominn aftur

**VENESÚELA,AP Chavez, forseti Venesúela, segir vin sinn Fídel Kastró aftur tekinn við stjórnartaumunum á Kúbu. Kastró hefur ekki komið fram opinberlega síðan hann veiktist í fyrrasumar og afhenti Raul bróður sínum völdin.**



**FIDEL KASTRÓ**

**Jafnvel var talið að Kastró ætti ekki afturkvæmt í embætti en Chaves fullyrðir að hann sé á batavegi og hafi að mestu tekið völdin aftur í sínar hendur.**

**Forseti Bólivíu, segist viss um að Kastró fagni 1. maí með löndum sínum í Havana. - fb**

Hörð gagnrýni á Ehud Olmert í skýrslu þingnefndar um stríðið í Líbanon:

# Sakaður um vanþekkingu

**ÍSRAEL, AP** Vaxandi þrýstingur er á Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, um að segja af sér, nú þegar um ár er liðið frá því hann sigraði í þingkosningum.

Olmert og fleiri ráðherrar í ríkisstjórninni fá á sig harða gagnrýni í fyrsta hluta skýrslu um rannsókn á Líbanonstríðinu frá í sumar.

Bæði Olmert og Amir Peretz varnarmálaráðherra eru sakaðir um fákunnáttu í hermennsku, sem hafi valdið því að þeir hafi tekið rangar ákvarðanir í upphafi stríðsins, sem stóð í 34 daga.

Skýrslan er unnin af þingnefnd og verður birt í dag, en sumar niðurstöður hennar höfðu borist fjölmiðlum í gær.

Ísraelski herinn hóf árásir á Líbanon í júlí eftir að skæruliðar Hezbollah-hreyfingarinnar í Líbanon höfðu tekið tvo ísraelska hermenn á sitt vald. Hernum tókst hvorki að brjóta Hezbollah á bak aftur né að frelsa ísraelsku hermennina úr gíslingu, en þetta tvennt átti að verða meginmarkmið stríðsins.

Í skýrslunni er þess ekki krafist að þeir segi af sér, en hún mun engu að síður grafa enn frekar undan stöðu Olmerts, sem nýtur æ minni vinsælda í Ísrael. - gb



**EHUD OLMERT LAGAR Á SÉR SKYRTUKRAGANN** Gagnrýndur fyrir að þekkja lítið til hermennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rafiðnaðarsamband Íslands:

# Risavaxin verkefni framundan

**ATVINNUMÁL** Aldrei hefur verið meiri þörf á stefnufastri verkalýðsforystu en nú til að takast á við þau risavöxnu verkefni sem blasa við í komandi kjarasamningum.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í ályktunum 16. þings Rafiðnaðarsambands Íslands sem lauk á laugardag.

Þar segir einnig að helstu verkefni sambandsins á næstu misserum séu meðal annars að stuðla að öflugu og virku velferðarkerfi, góðri menntun fyrir alla og að ræða kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu. Þá sé mikilvægt að gæta hagsmuna félagsmanna Rafiðnaðarsambandsins og styrkja samkeppnisstöðu þeirra.

Guðmundur Gunnarsson var endurkjörinn formaður Rafiðnaðarsambandsins. - þsj

CAPACENT ÞJÁLFUN KYNNIR NÁMSKEIÐIÐ

VORIÐ KALLAR Á STERKA LIÐSHEILD

Hefur verið mikið að gera í vetur? Væri ráð að nota vorið til styrkja hópinn?
Capacent býður upp á kraftmiklar aðferðir til að efla liðsheildir sem hafa vilja og þor til að ná framúrskarandi árangri.

Við leiðum fyrirtækjahópa í gegnum skemmtileg og uppbyggileg verkefni sem bæta starfsandann og þjappa hópnum saman. Þrautirnar og verkefnin má auk þess nota til að varpa ljósi á mikilvæga þætti eins og samvinnu, lausn vandamála, frumkvæði, traust, ákvarðanatöku, samskipti og forystuhegðun.

Aðferðir Capacent byggja á lifandi þátttöku, leikgleði og því að læra af reynslunni.
Capacent sérsníður efnið að þörfum hverrar liðsheildar bæði varðandi lengd og viðfangsefni.

Nánari upplýsingar á www.capacent.is, namskeid@capacent.is eða hjá ráðgjafa í síma 540 1000.

Nýttu vorið til vaxtar

„Við hjá Icelandair höfum nýtt okkur fagkunnáttu Capacent við gerð liðsheildarnámskeiða fyrir stjórnendur og starfsmenn undanfarin fimm ár. Allur undirbúningur og framkvæmd var til fyrirmyndar og tryggði okkur betri liðsheild og ánægðara starfsfólk að okkar mati. Við getum hiklaust mælt með Capacent sem fyrsta flokks fagaðila á sviði liðsheildarnámskeiða.“

Una Eyþórsdóttir
Starfsmannastjóri Icelandair





capacent

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM

# VERKFRÆÐIDEILD

Verkfræðideild Háskóla Íslands hefur verið í fararbroddi tækniþróunar á Íslandi síðustu áratugi. Með því að mennta hæfa verk- og tölvunarfræðinga hefur deildin stuðlað að gjörbreyttum atvinnuháttum og átt drjúgan þátt í að gera Ísland að einni auðugustu þjóð veraldar. Fyrrverandi nemendur okkar eru í forystusveit íslensks atvinnulífs.

Verkfræðideild býður framsækið nám á traustum grunni í nánu samstarfi við atvinnulífið, tölvunarfræði og fjölda verkfræðigreina eins og rafmagns- og tölvuverkfræði, fjármálaverkfræði, véla- og iðnaðarverkfræði, reikniverkfræði, umhverfis- og byggingarverkfræði, hugbúnaðarverkfræði og lífverkfræði.



# Hérna gerist það

**Umsóknarfrestur fyrir grunnnám er til 5. júní**

**www.verk.hi.is**

Verkfræðideild vinnur ötullega að því að efla alþjóðlegar rannsóknir og kennslu við deildina. Við fylgjum sterkri hefð sem hér ríkir og byggist á nánu samstarfi við atvinnulífið sem og háskóla í grannlöndum okkar. Við leggjum okkar af mörkum til að lyfta Háskóla Íslands í hóp 100 bestu háskóla í heimi.

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 37369 05/07

Lokaverkefni Helga Þorgilssonar, meistaranema í rafmagns- og tölvuverkfræði, felst í hönnun sjálfvirkra stýringa fyrir kafbát, í samstarfi við Hafmynd, framleiðanda Gavia-djúpfarsins.

Til að ná árangri þarf metnað. Í tæpa öld hefur Háskóli Íslands gegnt lykilhlutverki í íslensku samfélagi og tekið þátt í að efla það og styrkja.
Metnaður Háskóla Íslands er metnaður íslensku þjóðarinnar. Stefna Háskóla Íslands er skýr: Til að þjóna sem best íslensku samfélagi hefur Háskóli Íslands sett sér það langtímamarkmið að vera á meðal 100 bestu háskóla í heimi. **Það er framtíðin.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is



**NEITAR AÐ VÍKJA** Sex hæða bygging stendur einangruð á miðju framkvæmdasvæði í hinu ört vaxandi viðskiptahverfi í borginni Shenzhen í Kína. Þrjóskur eigandi byggingarinnar neitar að flytja og krefst hærri bóta frá verktökunum. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrirtæki fara inn á lóðir til að endurnýja heimalagnir í hverfi 105:

# Heimilin greiði skemmdirnar

**FRAMKVÆMDIR** Í orðsendingu sem borin var í hús í hverfi 105 Reykjavík segir að bráðlega hefjist gröftur inni á lóðum vegna endurnýjunar heimalagna. Húsráðendur eru varaðir við því að skilja eftir opna neysluvatnskrana meðan lokað verður fyrir vatnið, því af því geti „hlotist veruleg vatnstjón sem alfarið eru á ábyrgð húseigenda“.

Einnig segir að þegar gangstétt borgarinnar verði mokað upp við lóð eigenda „getur veggur eða vegghleðsla húseigenda riðlast eða skemmst. Verkkostnaður af þessum völdum fellur á húseiganda.“

Orðsendingin er merkt framkvæmdasviði Reykjavíkur, Orkuveitunni, Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu ehf.

Gísli Valdimarsson er umsjónarmaður verksins. Hann segir orðsendinguna staðlaða og fólk hafi haft samband vegna hennar í gegnum árin. Hún komi frá ofangreindum verkkaupum og hann þekki ekki uppruna hennar. „Þarna erum við að láta vita af þessum framkvæmdum,“ segir hann. Gísli ítrekar að framkvæmdaaðilar fari eins vel með eigur íbúa og hægt sé.

Ekki náðist í þá talsmenn fyrirtækjanna sem tilgreindir eru á orðsendingunni. - kóþ



**GRAFIÐ Í MEÐALHOLTI** Í bréfi segir að húseigendur beri alla ábyrgð á ýmsum mögulegum skemmdum vegna verksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Óánægja með kort í Chile:

## Google gert að færa smáþorp

**CHILE** Ríkisstjórn Chile hefur farið þess á leit við forsvarsmenn Google að þeir geri lagfæringar á landafræðileitarvél sinni, Google Earth, vegna þess að chileskur bær er í Argentínu í kerfinu.

Villa O'Higgins er örlítið smáþorp, 1.600 kílómetra sunnan við Santiago, höfuðborg Chile. Syðsti hluti Suður-Ameríku tilheyrir bæði Argentínu og Chile, og eru landamærin dregin eftir flókinni línu yfir eyjur, firði og fjöll. Löndin tvö römbuðu á barmi styrjaldar í lok áttunda áratugarins vegna deilna um yfirráð yfir eyjum á svæðinu. Talsmenn Google segja vinnu við lagfæringar þegar hafna.






# Þanþol LSH er nánast komið á enda

**Raunkostnaður við rekstur LSH hefur verið óbreyttur í sjö ár en yfirvinnukostnaðurinn hefur vaxið ört. Sífellt minni hluti af þjóðarkökunni fer í rekstur spítalans. Mannekla er helsti vandinn en þenslan hefur verið spítalanum erfið.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Rekstrarkostnaður Landspítala - háskólasjúkrahúss, LSH, hefur nokkurn veginn staðið í stað í sjö ár ef miðað er við fast verðlag. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hefur hlutur LSH minnkað, einnig sem hlutfall af ríkisútgjöldum og útgjöldum til heilbrigðismála. Ef LSH fengi sama hlutfall af vergri landsframleiðslu nú og árið 2000 þá væri fjárveiting spítalans tæplega tveimur milljörðum hærri en hún er nú.

Anna Lilja Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga, segir að Íslendingum hafi fjölgað umtalsvert síðustu árin, sérstaklega í röðum aldraðra. Vitjunum í heimaþjónustu hefur fjölgað um tæp fjörutíu prósent og komum á dag- og göngudeildir hefur fjölgað um fjórðung á fimm árum. Afköst starfsmanna hafa aukist mikið en fjárframlögin eru svo til óbreytt.

„Þetta var mögulegt að stærstum hluta vegna samlegðaráhrifa af sameiningunni. Henni lauk fyrir rúmu ári þannig að nú höfum



**Á ÁRSFUNDI** Magnús Pétursson, forstjóri LSH, og Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, á ársfundi LSH. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



**FÁ AÐEINS FJÓRAR VIKUR** Leitað hefur verið til þeirra sem til hjúkrunarstarfa kunna um að vinna hjúkrunarstörf í sumar þótt þeir sinni öðrum störfum dags daglega yfir veturinn. Hjúkrunarfræðingar fá aðeins að taka sumarleyfi í fjórar vikur í sumar vegna manneklunnar á LSH. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

við ekki þá möguleika lengur. Þanþolið er eiginlega komið út á enda. Við náum ekki miklu lengra í aukinni þjónustu nema til komi auknar tekjur,“ segir Anna Lilja.

„Það er búið að auka hér álag á fólki mjög mikið og ég held að stjórnvöld þurfi að sýna það í skilningi að það verði ekki lengra gengið í því efni,“ segir Magnús Pétursson, forstjóri LSH.

„Það fer ekki fram hjá neinum að við getum mjög illa mannað nauðsynleg störf, til dæmis í sumar, vegna þess að fólk fæst ekki til starfa. Í dag kjósa margir að vinna ekki um helgar eða nætur þannig að það er að verða breyting hvað þetta varðar og við verðum að sýna því fullan skilning,“ segir hann. „Þetta er meira áhyggjuefni núna en nokkru sinni áður.“

Iðjuþjálfun á geðdeild LSH við Hringbraut mun leggja niður þjónustu við nýinnritaða sjúklinga móttökudeilda og göngudeildar frá 1. maí þar sem ekki hefur tekist að ráða nýja iðjuþjálfa til starfa fyrir þá sem hafa hætt. Nemar verða þó ráðnir í sumar.

Þá fá hjúkrunarfræðingar aðeins að taka sumarleyfi í fjórar vikur í sumar þótt þeir eigi sex vikna frí. Leitað hefur verið til allra sem til hjúkrunarstarfa kunna, hvort sem þeir eru í stjórnunarstörfum eða öðrum störfum innan LSH, um að vinna hjúkrunarstörf í sumar þó þeir geri það ekki dags daglega. ghs@frettabladid.is


120 1886 2006

Í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans endurvekjum við hið sögufræga Landsbankahlaup fyrir 10-13 ára krakka.

Hlaupið hefst á sama tíma um allt land, kl. 11.00.



LANDSBANKAHLAUPIÐ

Sameiginlegt hlaup fyrir höfuðborgarsvæðið er á Laugardalsvellinum í Reykjavík og við 21 útibú á landsbyggðinni.

Aðgerðir gegn hryðjuverkum:

## Saklausir létust

**AFGANISTAN,AP** Sex fórust í aðgerð afganska og bandaríska hersins í austurhluta Afganistan þegar uppræta átti starfsemi hryðjuverkamanna. Meðal sexmenninganna voru kona og unglingsstúlka.

Í kjölfarið brutust út mótmæli þar sem aðgerðum og veru Bandaríkjamanna í landinu var andæft.

Formælandi Bandaríkjahers segir grun hafa leikið á að fólkið væri að undirbúa sjálfsmorðssprengjuárásir. Sagði hann jafnframt sorglegt „að hryðjuverkamenn leggi líf annarra í hættu með því að fela sig innan um fjölskyldur þeirra“. -fb

Öryggisráðstefna í Írak:

## Íranar boða komu sína

**ÍRAN,AP** Íranar, með utanríkisráðherrann Manouchehr Mottaki í fararbroddi, ætla að sækja öryggisráðstefnu um Írak sem hefst í Sharm-el-Sheik í Egyptalandi í þessari viku.


MANOUCHEHR MOTTAKI

Íran var eina þjóðin af þeim sem höfðu verið boðin sem hafði ekki tilkynnt um þátttöku sína í öryggisráðstefnunni. Áður höfðu allir aðrir nágrannar Íraks boðað komu sína, ásamt Egyptalandi, Barein og meðlimum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Írösk stjórnvöld höfðu sett mikinn þrýsting á Írana að taka þátt í ráðstefnunni og sögðu þátttöku nágranna sinna afar mikilvæga. -fb

Hvalsnesfjara:

## Olían hefur verið hreinsuð

**MENGUN Könnun á olíumengun eftir björgun Wilson Muuga af strandstað í Hvalsnesfjöru sýnir að einungis fannst staðbundin olía á fjörugrjóti sunnan við Gerðarkotstjörn og mjög neðarlega undir þarabing á sextíu metra löngu og allt að tveggja metra breiðu svæði. Þetta er hátt í 120 fermetra svæði.**

**Í skýrslu sem send var Umhverfisstofnun kemur fram að ekki sé talin bráð mengunarhætta af olíunni en þó ríkuleg þörf á að hreinsa hana úr fjörunni. Ellý Katrín Guðmundsdóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, segir að búið sé að hreinsa upp olíuna. Þá hefur þari og þang sunnan við Gerðarkotstjörn verið fjarlægt.** - ghs







5. MAÍ
um allt land

SKRÁNING ER HAFIN

Skráning fer fram í öllum útibúum Landsbankans og á Klassi.is
Þátttakendur þurfa að staðfesta skráningu með því að sækja rásnúmer sín í útibú Landsbankans, líka þeir sem skrá sig á netinu.

Landsbankahlaupið er fyrir alla hressa krakka á aldrinum 10-13 ára, fædda 1994, 1995, 1996, 1997.

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum aldurshópi drengja og stúlkna

- Allir þátttakendur fá verðlaunapening
- Allir þátttakendur fá Klassa-vatnsbrúsa
- Grillveisla að loknu hlaupi

Taktu þátt!

Allar nánari upplýsingar um hlaupið á Klassi.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

Íslenska LBI 36862 04.2007 Myndskreytingar: Þórdís Claessen

## „ORÐRÉTT“

*Bjartsýnn*

**„Það er hálfur mánuður í kosningar þannig að ég held að við eigum eftir að bæta við okkur.“**

MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON FRJÁLSLYNDUM.
Fréttablaðið 29. apríl

*Raunsær*

**„En það eru náttúrulega kjósendur sem ráða. Við pöntum auðvitað ekki fylgi.“**

MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON FRJÁLSLYNDUM.
Fréttablaðið 29. apríl

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR SÖNGKONA:

## Á leið í snarborutónleikatúr

„Tja, nú er minni fjórðu önn af sex í tónsmíðanámi við Listaháskólann að ljúka,“ segir Ragnhildur Gísladóttir söngkona. Hún segir námið skemmtilega kveikju að frekari tónsköpun en lofar engu um árangurinn. „Mér finnst ég vera rétt að byrja í þessu, eins og í flestu, manni finnst maður alltaf vera rétt að byrja og svo er maður búinn.

Ég er líka að leggja lokahönd á tónlist við bíómyndina Veðramót eftir Guðnýju Halldórsdóttur þar sem valinkunnir leikarar fara með sín hlutverk af mikilli snilld. Myndin fjallar um ungt fólk sem tekur að sér að annast enn yngra fólk í einhvers konar barnafangelsi úti á landi.“

Tónlistin verður þó alls ekki hryllingsleg, segir Ragnhildur. „Þetta er svona hippamúsík, eða frá þeim tíma. Krakkarnir eru hippar og dáldið mikið í þeim anda, þetta er svona 1972 til 1974.“ Einnig er Ragnhildur að fara að gefa út plötu með hljómsveitinni Heimilistónum. „Platan verður með erlendum lögum og snöruðum textum,“ segir hún. „Þetta verður svona sumarplata. Við tökum til dæmis lagið Gulu ána, eða Yellow River. Platan heitir Herra, ég get tjúttað, en það er einmitt lag sem við tökum, betur þekkt sem Yes Sir, I can Boogie.“ Ragnhildur lofar mjög góðri plötu og segir að í júní verði farinn „snarborulegur túr“ í kringum landið.



„Já svo er Raxon Paxon-dúettinn auðvitað í fullu fjöri og fer að taka upp plötu í maí. Það ætti að taka annaðhvort þrjá mánuði eða eina viku. Þannig að það er nóg að gerast þegar ég hugsa um það!“ segir Ragga og skellir upp úr.

## HJÓNABAND
### LÍFINU EYTT SAMAN



■ Hjónaband finnst í nánast öllum samfélögum manna. Svo gömul er þessi hefð að lítið er vitað um upprunann. Íslenska alfræðin á netinu segir hjónaband sáttmála milli einstaklinga um samvistir og sameiginlega ábyrgð, þar sem einstaklingar ákveða að eyða lífinu saman. Í vestrænum löndum er yfirleitt um einkvæni að ræða, en í öðrum heimshlutum er nokkuð um fjölkvæni. Fjölveri, þar sem ein kona er í hjúskap með mörgum karlmönnum, er mun óalgengara.

## SJÓNARHÓLL
### VEIKINDIN Á KÁRAHNJÚKUM

## *Læknirinn stendur sig vel*



**DAGNÝ ÓSK ARADÓTTIR**
Formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Greint hefur verið frá því undanfarna daga hvernig starfsmenn Impregilo við Kárahnjúka hafa veikst eftir að hafa fengið mat og drykk í opnum ílátum. Í kjölfarið stöðvaði Vinnueftirlitið vinnu í göngunum til að rannsaka aðstæður.

Dagný Ósk Aradóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, segir þetta hræðilegar fréttir. „Mér finnst ekki aðalmálið hve margir veiktust, hvort sem það hafi verið 180, 60 eða 80, en þetta virðist vera dálítið farið að snúast um það núna. Þetta er greinilega bara alveg óviðunandi. Sagt er að menn séu með skaddað miðtaugakerfi sem hljómar ótrúlega alvarlega. Mér finnst líka framferði Impregilo í þessu máli leiðinlegt. En aftur á móti finnst mér læknirinn Þorsteinn Njálsson vera búinn að standa sig vel í að verja þessa veiku menn.“

# Þingmenn setjast í betri sætin

**Ný húsgögn voru tekin í notkun í Alþingishúsinu á dögunum. Íslensk hönnun er í fyrirrúmi og var lagt upp úr því að viðhalda upprunalegu útliti herbergja hússins. Kominn tími til, segir forseti Alþingis.**

„Ég held ég sé bara hætt við að hætta, þetta eru svo glæsileg húsgögn,“ sagði Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, þegar húsgögnin nýju voru kynnt í Alþingishúsinu fyrir helgina.

Um er að ræða fundarstóla, fundarborð, hægindastóla, sófa og sófaborð sem staðsett eru á fyrstu og annarri hæð hússins að þingsalnum undanskildum. Öll húsgögnin eru úr eik og stólarnir leðurklæddir.

Sólveig sagði endurnýjun húsgagnanna seinasta þáttinn í endurbótum á Alþingishúsinu sem staðið hafa yfir síðan sumarið 2003. Húsgögnin hafi verið orðin ærið ósamstæð og ekki í samræmi við virðuleika þessa gamla og merka húss.

Leitað var til þriggja húsgagnahönnuða um tillögur að nýjum húsgögnum, og var samið við Leó Jóhannsson, lektor við Háskólann í Linköping, um nánari útfærslu.

Mikil vinna var lögð í hönnun húsgagnanna og margt gert til þess að gefa þeim stílhreint yfirbragð, sagði Sólveig. Til að mynda er áklæði stólanna í mismunandi lit eftir herbergjum, og er þá miðað við lit hvers herbergis, sem voru máluð í sínum upprunalegu litum frá 1881.

Á sófaborðunum eru einnig myndskreyttar glerplötur sem tengjast Lögréttu og goðunum sem þar áttu sæti. Myndskreytingarnar sýna mismunandi ártöl og hvaða goðar sátu þá í Lögréttu. Nöfnunum er raðað í hring sem líkist hugmyndum um hvernig Lögrétta leit út.

Borðin í fundarherbergjum þingflokka voru líka endurnýjuð, og eru þau byggð upp í einingum. Þannig er hægt að gera breytingar ef fjölgar eða fækkar í þingflokki, til að mynda eftir kosningar.

Leó segir sálfræði vera mikinn þátt í hönnun húsgagna á borð við stólinn Reykjavík, sem er á skrifstofu forseta Alþingis, í þingflokksherbergjum og víðar um húsið.

„Þingmenn verða bæði fyrir og gera árásir, og vegna þess hvernig bak og armar stólsins eru hannaðir myndast ákveðinn skjöldur utan um þann sem í honum situr. Þetta snýst ekki bara um að hanna þægileg húsgögn, það er mikil sálfræði í þessu,“ segir hann.

Aðspurð segir Sólveig endurnýjun húsgagnanna hafa kostað um fjörutíu og fimm milljónir króna.

salvar@frettabladid.is



**HÚSGÖGNIN KYNNT** Sólveig Pétursdóttir sagði orðið löngu tímabært að endurnýja húsgögnin í Alþingishúsinu. Þau hafi verið ósamstæð og ekki í samræmi við virðuleika hússins.



**HÆGINDASTÓLAR** Stóllinn Reykjavík er hannaður með það í huga að hann veiti sömu þægindi og hægindastóll en bjóði einnig upp á athafnasamari setu.





...fyrir góðan dag!
Ferskt lambafille
Frosnar EUROSHOPPER kjúklingabringur
EUROSHOPPER kjúklingabringur
1298 KR.
kílóverð
Egils PILSNER
500 ml
49 KR.
EGILS PILLI
Ferskt lambafille
kílóverð nú:
1998 KR.
Tilboð dagsins!
FRAMHRYGGJARSNEIÐAR
Lambakjöt kryddað -Íslandslamb
ÍSLANDS LAMB
Lambaframhryggjarsneiðar
kílóverð nú:
1598 KR.
EKKERT BRUÐL
Svínakótelettur ALI grill
og úrbeinaðar hnakkasneiðar
KÍLÓVERÐ NÚ:
1171 KR.
Merkt verð 1673 KR.
30% afsláttur
við kassann
Ali grill svínakótelettur og úrb. svínahnakkasneiðar
XXL gæðapitsa með fylltum kanti
760g pitsa!
359 KR.
12" júfferta
FRESCHETTA
Einiberja lambahryggur
kílóverð nú:
1398 KR.
2 lítrar
89 KR.
Sprite/Sprite ZERO
KF SALAT
98 KR.
350g
Kartöflu Salat
www.bonus.is
Frídag verkamanna, (á morgun)
1. maí er lokað í Bónusverslununum
bonus.is

## Svona erum við

> Aldursskipting frambjóðenda í alþingiskosningunum 2003




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið** *fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: ÞJÓÐBÚNINGURINN

# Gömul hefð í nýjum búningi

**Hvaðan höfum við þekkingu okkar á þjóðbúningnum?**
Sigurður Guðmundsson málari er líklega sá maður sem á mestan heiður skilið fyrir varðveislu íslenska þjóðbúningsins. Sigurður sigldi til Kaupmannahafnar 1848 til að læra málaraiðn en skipti fljótlega yfir í listnám. Hann safnaði miklum fróðleik um þróun klæðnaðar og fatavenjur hér á landi sem og annars staðar og skráði hjá sér.

Sigurði þótti ekki sæmandi að íslenskar konur gengu í því sem kallað var danskur búningur. En hér á landi hafði hefðbundinn búningur kvenna og karla vikið að mestu fyrir erlendri tísku. Ákvað hann að skapa nýjan búning í anda þeirra tísku sem tíðkast hafði hér á landi. Árið 1858-1860 varð til það sem kallað er skaut- eða hátíðarbúningur. Fyrirmyndin er faldbúningur sem dregur nafn sitt af höfuðfati kvennanna. Sigurður hannaði einnig búninga fyrir karla en þeir höfðu fallið fyrir erlendri tísku mun fyrr en íslenskar konur.

**Hvað er peysufatadagur?**
Þjóðbúningur Íslendinga er peysuföt, upphlutur, kyrtill, skautbúningur, faldbúningur, búningur karla og barna. Í sumum skólum landsins er hefð að klæðast þjóðbúningi einn dag á ári og eru þessir dagar venjulega kallaðir peysufatadagar. Peysuföt vísa til fremur hversdagslegs klæðnaðar kvenna en áhugavert er sagan um uppruna orðsins peysa í málinu. Sagt er að franskir sjómenn hafi bent og kallað, þegar þeir sáu íslenska bændur: „paysan, paysan“, sem þýðir „bóndi, bóndi“. Íslendingar hafi misskilið orðið, haldið að verið væri að benda á prjónapeysurnar þeirra og farið að kalla flíkurnar peysur. Orðið er til í íslensku að minnsta kosti frá því á 16. öld í merkingunni „prjónuð bolflík við peysuföt“.



## SPURT & SVARAÐ
FORSETAR RÚSSLANDS

### *Þarf skilning á réttarríkinu*



GUÐMUNDUR ÓLAFSSON
Hagfræðingur

Boris Jeltsín, fyrrverandi forseti Rússlands, er látinn og Vladimír Pútín, arftaki hans, lætur af embætti innan árs. Guðmundur Ólafsson er sérfróður um Rússland.

**Hvernig forseti var Jeltsín?**
„Hann losaði þjóðina við flokksdindlana en honum urðu á mistök í efnahagsmálum. Flestir olígarkarnir eru runnir undan hans rifjum.“

**Hvernig hefur Pútín staðið sig?**
„Hann hefur verið farsæll og komið á festu og öryggi í stjórnunarháttum en lýðræðishefðir í Rússlandi eru lítt þróaðar sem hefur leitt til þess að mönnum þykir hann hafa verið full harður við andstæðinga sína.“

**Hvernig forseta þurfa Rússar?**
„Forseta sem hefur skilning á mikilvægi réttarríksins. Að einstaklingar verða að eiga séns gegn ríkisvaldinu. Það eru tveir sem virðast koma til greina sem stendur: Sergei Ivanov varnarmálaráðherra sem er KGB maður og ekki góður kostur og Dmitri Medvedjev sem er líklega skárri kostur. Hann er lögfræðingur og á að hafa meiri skilning á mikilvægi réttarríkisins.“


## Nýjung í ræstingum
– þú nærð hærra með UniFlex afþurrkunarsetti




UniFlex afþurrkunarsett og tvær aukamoppur.

Henrietta Holz Jensen
sölumaður í útibúi RV í Danmörku

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Tunglið RV6233


# Minnisvarði frelsis eða kúgunar?

**Í Eistlandi og víðar í austanverðri Evrópu vilja menn ólmir losa sig við gömul ummerki Sovétkúgunar. Rússar eru furðu lostnir og telja sig eiga betra skilið fyrir að hafa frelsað þessi lönd undan oki nasismans.**

Rússnesk stjórnvöld brugðust ókvæða við á föstudaginn þegar minnismerki um sovéska hermenn var tekið niður í Tallinn, höfuðborg Eistlands. Rússneskir íbúar Eistlands, sem eru um þriðjungur allra landsmanna, hafa sömuleiðis mótmælt harðlega þessari „svívirðu“, sem þeir segja brottflutning minnismerkisins vera.

„Eistneska stjórnin hefur hrækt á allt sem okkur er kært,“ höfðu fréttastofur eftir rússneska utanríkisráðherranum, Sergei Lavrov, sem var staddur á Natófundi í Ósló þegar minnismerkið var tekið niður. „Ég get ekki skilið það þegar fólk reynir að kenna einhverjum um sögulega viðburði eða reynir að líkja kommúnisma við nasisma.“

Þingmenn neðri deildar þingsins í Moskvu kröfðust þess, allir sem einn, að Eistlendingar yrðu beittir bæði efnahagslegum og stjórnmálalegum refsiaðgerðum. Á laugardaginn sagðist Vladimir Pútín Rússlandsforseti hafa miklar áhyggjur af þessu máli.

**Frelsishetjur eða hernámslið**
Rússar líta enn á hermennina sem börðust undir merkjum Sovétríkjanna gegn her þýskra nasista sem frelsishetjur. Þeir hafi sýnt fádæma hugrekki þegar þeir réðust gegn Þjóðverjum og frelsuðu Eystrasaltsríkin úr klóm nasista.

Íbúar Eistlands sjá þó aðra hluti í minnismerkinu um sovéska hermanninn. Þeir tengja minnismerkið fyrst og fremst við 45 ára áþján undir oki Sovétríkjanna.

**Ummerki gamalla tíma**
Svipaður ágreiningur er reyndar uppi á teningnum víða í austanverðri Evrópu. Ýmis minnismerki, fjölmörg götunöfn og margvíslegar aðrar minjar sem rekja má beint til Sovétríkjanna eru mörgum íbúum landanna þyrnir í augum.

Nú er svo komið að ríkin í Mið- og Austur-Evrópu eru flest hver komin í harla náið samstarf við Vestur-Evrópuríki, hafa mörg hver gengið bæði í Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið, og eru þar af leiðandi orðin óhræddari við að hreinsa burt hjá sér gömul ummerki um kommúnismann.

Í Póllandi vill stjórnarflokkurinn til dæmis breyta götunöfnum sem með einhverjum hætti tengjast kommúnistatímabilinu. Í Lettlandi er þingið með lög í smíðum sem gera það glæpsamlegt að afneita hernámi Sovétríkjanna, með sambærilegum hætti og Þjóðverjar og Austurríkismenn hafa bannað mönnum að afneita helförinni. Í Eistlandi vill þingið banna hið gamla merki kommúnismans, hamar og sigð, rétt eins og víða er bannað að nota hakakrossinn, tákn þýskra nasista.

**Deilur um Auschwitz**
Pólverjar hafa sýnt Eistum fullan stuðning í deilunum við Rússa nú síðustu daga. Ekki eru nema fáeinar vikur síðan Rússum lenti illa saman við Pólverja í svipuðum deilum út af opnun nýrrar sýningar í gömlu útrýmingarbúðunum í Auschwitz.

Hugmyndin að sýningunni var komin frá Rússum og þeir vildu fá að opna sýninguna. Þeim var neitað um það vegna ágreinings sem snerist um að Rússar vildu halda því til streitu að fórnarlömb nasista í Auschwitz hefðu að stórum hluta verið ríkisborgarar í Sovétríkjunum.

Pólverjar segja þetta tóma þvælu. Umrædd fórnarlömb, sem flest voru gyðingar, bjuggu á svæðum sem Sovétríkin höfðu hernumið á árunum 1939 til 1941, og það í fullri sátt við þýska nasista samkvæmt samningi Hitlers og Stalíns sem undirritaður var í Moskvu sumarið 1939.

**Óeirðir í Tallinn**
Gífurlegur órói er í Eistlandi vegna minnismerkisins í Tallinn. Óeirðirnar eru sagðar vera þær mestu í landinu frá því að Eistlendingar sögðu sig úr lögum við Sovétríkin og lýstu yfir sjálfstæði árið 1991.

Meira en þúsund manns hafa verið handteknir síðustu daga. Einn maður lést í átökum við lögreglu og margir hafa slasast.

Minnismerki sovéska hermannsins stóð þangað til á föstudaginn á torgi á áberandi stað í miðborg Tallinn. Rússneskir íbúar landsins höfðu gjarnan komið þar saman til að minna á réttindi sín sem fullgildra íbúa landsins.

**Mótmæli í Rússlandi**
Í Rússlandi hafa sömuleiðis verið haldnar fjölmennar mótmælasamkomur síðustu daga þar sem fyrrverandi hermenn, rússneskir þjóðernissinnar og fólk úr flestum þjóðfélagshópum hefur mótmælt „óhæfunni í Eistlandi“.

Eftir að minnismerkið var fjarlægt var það strax flutt á leyndan stað en í gær var síðan hafinn undirbúningur að því að koma því fyrir á nýjum stað, sem er miklu afskekktari. Nefnilega í hermannakirkjugarði í úthverfi borgarinnar.

Eistnesk stjórnvöld segja að minnismerkið verði komið á nýja staðinn á morgun, daginn áður en Rússar minnast þess að bandamenn unnu sigur á Þjóðverjum árið 1945.



**MINNISMERKIÐ FJARLÆGT** Hafist var handa við að fjarlægja minnismerki sovéska hermannsins í Tallinn á föstudag, en það verður komið upp á nýjum en afskekktari stað á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**ÓEIRÐIR Í TALLINN** Þúsundir manna hafa verið handteknar síðustu daga í verstu óeirðum Eistlands frá árinu 1991. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is


Eurovision
upphitun í
ZIK ZAK
20%
af öllum vörum
til 12. maí
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
ZIKZAK
TÍSKUHÚS

FORMAÐUR ÍSLANDSHREYFINGARINNAR

# Hagsmunir framtíðarinnar undir

**Ómar Ragnarsson** telur kosningarnar í ár þær mikilvægustu um árabil. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* segir hann framtíðina liggja í ferðaþjónustu og þekkingariðnaði og spáir að eftir fimm verði hlegið að stóriðju- og virkjanaáformum dagsins í dag.

KOSNINGAR 2007



ÓMAR RAGNARSSON „Gætum að því að með álverunum sem verið er að láta landsbyggðina hafa mun fjölga störfum sem ekki krefjast framhaldsmenntunar. Þess vegna mun gjáin á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins dýpka.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**Ást þín og umhyggja fyrir náttúrunni er landsþekkt en hvers vegna ertu í framboði?**
Framboðið er sprottið af illri nauðsyn. Það er ill nauðsyn þegar ráðamenn láta í orði kveðnu í veðri vaka að það eigi að varðveita það besta af íslenskri náttúru en á meðan er verið að undirbúa álver sem í fullri stærð munu taka alla orku Íslands og þar með valda óbætanlegum stórskaða á náttúru landsins sem er eitt af sjö undrum veraldar.

Náttúran er langmesta verðmætið sem okkur hefur verið falið að varðveita fyrir komandi kynslóðir og allt mannkyn og nú er kosið um hagsmuni komandi kynslóða sem er mjög sjaldgæft. Þess vegna varð þetta framboð til.

**Landið er stórt, verður ekki nóg eftir af fallegri náttúru þó að virkjað verði fyrir fjögur álver?**
Nei. Orkumestu svæðin eru líka fallegasta landið. Framtíðarsýn forsætisráðherra er að það komi til greina að reisa þrjú ný álver fyrir árið 2020 og talsmenn allra álfyrirtækjanna segja að álverin þurfi að vera 500 þúsund tonn. Sé það margfaldað með þeim sex álverum sem þá verða risin verður framleiðslan þrjár milljónir tonna á ári. Þau þurfa 5-6 þúsund megavött sem er öll virkjanleg orka Íslands og er Jökulsá á Fjöllum þar meðtalin.

**Hver er þín framtíðarsýn í þessum efnum?**
Hún er einföld. Að við förum að vilja 58 prósenta þeirra sem í nýlegri skoðanakönnun sögðust vilja staldra við í fimm ár. Notum þau fimm ár til að færa framkvæmdagleðina í aðrar og arðbærari framkvæmdir eins og samgöngur og þekkingariðnað. Ég spái því að ef við gerum þetta munum við eftir fimm ár hlæja að því að við skyldum láta okkur detta í hug að eyða þessari dýrmætu orku og selja hana fyrir slikk til álvera. Ég vil gera eins og Finnar sem reisa risaorkuver fyrir þekkingariðnað en ekki álver.

**Já þú vilt sem sagt virkja. Bara ekki fyrir álver. En ef menn einhverra hluta vegna telja brýna nauðsyn til að reisa eitt álver að þessum fimm árum liðnum, ertu þá til viðtals um það?**
Eftir fimm ár verður kannski skammt í að við sjáum árangur af djúpborunum sem gefa margfalt meiri orku af sama svæði og þá er hægt að meta stöðuna upp á nýtt. En ég vil bíða eftir niðurstöðunni, frekar en að halda áfram að vaða um allt og segja svo eftir á, æ, hvað þetta var leiðinlegt. Grædd er geymd orka þegar orkuverðið hækkar í heiminum. Mannauðurinn er meira virði heldur en megavöttin. Unaðsstundirnar gefa meira af sér heldur en kílóvattstundirnar.

**Þér verður tíðrætt um þekkingariðnað. Um hvaða greinar ertu að tala og hvernig viltu að hann verði efldur?**
Þegar ruðningsáhrifunum linnir losnar um þekkingariðnaðinn. Hann getur fallist í stórkostlegri útrás okkar til þess, sem dæmi, að virkja hundrað þúsund megavött af jarðvarma í Bandaríkjunum. Þar getum við orðið slíkir frumkvöðlar í heiminum að eftir verður tekið. Það yrði stórkostleg lyftistöng fyrir okkur og allan heiminn. Finnar ætla að reisa orkuver sem er meira en tvær Kárahnjúkavirkjanir fyrir þekkingariðnaðinn af því að hann gefur fleiri og betri störf með minni orkueyðslu en verksmiðjur.

Við horfum líka til ferðaþjónustunnar en þar eru gríðarlegir möguleikar. Hún blómstrar ár frá ári og því er spáð að ein milljón ferðamanna komi hingað árið 2020 og að þeim fylgi hundrað milljarða króna tekjur í þjóðarbúið. 80 prósent ferðamanna koma til að skoða náttúruna og því má ekki eyðileggja hana. Sem dæmi um hvað þessi álveraframtíðarsýn er glötuð má benda á að þó öll þessi risaálver risu myndu aðeins tvö prósent vinnuafls, 3.000 manns, fá vinnu í þeim. Nú þegar eru 7.000 ársstörf í ferðaþjónustunni og þeim fer fjölgandi. Og til viðbótar; hver ferðamaður gefur meira en þrisvar sinnum meira af sér í þjóðarbúið heldur en hvert áltonn. Þarf frekari vitnanna við?

## PÓLITÍSKUR FERILL

Ómar Ragnarsson hefur ekki fyrr tekið þátt í starfi stjórnmálaflokks. Pólitískur ferill hans er nýhafinn.

**Þekkingariðnaðurinn er mestur í Reykjavík þar sem bankarnir og fleiri stórfyrirtæki starfa. Hvernig á styrkja atvinnulífið úti um land? Ekki geta allir unnið við ferðaþjónustu?**
Það væri til dæmis hægt að veita fyrirtækjum á jaðarsvæðum skattaafslátt. Ég nefni Vestfirði og norðausturhornið. Þessi leið hefur verið farin erlendis og gefist vel.

Þá sækja þangað fyrirtæki sem ekki þurfa beinlínis að vera í þéttbýli eins og hugbúnaðarfyrirtæki og sprotafyrirtæki. Þeim hefur verið rutt í burtu af þessum brjálæðislegu framkvæmdum sem engin stjórn virðist vera á og þá þróun þarf að stöðva.

Gætum að því að með álverunum sem verið er að láta landsbyggðina hafa mun fjölga störfum sem ekki krefjast framhaldsmenntunar. Þess vegna mun gjáin á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins dýpka. Við viljum ekki sjá slíka gjá á 21. öldinni – öld menningar og menntunar.

Í sjávarútvegi viljum við byrja á að opna glugga inn í kvótakerfið með frjálsum veiðum báta sem eru sex tonn og með tvær rúllur í nokkra mánuði á sumrin. Við erum til í að athuga tvær leiðir til að þróa kerfið í aðra átt en nú er: annars vegar nýsjálensku leiðina sem felst í að ríkið eignist forkaupsrétt á kvótanum og hins vegar sú leið sem nú er íhuguð í Noregi að kvótinn sé aðeins veittur til tiltekins tíma, til dæmis nokkurra áratuga.

Auk vistvænna fiskveiða viljum við vistvænan landbúnað, opna kerfið og styðja frjálsa bændur. Við viljum íhuga búsetustyrki því íslenskar sveitir mega ekki aðeins vera sumarbústaðabyggðir.

**Svigrúm gefst með breyttum áherslum**

**Snúum okkur að skattamálum. Hvar liggja áherslur ykkar í þeim?**
Við íhugum að lækka tekjuskatt á fyrirtæki til að laða erlend fyrirtæki til landsins og koma í veg fyrir að fyrirtæki fari frá okkur. Þannig ýtum við líka undir sprotafyrirtæki. Í því sambandi höfum við nefnt að byrja á að lækka niður í sextán prósent en reynsla er fyrir því að svona skattalækkun auki skattekjur ríkisins.

Það er líka athugandi að lækka síðar tekjuskatt einstaklinga. Best kæmi sér fyrir þá sem minnstar hafa tekjur að hækka skattleysismörkin upp í sömu rauntölu og þau voru 1995 sem kemur til góða efnalitlum öryrkjum, öldruðum og námsmönnum. Við erum ríkari nú en 1995 og hljótum að hafa efni á þessu.

**Og velferðin. Hvar viltu fyrst bera niður í þeim málaflokki?**
Okkar áherslur liggja í því að ellin, æskan og náttúran séu ekki afgangsstærðir eða vandamál. Fólk sem hefur það lakast á að njóta virðingar og ekki á að líðast höfnun af því tagi sem birtist í að gamalt fólk liggi á göngum spítala, bíði eftir hjúkrunarrýmum, sé meinað um að vera eitt í herbergi og að hjónum sé stíað í sundur. Svo viljum við hækka barnabætur enda eru þær með þeim lægstu í okkar heimshluta.

Þetta kostar sitt en við sjáum svigrúm til þessa ef draumar okkar um alveg nýtt viðskipta- og starfsumhverfi í þjóðfélaginu rætast.

**Þú þekkir landið og samgöngukerfið betur en margur og vilt úrbætur. Hvar viltu byrja?**
Ég vil nota rýmið sem skapast þegar verktakarnir hætta í stóriðju- og virkjanaframkvæmdum og láta þá bora í staðinn veggöng, breikka stofnbrautir og bæta flugvallakerfið. Samgöngurnar eru nauðsynlegar svo að menntunin, menningin og atvinnan geti dreifst um landið og það orðið ein heild atvinnulega og menningarlega. Ég vil byrja á Vaðlaheiðargöngum og gangagerð á Austfjörðum og Vestfjörðum. Vestra gefa göngin möguleika á innanlandsflugvelli á Barðaströnd sem myndi opna Vestfirðina. Ég vil kaupa nýja Vestmannaeyjaferju sem mætti selja þegar annaðhvort höfn á Bakkafjöru eða Vestmannaeyjagöng eru tilbúin.

**Við erum græn frá grunni**

**Að utanríkismálum. Þið talið um lista staðfastra þjóða og viljið Ísland af honum. Er ekki farið að slá í það mál?**
Nei. Þó fjögur ár séu liðin og seint sé viljum við virða og framfylgja vilja 70 prósenta þjóðarinnar.

Við teljum rétt að vera áfram í Nató og Sameinuðu þjóðunum og viðhalda varnarsamningnum við Bandaríkin og samstarfi við nágrannaþjóðirnar. Við viljum hins vegar ekki vera taglhnýtingar Bandaríkjamanna í utanríkismálum.

Hvað Evrópusambandið snertir viljum við vera tilbúin að gera það sem gera þarf ef sú staða kemur upp að við neyðumst til að sækja um inngöngu. Á það getur margt haft áhrif, til dæmis Norðmenn, þróun Evrópska efnahagssvæðisins og þróun krónunnar. Við þurfum að vinna heimavinnuna sem er ærin. En við setjum sem algjört skilyrði að við höfum full yfirráð yfir landinu, hafinu og öllum auðlindum. Þjóðin á þetta og þetta þarf að vera ótvírætt í stjórnarskrá.

Elvira Méndez, doktor í Evrópurétti, sem skipar fjórða sætið á lista okkar í Reykjavík suður, fullyrðir að í raun vitum við ekki nema við getum náð þessu en það gerist ekki með viðræðum við millistjórnendur. Þau sem ráða þessu eru leiðtogar Bretlands, Þýskalands og Frakklands.

**Þú ert afar sannfærður um mikilvægi Íslandshreyfingarinnar í íslenskri pólitík og telur kosningarnar nú sérlega mikilvægar. En hljómgrunnur ykkar virðist ekki svo ýkja mikill samkvæmt skoðanakönnunum.**
Við höfum verið hvor sínu megin við fimm prósentin í skoðanakönnunum og það er ljóst að það er forsenda fyrir breytingum að við náum inn mönnum. Skilningur á málstað okkar fer vaxandi sem sést á því að flokkar á miðju og til hægri eru að reyna að taka málin af okkur og gera að sínum án þess að það sé sannfærandi. En munurinn er sá að við erum græn frá grunni og ekki úti á kanti.

Náttúran er stóra kosningamálið sem rís upp fyrir öll önnur mál. 1908 var kosið um sjálfstæðið frekar en önnur mál af því að það höfðaði til framtíðarinnar. 1971 var kosið um landhelgismálið frekar en önnur mál af því að við vorum að ráðstafa auðlindum hafsins til komandi kynslóða. Þetta er því í þriðja skiptið á tæpum 100 árum sem við kjósum um stórkostleg verðmæti, og nú sjálfa náttúru Íslands, mestu verðmæti landsins hvort sem talið er í því sem ekki er hægt að skilgreina sem verðmæti eða í beinhörðum peningum. Hvergi í heiminum er til neitt þessu líkt og við erum að ganga á rétt komandi kynslóða ef við ætlum að farga þessu. Þess vegna eru þessar kosningar alveg sérstakar og þess vegna förum við af stað.■

> Grædd er geymd orka þegar orkuverðið hækkar í heiminum. Mannauðurinn er meira virði heldur en megavöttin. Unaðsstundirnar gefa meira af sér heldur en kílóvattstundirnar.

ÍSAM
www.isam.is



ora

Ástríða í matargerð

# Rauð og fullþroskuð

Í Ora tómatsósu eru eingöngu notaðir fyrsta flokks tómatar sem eru rauðir og fullþroskaðir. Það skilar sér í einstökum gæðum því betri tómatar gera betri tómatsósu.

Hefurðu prófað?

www.ora.is



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gömul heimsmynd í formi úreltra kynhlutverka birtist iðulega í auglýsingum.

# Veröld sem var

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Auglýsingar eru órjúfanlegur hluti vestrænnar menningar. Akur þeirra er víðfeðmur og margbrotinn. Þær eru uppspretta sköpunar og skemmtunar, þær upplýsa og kveikja löngun í tiltekinn varning eða upplifun.

Sumar auglýsingar fara hjá án þess að sérstaklega sé eftir þeim tekið, að minnsta kosti svo að meðvitundin skynji. Aðrar vekja tilfinningar og eru eftirminnilegar, ýmist vegna þess að þær eru skondnar eða vegna þess að þær vekja neikvæðar tilfinningar og jafnvel reiði hjá sumum.

Þær síðastnefndu eiga það iðulega sameiginlegt að þær endurspegla heimsmynd og kynhlutverk sem voru viðtekin upp úr miðri 20. öld, kynhlutverk sem með þrotlausri vinnu og baráttu hefur breyst í áranna rás.

Dæmi um slíka auglýsingu eru gosauglýsingar sem eiga að höfða til ungra karlmanna með því að draga upp þá sýn að lífið væri þægilegra og skemmtilegra ef konur hefðu ekki sjálfstæðan vilja, létu óátalið að deila unnusta sínum með annarri konu og væru ekki að gera kröfur til þess að kynlíf væri til ánægju fyrir þau bæði, heldur að ungi maðurinn geti bara lokið sér af fljótt og örugglega.

*„Ekki má á milli sjá hvort kynið er lítillækkað meira í þessum auglýsingum.“*

Ekki má á milli sjá hvort kynið er lítillækkað meira í þessum auglýsingum, konurnar sem samkvæmt þeim hafa ekki langanir, skoðanir eða tilfinningar, eða þá karlarnir sem sækjast eftir samneyti við slík viljalaus verkfæri.

Annað dæmi er auglýsing fjármálastofnunar sem auglýsir þjónustu sína með myndarlegu pari um fermingaraldur sem fer um og skoðar aðstæður til framtíðar. Lengi vel sáust þau í kirkju þar sem verið var að gera ráðstafanir fyrir væntanlegt brúðkaup. Í þessari auglýsingu fer pilturinn með orðið en stúlkan stendur hjá og fylgist með, hefur að því er virðist ekki skoðun á málum.

Fjármálafyrirtækið var talsvert gagnrýnt fyrir þessa auglýsingu fyrst þegar hún birtist en auglýsingin lifir engu að síður góðu lífi á öldum ljósvakans. Og nú er komin ný útgáfa, litlu betri en sú fyrri. Hér gegnir stúlkan hlutverki ritara piltsins sem gengur um og tekur út hluti og hún samsinnir og skráir.

Það er íhugunarefni að auglýsendur skuli sjá hag sinn í því að kynna vöru sína og þjónustu með skírskotun í veröld sem var og með því að birta ungt fólk í úreltum kynhlutverkum.

Auglýsingagerðarfólk er frumlegt og skemmtilegt. Því ætti ekki að verða skotaskuld úr því að búa til góðar og skemmtilegar auglýsingar sem endurspegla raunveruleikann eins og hann er. Það er skiljanlegt að auglýsendur vilji stundum storka fólki, í því skyni að vekja sérstaka eftirtekt. En hvers vegna ekki að ýta við fólki með framsæknum hugmyndum fremur en gömlum og stöðnuðum?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Kjörfundur í Flóahreppi**

Kjörfundur í Flóahreppi vegna alþingiskosninga laugardaginn 12. maí 2007 verður haldinn í Félagslundi frá kl. 12.00-22.00.

Kjósendur eru minntir á að taka með sér persónuskilríki.

**Kjörstjórn**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Línudraugur

Dagur Eggertsson skemmti sér vel á sínum fyrsta stjórnarfundi í OR á föstudaginn. „Skemmtilegast þótti mér samt á fyrsta stjórnarfundinum að þar lagði Guðlaugur Þór til að Orkuveitan tæki þátt í lagningu á ljósleiðara út í heim, um sæstreng,“ segir Dagur. Guðlaugur eyddi nefnilega nokkuð mörgum klukkustundum í ræðustól borgarstjórnar í að skamma Alfreð Þorsteinsson og R-listann fyrir Línu.net ævintýrið sem kostaði milljarða. Dagur sá eins og oft áður spaugilega hlið málsins: „En ég gat ekki stillt mig um að leggja til að nýja fyrirtækið fengi nafnið Lína.net international. Og allir hlógu – nema Gulli.“



### NY-afdrep

Fjárfestingar Ingibjargar Pálmadóttur og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar vekja ekki bara athygli á Íslandi, í Kaupmannahöfn eða London. Stórblaðið New York Times gerir ítarlega grein fyrir kaupum þeirra á tveimur íbúðum á Manhattan í blaði gærdagsins. Þau hafi í janúar keypt snotra íbúð á um 640 milljónir króna, líkað vel og keypt þakíbúðina fyrir ofan á um 900 milljónir króna. Útkoman er þriggja hæða lúxusíbúð með stórri verönd og svölum. Líklega sú dýrasta neðan 42. strætis á Manhattan að mati NYT.



### Pollrólegur

Bjarni Ármannsson er sagður vera pollrólegur yfir framtíð sinni hjá Glitni. Hann hefur flækst í marga slagi í hluthafahópnum og alltaf lent standandi. Nú er útlit fyrir að hann fari frá bankanum. Í Fréttablaðinu á laugardaginn var sagt að Þorsteinn M. Jónsson, kenndur við Vífilfell, yrði formaður nýrrar stjórnar sem tekur við í dag. En nýr forstjóri? Kristín Pétursdóttir sem hætti hjá Kaupþingi í London er á lausu og vænlegur kostur. Nú, svo hefur Ármann Þorvaldsson Kaupþingsforstjóri í London verið á landinu. Kostirnir eru mýmargir.

bjorgvin@frettabladid.is

# Spilling áfram – ekkert stopp



HALLGRÍMUR HELGASON

**Í DAG** | Forgangur framsóknar

Landsvirkjun er frá því um áramót að öllu leyti í eigu ríkisins og fer fjármálaráðherra nú með eignarhlutinn en ekki iðnaðarráðherra eins og áður var. Engu að síður er í gildi samkomulag milli ríkisstjórnarflokkanna um að Framsóknarflokkurinn ráðstafi stjórnarformannssætinu í Landsvirkjun.“

Það er ekki svo langt síðan birtar voru niðurstöður breskrar könnunar sem sýndu að meirihluti karlmanna þar í landi taldi að konur sem klæddu sig djarflega eða döðruðu gætu sjálfum sér um kennt væri þeim nauðgað. Ég man hvað ég varð yfir mig hneyksluð þegar ég las þessar fréttir. Ég hafði í sakleysi haldið að Bretar væru ekki alveg svona gamaldags og huggaði mig við þá tilhugsun að hér á norðurslóðum þar sem jafnrétti kynjanna er hvað mest yrðu niðurstöður slíkrar könnunar líkast til allt aðrar.

Í dag er ég farin að efast. Í vikunni fengum við fréttir af því að karlmenn í Noregi eru sömu skoðunar og breskir kynbræður þeirra. 48 prósent norskra karlmanna telja að ef kona hefur daðrað opinskátt geti hún sjálfri sér um kennt sé henni nauðgað í kjölfarið. Þá sögðu 28 prósent karlanna að konur bæru ábyrgð á nauðgun ef þær klæddu sig djarflega.

Ég fór næstum því að skæla þegar ég las þetta. Eiga þessir menn ekki konur, dætur, systur, frænkur, ömmur og vinkonur?

Nauðgun er fyrst og fremst ofbeldi og nauðgun er einn ljótasti ofbeldisglæpur sem hægt er að fremja. Ég minnist þess ekki nokkurn tímann að hafa heyrt minnst á klæðnað fórnarlamba annarra ofbeldisglæpa. Menn hafa verið barðir í klessu og stungnir á hol, jafnvel af bláókunnugum mönnum, og aldrei hef ég orðið vör við að klæðnaði þessara fórnarlamba sé kennt um.

Aldrei hef ég heyrt sagt við strák sem lendir í slagsmálum og er barinn til óbóta að hann hefði kannski átt að klæða sig öðruvísi.

Kona á rétt á að klæða sig hvernig sem hún vill. Jafnvel þótt hún gangi nakin niður Laugaveginn og sveifli sér djarflega í kringum ljósastaurana sem verða á vegi hennar réttlætir það ekki nauðgun.

Það er aldrei hægt að afsaka ofbeldi með klæðaburði eða líkamstjáningu fórnarlambsins.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Veldur vonbrigðum

Platan Curver + Kimono inniheldur að sögn aðstandenda einhvers konar furðumix af lögunum á fyrstu plötu Kimono, Mineur Agressif, sem kom út fyrir fjórum árum, en Curver stjórnaði upptökum á henni.

Útgáfunni var fylgt eftir með skemmtilegum uppákomum. Curver og Kimono héldu þriggja tíma reykmettaða spunatónleika í Kling og bang og haldin var sýning á ljósmyndum frá litríku teboði, en þær myndir prýða umslag plötunnar.

Ég gerði mér miklar væntingar um þessa plötu. Curver er að mínu mati afburðapródúser. Hann fær oft frábærar hugmyndir og hann er líka nettur krádplíser – náungi sem kann að búa til stemningu. Kimono er yfirburðaband eins og síðasta plata þeirra Arctic Death Ship og frammistaða þeirra á tónleikum undanfarin ár sannar. Summan af þessu tvennu ætti þess vegna að verða eitthvað æðislegt. Eða hvað?

En ég verð að viðurkenna að ég varð fyrir miklum vonbrigðum. Í staðinn fyrir eitthvað klikkað og skemmtilegt þá er mixið frekar bragðdaufar og fyrirsjáanlegar dub-útgáfur sem ná ekki að halda athygli manns.



**KIMONO + CURVER** Hljómurinn á plötunni er oft flottur en platan veldur engu að síður vonbrigðum.



**TÓNLIST**

**Curver + Kimono**

Curver + Kimono

★★

**Þrátt fyrir flottan hljóm veldur þessi samstarfsplata Curvers og Kimono miklum vonbrigðum. Mixin eru fyrirsjáanleg og ná ekki að halda athyglinni.**

Þetta er að sjálfsögðu ekki alvont. Hljómurinn er oft flottur og þessi lög virka eflaust ágætlega eitt í einu, t.d. í bakgrunni eða sem kvikmyndatónlist. En það er bara ekki nóg. Til þess að svona plata geri sig þarf hún að koma á óvart og ýta við manni og það vantar töluvert upp á að þessi plata geri það. Manni finnst maður hafa heyrt þetta allt áður og það vantar sárlega eitthvað til þess að brjóta þetta upp. Mér finnst reyndar eitt mixið flott. Lagið ü. Þar er búið að taka burt ásláttinn og setja inn draugalegar raddir og fiðluspil. Kannski ekki byltingarkennt, en fínt samt. Lokamixið af Japanese Policeman sker sig líka úr, en það hljómar samt ómarkvisst og ekki áhugavert.

Á heildina litið er þessi plata ekki nema sæmilegur aukabiti á meðan beðið er eftir næstu verkum þessara frábæru listamanna.

**Trausti Júlíusson**


Lampard
Rooney
Gerrard
Einar*
Ronaldo

*fyrir okkur hin




Samfylkingin

# Fjölskylduskemmtun 1. maí á Selfossi

Samfylkingin í Suðurkjördæmi býður til fjölskylduskemmtunar á alþjóðlegum baráttudegi launafólks við Inghól - kosningamiðstöð okkar á Selfossi - kl. 15:00 1. maí

Jógvan
Birgitta Haukdal
Ingibjörg Sólrún Gisladóttir
Magni og Á móti Sól
Hljómsveitin Undirheimar
Margrét Frímannsdóttir

Hoppukastalar og hringekjur frá kl. 14:00
Andlitsmálum
Frambjóðendur grilla

xS

SÖNGVARABALL

30. apríl kl. 20 – **Veislustjóri: Davíð Ólafsson**

Sardas-strengjasveitin, Léttsveit tónlistarskóla Reykjanesbæjar, „Tenórinn" og fleiri góðir gestir.

**Heiðursgestir**: Sieglinde Kahmann og Sigurður Björnsson

Kl. 20 - Fordrykkur
Kl. 21 - Tónleikar
Kl. 22 - Dansinn hefst

Miðaverð kr. 3.000

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

ABBABABB! eftir Dr. Gunna

6 maí sun kl 14
13 maí sun kl 14

Draumalandið eftir Andra Snæ Magnason

5 maí lau 11 sýning kl 20
11 maí fös 12 sýning kl 20

Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50. Hafnarf. Pantanasími 555 2222 og á www.midi.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN"
GRETTIR

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fim 3/5 kl. 20 Síðasta sýning

**HIPP HOPP GESTASÝNING**
Pokemon Crew: Gestasýning frá Frakklandi.
Þri 8/5 kl. 20 Mið 9/5 kl. 20
Miðaverð 2.000

**LADDI 6-TUGUR**
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Lau 5/5 kl. 14 UPPS.
Fim 10/5 kl. 22:30 UPPS.
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14
Mán 4/6 kl. 20
Mið 20/6 kl. 20
Fim 21/6 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Fim 3/5kl.20 UPPS. Sun 6/5 kl. 20 UPPS.
Fim 10/5 kl.20 UPPS. Fös 11/5 kl. 20 UPPS.
Lau 12/5 kl.14 Sun 13/5 kl. 20
Lau 19/5 kl.20 UPPS. Sun 20/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20 Lau 26/5 kl. 20 UPPS.
Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 2/5 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 5/5 kl. 20 AUKASÝNING

**DAGUR VONAR**
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20
Sun 13/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20
Lau 26/5 kl. 20

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

**EILÍF HAMINGJA**
Fim 3/5 kl. 20 AUKASÝNING
Mið 9/5 kl. 20 AUKASÝNING

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ






**Stóra sviðið kl. 20:00**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir **Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.**
**Aukasýningar sun. 6/5 kl. 14:00, sun. 13/5 kl. 20:00. Allra síðustu sýningar!**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fös. 4/5 nokkur sæti laus, lau. **5**/5, fös. 11/5, lau. 19/5, lau. 25/5. **Síðustu sýningar í vor!**
**Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.**

**CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.**
Þri. 15/5 **örfá sæti laus**, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.**
Lau. 5/5 **nokkur sæti laus**, sun. 13/5, fös. 18/5. **Umræður eftir sýningu með Sveini Rúnari Haukssyni 5/5 og Hrafnhildi Gunnarsdóttur 13/5.**

**Kassinn**

**HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.**
Fim. 3/5 **uppselt**, fös. 4/5 **uppselt**, lau. 5/5 **uppselt**, sun. 6/5 **uppselt**. sun. 13/5 **uppselt**, **aukasýningar mið. 16/5, nokkur sæti laus og fim. 17/5 nokkur sæti laus**, fös. 18/5 **uppselt**, lau. 19/5 **örfá sæti laus**, **aukasýning sun. 20/5**, fim. 24/5 **örfá sæti laus**.

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÝTLA, Leiksýning Hrefnu Hallgrímsdóttur og Lindu Ásgeirsdóttur**
Sun. 6/5 kl. 11:00 og 12:15, lau. 12/5 kl. 11:00 og 12:15, sun. 13/5 kl. 11:00 og 12:15.

**Í SKÓLA TÍMANS - Leikin dagskrá Sigurðar Skúlasonar og Margrétar Helgu Jóhannsdóttur.**
Þri. 1/5 kl. 16:00 **örfá sæti laus**, mið. 2/5 kl. 20:00 nokkur sæti laus. **Aðeins þessar þrjár sýningar!**

**Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is**
**Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is**
**Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!**


## !

**Kl. 20.00**
*Upplestrarhátíðin Bókin og birtan í félagsmiðstöðinni Garðabergi í Garðabæ. Katrín Jakobsdóttir bókmenntafræðingur flytur erindi um tilurð og þróun íslenskra glæpasagna og Garðakórinn, kór eldri borgara í Garðabæ, syngur. Allir velkomnir, ókeypis aðgangur og kaffiveitingar í boði Bókasafns Garðabæjar og menningar- og safnanefndar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Leiklistarveisla í Borgó

Leiklistarveisla verður haldin í Borgarleikhúsinu í kvöld kl. 20 í tilefni af menningarhátíðinni List án landamæra.

Fram koma leikhóparnir Perlan sem sýnir leikgerð eftir gömlu þekktu ævintýri um sólina og vindinn en yfirskrift þess er „Kærleikurinn", sönghópurinn Blikandi stjörnur flytur söngdagskrá ásamt tónlistarmanninum KK, Tjarnarleikhópurinn sýnir brot úr leikritinu „Vont en það versnar" og Halaleikhópurinn sýnir brot úr nýju íslensku leikriti eftir Ármann Guðmundsson, „Batnandi maður". Dansklúbbur Hins hússins mun einnig taka þátt í dagskránni sem og aðstandendur sýningarinnar Þjóðarsálin sem sett var upp síðasta haust í leikstjórn Sigrúnar Sólar Ólafsdóttur. Kynnar kvöldsins eru Björgvin Franz Gíslason og Ása Björk Gísladóttir.

Frítt er á alla viðburði hátíðarinnar og allir velkomnir.



**ÚR ÞJÓÐARSÁLINNI** Leikendur víða að taka þátt í leiklistarveislu í Borgarleikhúsinu.

# Snjóboltaáhrif Sykurmola

**Hollendingurinn Marcel Edwin Deelen hefur mikla ástríðu fyrir íslenskri menningu og vinnur nú að því að boða fagnaðarerindi hennar á erlendri grund.**



**HUGSJÓNAMAÐUR MEÐ METNAÐ FYRIR ÍSLENSKRI MENNINGU** „Ég er skilvirkur, ég er Hollendingur," útskýrir Marcel Edwin Deelen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Marcel er forsprakki Reykjavík to Foundation, félags sem skipuleggur nú íslensku menningarhátíðina „Reykjavík to Rotterdam" í annað sinn. Í nóvember verður íslensk innrás í borginni þar sem fjöldi tónlistarfólks, myndlistarmanna, kvikmyndagerðarmanna og danslistafólk mun taka borgina með trompi en Marcel og félagar hans vinna nú hörðum höndum að því að undirbúa jarðveginn. Reykjavík to Foundation er þó ekki gróðabatterí heldur er þar unnið í sjálfboðaliðavinnu enn sem komið er. „Við erum með fólk hér á Íslandi og í Hollandi sem reynir að verja sem mestu af frítíma sínum í þetta," segir Marcel.

„Þetta er nokkuð nýtt fyrirkomulag," segir hann og útskýrir að markmið aðstandenda Reykjavik to Foundation sé að reka hliðstæðar hátíðir og Rotterdam-uppákomuna í fleiri löndum. Þannig eru fleiri hátíðir í bígerð í Berlín, Hamborg, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn. „Við viljum ekki takmarka okkur við eitt land heldur horfa lengra og vonum að þessar hátíðir geti vaxið og dafnað með árunum og að þær verði haldnar reglulega í mismunandi borgum."

Með því að kynna og markaðssetja íslenskar menningarhátíðir vonast félagið til þess að veita íslenskum listamönnum tækifæri á að kynna list sína fyrir breiðum hópi áhorfenda. Auk þess vill Reykjavik to Foundation stuðla að því að mynda tengsl meðal þeirra fjölmörgu Íslendinga sem eru búsettir erlendis.

Marcel segir að baki ástríðu sinni á íslenskri menningu búi sígild saga af snjóboltaáhrifum Sykurmolanna. „Ég sá myndband með þeim fyrir mörgum árum síðan og vissi þá ekki að þau voru Íslendingar heldur hafði ég bara áhuga á tónlistinni. Síðan kom ég hingað í frí og svo fór að ég ákvað að flytja til Íslands," segir hann. Á meðan Marcel beið eftir því að geta flutt nýtti hann tímann vel og varði kröftum sínum í að koma „Reykjavík to Rotterdam" hátíðinni á fót. „Það var árið 2005 en sú hátíð gekk virkilega vel. Bæði aðstandendurnir og listamennirnir voru ánægðir með framtakið og þau tengsl sem mynduðust. Við sáum okkur leik á borði og ákváðum að stofna félag eða sjóð til þess að gera meira."

Þegar Marcel er spurður hvort það sé ekki strembið að standa í svona skipulagningu af hugsjónamennsku segir hann að starfið sé skemmtilegt en útskýrir að aðstandendurnir vonist til þess að í framtíðinni sé hægt að launa erfiðið. „En svo er ég líka skilvirkur, ég er Hollendingur," segir hann hlæjandi.

Hátíðin í Rotterdam fer fram í nóvember en meðal þátttakenda þar verða hljómsveitinar dáðu Ham og múm og Íslenski dansflokkurinn. Af þeim rúmlega tuttugu íslensku hljómsveitum sem eru á efnisskránni hafa einungis níu spilað áður á meginlandi Evrópu. Þar að auki verða sýndar fjölmargar kvikmyndir og stuttmyndir á hátíðinni.

„Við erum með fjölbreyttan hóp af listafólki og í Rotterdam getum við byggt á þeim tengslum sem við sköpuðum síðast. Markmiðið okkar er þó ekki að róa alltaf á sömu miðin heldur viljum við bjóða upp á eitthvað nýtt og spennandi. Það væri auðvelt til dæmis að bóka bara þekkt bönd en okkur finnst fjölbreytnin mikilvægari."

Nánari upplýsingar um Reykjavík to Foundation má finna á heimasíðunni www.reykjavik.to en þess má geta að félagið leitar nú að liðtæku samstarfsfólki sem þekkir vel til í Hamborg og Kaupmannahöfn.

- khh


**Viðburðir Landnámsseturs í apríl og maí**

**lau. 28. apríl** kl 16 aukasýning
Mr. Skallagrímsson *örfá sæti laus*
**lau. 28. apríl** kl. 20
Mr. Skallagrímsson *örfá sæti laus*
**su. 29. apríl** kl. 16 aukasýning
Mr. Skallagrímsson *örfá sæti laus*
**fö. 4. maí** kl. 20
Svona eru menn - KK og Einar
**lau. 5. maí**.kl. 20 Svona eru menn - KK og Einar *örfá sæti laus*
**su. 6. maí** kl. 20
Mr. Skallagrímsson *uppselt*
**fö. 11. maí** kl. 20
Mr. Skallagrímsson *uppselt*
**lau. 12. maí** kl. 20
Svona eru menn - KK og Einar

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600


# Rætt um loftslag



Skógræktarfélag Íslands efnir til opins húss og fræðsludagskrár í samstarfi við Kaupþing. Í kvöld flytur Haraldur Ólafsson veðurfræðingur erindi um loftslagsbreytingar, þróun veðurfars á Íslandi og áhrif þess á gróður, í máli og myndum. Erindið flytur Haraldur í sal N-132 Öskju og hefst dagskráin kl. 19.30.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**HARALDUR ÓLAFSSON**






**SÖGUSÖFNUN** Húsfélag alþýðu leitar nú að fróðleik og minningabrotum um daglegt líf í verkamannabústöðunum í vesturbæ Reykjavíkur.

# Saga bústaðanna

Nokkuð er liðið síðan menn tóku að hafa áhyggjur af því að heimildir væru fáar til um lífið í verkamannabústöðunum við Hringbraut.

Það var fyrsta stóra átakið sem verkafólk í Reykjavík sýndi til að koma húsnæðismálum sínum í lag með samtakamættinum: forkólfur fyrir byggingu þeirra var Héðinn Valdimarsson en hann lagði fram frumvarp á þingi 1924 um að þeir risu. Minnisstæð er frásögn Guðmundar J. Guðmundssonar verkalýðsforingja, en hann var í hópi þeirra sem fluttu þangað fyrstir inn, í heimildarþætti um hann sem Ólafur Friðriksson blaðamaður og Guðbergur Davíðsson gerðu fyrir mörgum árum; þar lýsti hann hversu ríkar kröfur bláfátækt fólk gerði um vandaðan frágang og hagkvæman í hinum nýju húsum.

Nú vill Húsfélag alþýðu sem rekur bústaðina ná saman heimildum frá fyrstu áratugunum í Verkó: munnlegum frásögnum þeirra sem bjuggu þar, ljósmyndum ef til eru af hvaða tagi sem er, bæði úti og inni. Þeir sem þar bjuggu eða þekkja til einhvers sem ólst þar upp eru beðnir að hafa samband.

Allar myndir eru velkomnar, hversu fátæklegar sem þær eru. Röðum myndinni saman af fyrsta myndarlega átaki alþýðufólks til að koma yfir sig þaki með samtakamætti og komast úr kofunum.

Upplýsingar má senda í pósti á verko@vortex.is eða til Húsfélags alþýðu, pósthólf 700, 121 Reykjavík eða koma munnlega til Kristínar Robertsdóttur í síma 551-5760.

-pbb



**DANSINN DUNAR** Ekta síðkjólaball í Íslensku óperunni í kvöld. Sönglatt fólk og söngvinir eru hvattir til að mæta. MYND/ALBERT EIRÍKSSON

# Ekta síðkjólaball

Nú er mál að taka fram dansskóna og æfa valsinn og polkann því í kvöld verður haldið ball í Íslensku óperunni. Hið svokallaða söngvaraball er nú haldið í annað sinn en framtak þetta sló í gegn í fyrra. Ballið er haldið að erlendri fyrirmynd en á meginlandinu er rík hefð fyrir samkomum sem þessum.

Söngvaraballið er ekta síðkjólaball þar sem íslenskir söngvarar koma saman og skemmta sér og öðrum. Allir þeir sem hafa áhuga á söng, starfa við söng, syngja í kórum, hljómsveitarfólk, vinir, vandamenn og velunnarar sönglistar á Íslandi eru hjartanlega velkomnir. Húsið verður opnað kl. 20 og klukkustund síðar hefjast tónleikar á sviði óperunnar þar sem margir af ástsælustu söngvurum landsins koma fram.

Heiðursgestir á ballinu eru hjónin Sieglinde Kahmann og Sigurður Björnsson en þau hafa komið víða við í íslensku tónlistarlífi síðastliðin þrjátíu ár. Veislustjóri er Davíð Ólafsson óperusöngvari og mun hann halda uppi stemningunni af sínum alkunna hressleika og hugmyndaauðgi.

Að loknum tónleikunum leikur strengjasveitin Sardas fyrir dansi en sveit sú er skipuð félögum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og síðar um kvöldið mun Léttsveit Suðurnesja leika nokkur lög.

Allt húsið verður opið, frá kjallara og upp í rjáfur og má búast við því að tónlist og söngur ómi í hverjum krók og kima.

Miða á uppákomuna má nálgast á vef Íslensku óperunnar.



**DAVÍÐ ÓLAFSSON BASSASÖNGVARI** Veislustjórinn prúðbúni heldur uppi fjörinu í Ingólfsstrætinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun




Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.670.000
**Verð frá kr. 1.341.365 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 26.386
**Fjármögnunarleiga kr. 21.194** án vsk.

Renault Trafic
Verð frá kr. 2.380.000
**Verð frá kr. 1.911.646 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 37.345
**Fjármögnunarleiga kr. 29.996** án vsk.

Renault Master
Verð frá kr. 2.820.000
**Verð frá kr. 2.265.060** án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 44.137
**Fjármögnunarleiga kr. 35.452** án vsk.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

B&L
ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

www.renault.is

Skoppa og Skrítla í Þjóðleikhúsinu

Vegna fjölda áskorana verða Skoppa og Skrítla með nokkrar aukasýningar í maí.
Miðasala hefst í dag!



**Tryggið ykkur miða í tíma.**
Sími í miðasölu er **551 1200**
eða á leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Flott kvöld í Hafnarhúsinu

**Tónleikar frönsku hljómsveitarinnar Nouvelle Vague í Hafnarhúsinu á föstudagskvöld voru afar vel sóttir. Gestir nutu fallegra tóna sveitarinnar, en hún er þekkt fyrir að leika þekkt lög annarra listamanna í eigin útsetningum. Tónleikarnir voru hluti af frönsku menningarhátíðinni Pourquoi Pas?**

Sjá umfjöllun á síðu 31.



**FRANSKIR STRAUMAR** Þau Guðmundur Vestmann, Birna Helgadóttir, Ríkey Kristjánsdóttir og Elísabet Lórenz skemmtu sér vel á tónleikum Nouvelle Vague.



**BROSMILDAR** Anna Lind Kristinsdóttir, Þóra Elísabet Jónsdóttir og Sif Gröndal voru glaðar á tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**GAMAN** Kristín María, Steinunn og Sigga Soffía stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.



**FLOTT Á SVIÐI** Söngkonurnar í Nouvelle Vague voru glæsilegar í Hafnarhúsinu.



**SPENNT** Guðrún Ingólfsdóttir, Halla Rannveig Halldórsdóttir og Pálmi Haraldsson biðu spennt eftir því að tónleikarnir hæfust.


www.icelandexpress.is/oslo

Ósló? A-ha!




Ljósmynd: Gunnar Strøm- Visit OSLO

Ósló

Frændur vorir Norðmenn taka afar vel á móti þér í þessari huggulegu borg, svo ekki sé minnst á allar frænkurnar sem geta ekki beðið eftir að fá þig í heimsókn!

Holmenkollen, Munch-safnið, Akershus-höllin, Ibsen-safnið, Grieg, Akers-bryggjan með allar flottu verslanirnar, síld úr norsk-íslenska stofninum og Karl Johan sem iðar af mannlífi.

Svo er leikur einn að verða sér úti um ódýran bílaleigubíl og kanna djúpa firði, falleg fjöll og yndislegt mannlíf Noregs.

En þú byrjar á því að bóka ódýrt fargjald til Óslóar á www.icelandexpress.is

VERÐ FRÁ: 7.995 kr. Aðra leið með sköttum.

BÖRN: 50% Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600 www.icelandexpress.is

Iceland Express


# Hafdís Huld í vodkaauglýsingu

Söngkonan Hafdís Huld Þrastardóttir er í aðalhlutverki í nýjum auglýsingum fyrir Reyka vodka sem sýndar verða í Bandaríkjunum. Hafdís, íklædd lopapeysu, húfu og vettlingum, leikur þar aðallega á móti teiknuðum lundum og fer með ýmsa speki um Ísland og fólkið sem landið byggir – á ensku með sterkum íslenskum hreim.

„Ég vissi ekkert hvernig útkoman yrði. Þetta var bara „bluescreen", og svo var allt teiknað eftir á," sagði Hafdís. Hún hefur leikið töluvert áður, meðal annars í Íslenska draumnum og Villuljósi. „Ég ákvað að mennta mig í tónlistinni, en leiklistin togar alltaf svolítið í mig," sagði Hafdís.

Það var ensk módelskrifstofa sem hafði samband við Hafdísi að fyrra bragði og spurði hvort hún hefði áhuga á að leika í auglýsingu. „Þeim fannst að ég hefði rétta lúkkið í þetta. Þegar ég mætti kom svo í ljós að þeir höfðu verið að prufa á Íslandi áður. Þau vantaði einhvern með íslenskan hreim og voru að leita að ákveðinni stemningu. Ég sagði nokkur orð og mátaði lopapeysu og svo varð þetta ofan á," sagði Hafdís.

Karakterinn sem hún leikur hlýtur að teljast nokkuð barnslegur í framkomu. Aðspurð hvort framleiðendum hafi þótt karakterinn týpískur Íslendingur hló Hafdís. „Ég spurði einmitt að því sjálf," sagði hún. Eitthvað á hún þó sameiginlegt með honum, því þegar Fréttablaðið náði tali af henni var hún stödd á tónleikaferðalagi í Suður-Frakklandi. „Ég er með ullarvettlinga og trefil með mér," sagði hún og hló. „Ekta Íslendingur – ég ætlaði sko ekki að láta mér verða kalt." - sun



**LEIKLISTIN TOGAR** Hafdís Huld hefur leikið töluvert áður, en varla á móti teiknuðum lundum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Hvaladráp 14. maí

Fjórða plata rokksveitarinnar Mínus, The Great Northern Whalekill kemur út hinn 14. maí næstkomandi. Hið sérstaka umslag plötunnar var hannað af Gunnari Vilhjálmssyni og tók Börkur Sigþórsson myndina.

Platan átti upphaflega að koma út 16. apríl en einhverjar tafir urðu á vinnslunni. Til stendur að halda útgáfutónleika sama dag og platan kemur út. Verða þeir haldnir um hábjartan dag og verður enginn aðgangseyrir. Að sögn Kára Sturlusonar, umboðsmanns Mínus, er óvíst hvenær sveitin fer í tónleikaferð út fyrir landsteinana til að fylgja plötunni eftir. Það yrði þá ekki fyrr en í haust, þegar platan kemur út erlendis.

Nokkrum dögum áður en platan kemur út hér heima geta aðdáendur Mínus sent tölvupóst á netfangið minusminusminus@gmail.com og skráð sig þar í Mínusklúbb. Eiga þeir þar með möguleika á að kaupa plötuna, sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu, á undan öllum öðrum. -fb




**THE GREAT NORTHERN WHALEKILL** Platan með þessari óvenjuleg mynd á framhliðinni kemur út 14. maí.


SPIDER-MAN
3
4. MAÍ 2007
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.
SJÁÐU MYNDINA!
SPILAÐU LEIKINN!
SMS LEIKUR
PlayStation.2
BÍÓMIÐI
9
HVER VINNUR!
SENDU SMS JA SP3
Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR Á SPIDERMAN,
SPIDERMAN TÖLVULEIKIR, TÓNLIST ÚR SPIDERMAN,
DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| NEXT | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| NEXT SÝND Í LÚXUS | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| PATHFINDER | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 8 og 10.10 B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 5.50 B.I. 16 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 |
| TMNT | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| PATHFINDER | kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| INLAND EMPIRE | kl. 6 og 9 B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 8 og 10 B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 8 og 10. 30 B.I. 16 ÁRA |
| THE SCIENCE OF SLEEP | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 |
| TMNT | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| NEXT | kl. 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| SHOOTER | kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 6 B.I. 16 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 |

MIÐASALA Á midi.is

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Frank Black**, forsprakki rokksveitarinnar Pixies, ætlar að gefa út safnplötu með 22 lögum frá sólóferli sínum átjánda júní næstkomandi. Platan nefnist Frank Black 93-03 og hefur að geyma lög á borð við Headache, Los Angeles og Speedy Marie.

# Vorblót væntanlegt

Miðasala á tónlistarhátíðina Vorblót, sem fer fram í annað sinn í Reykjavík 17.-19. maí, hefst á þriðjudag. Þeir sem koma fram á hátíðinni eru Salsa Celtica, Oumou Sangaré, Stórsveit Samúels J. Samúelssonar og Goran Bregovic.

Hátíðinni er ætlað að vera skemmtileg viðbót við tónleikahald í höfuðborginni og vettvangur fyrir spennandi og skemmtilega tónlist frá öllum heimshornum. Miðasala á stærsta viðburð Vorblótsins, tónleika Bregovic í Laugardalshöll, er þegar hafin. Á þriðjudag hefst síðan miðasala á aðra viðburði hátíðarinnar.



**GORAN BREGOVIC** Bregovic heldur tónleika í Laugardalshöll 19. maí.

# Áhyggjur af þyngdartapi

Hjartaknúsarinn George Clooney hefur lést um tíu kíló á skömmum tíma og óttast margir að hann eigi við vandamál að stríða. Talsmaður Clooneys vísar þessu á bug og segir að leikarinn sé við góða heilsu. Að sögn hans tengist þyngdartapið nýjustu kvikmynd hans Leatherheads, sem hann bæði leikstýrir og fer með aðalhlutverkið í. Clooney hafði áður þurft að bæta á sig um tuttugu kílóum fyrir myndina Syriana.

Clooney, sem er 46 ára, viðurkenndi fyrir tveimur árum að hafa íhugað sjálfsvíg eftir að hafa orðið fyrir röð áfalla í einkalífinu.



**GEORGE CLOONEY** Hjartaknúsarinn hefur lést um tíu kíló á skömmum tíma.





600 kall
27. apríl - 3. maí!

MasterCard korthafar fá miðann á 600 kr. dagana 27. apríl - 3. maí, í Smárabíói, Háskólabíói, Sambíóunum Kringlunni og Borgarbíói Akureyri greiði þeir með kortinu.

Meira á www.kreditkort.is/klubbar









**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BLADES OF GLORY | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | THE MESSENGERS | kl.10:10 | B.i.16 |
| BLADES... VIP | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 - 6 - 8 | Leyfð |
| SHOOTER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 | ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | Leyfð |
| BREACH | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i.12 | WILD HOGS | kl. 8 | b.i 7 |
| THE GOOD SHEPERD | kl.10:10 | B.i.12 | BECAUSE I SAID SO | kl. 6 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| NEXT | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 | |
| BLADES OF GLORY | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | B.i.12 | |
| BREACH | kl. 8 | B.i.12 | |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| 300. | kl. 10:20 | B.i.16 | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| BLADES OF GLORY | kl. 8 - 10 | Leyfð |
| SHOOTER | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |

www.SAMbio.is

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BLADES OF GLORY | kl 6 - 8 - 10 | B.i.12 |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl 6 | Leyfð |
| BECAUSE I SAID SO | kl. 8 | Leyfð |
| THE MESSENGERS | kl. 10 | B.i.16 |

www.SAMbio.is ☎ 575 8900 www.SAMbio.is


# Hálf óspennandi kynþokki

**Franska hljómsveitin Nouvelle vague lék á tónleikum í Hafnarhúsinu á föstudagskvöld. Steinþór Helgi Arnsteinsson setti sig í franska gírinn.**



Andrúmsloftið var nokkuð þægilegt í Hafnarhúsinu þetta ágæta föstudagskvöld, reyndar var rauðvín ekki selt á staðnum sem vissulega hefði gert áhorfendaskarann örlítið franskari. Salurinn var samt nokkuð þéttur án þess að nokkurs troðnings gætti. Gríðarleg aukning stærri tónlistaratburða hérlendis hefur gert okkur örlítið siðmenntari sem áhorfendur, sem er hið besta mál. Æsingurinn á og fyrir tónleikana hefur reyndar minnkað en í lok tónleikanna á föstudagskvöldið var varla hægt að kvarta yfir því að stuðið hafi vantað.

En að tónleikunum. Nouvelle vague taldi sex manneskjur á sviðinu á Listasafninu en hafði reyndar boðað í nýlegu viðtali að þau yrðu átta til tíu. Lítið fór fyrir karlmönnunum í sveitinni sem voru hinir rólegustu á sviðinu en settu í staðinn upp vel kynþokkafullan svip sem var í raun nóg. Söngkonurnar tvær voru hins vegar aðalstjörnur kvöldsins. Vinkonurnar tvær voru afar líflegar, á sífelldu iði og æstu upp skarann á margvíslegan máta. Þrátt fyrir ágæta tilburði þá fannst mér oft á tímum eins og þetta væri einum of færibandskennt, ekki nógu náttúrulegt og hálf ópersónulegt. Líkt og þær hefðu verið með þessa sviðsframkomu á þúsund öðrum tónleikum. Sérstaklega náði ég að láta hávaxnari söngkonuna fara í taugarnar á mér auk þess sem mér fannst söngur hennar full maskúlín. Sú minni var áberandi betri söngkona og framkoma hennar töluvert meira sjarmerandi. Flutningur hennar á In a Manner of Speaking var þannig nærri því stórbrotinn, átakanlegur og fullur dýrðarljóma.

Annars kom mér á óvart hversu lítið var fiktað við lögin af plötunum tveimur. Flest lögin voru af fyrri plötu sveitarinnar, sem er töluvert betri en sú seinni, Bande a part, og lögin flutt í nokkuð keimlíkum útgáfum og þeim sem birtust á plötunum. Þó var reynt að hrófla við nokkrum lögum, til dæmis Too Drunk to Fuck og Love Will Tear Us Apart, við misjafnan árangur. Flutningurinn á Love Will Tear Us Apart var reyndar glæsilegur. Friday Night Saturday Morning, A Forest og Heart of Glass voru einnig lög sem komu vel út í Hafnarhúsinu.

Annars náðu fá lög að vekja mikla hrifningu hjá mér. Tónleikarnir voru vissulega þægilegir en náðu ekki að vera mikið meira en það. Ef maður hefur hlustað á plötur sveitarinnar nokkrum sinnum bættu tónleikarnir ekki miklu við, en afþreyingargildi tónleikanna var ágætt samt sem áður.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

**TÓNLEIKAR**
**Nouvelle vague**
Hafnarhúsið 27. apríl 2007
★★★

Kannski einum of þægilegir tónleikar og á stundum ópersónulegir. Afþreyingin sem slík var þó upp á besta máta.

# Sjötta plata NIN

Sjötta plata rokksveitarinnar Nine Inch Nails, Year Zero, er komin út. Hljómsveitin á sér nokkra sögu, átján ár eru liðin síðan fyrsta platan, Pretty Hate Machine, kom út. Síðasta plata sveitarinnar, With Teeth, kom út fyrir fjórum árum og fékk hún mjög góðar viðtökur.



**TRENT REZNOR** Forsprakki Nine Inch Nails heitir Trent Reznor.

Year Zero hefur fengið mjög góða dóma, meðal annars í tímaritinu Kerrang! sem gefur henni fullt hús stiga. Til að hita upp fyrir plötuna komu fyrr á þessu ári út á DVD-mynddiski nýlegir tónleikar undir nafninu Beside You In Time.


# HÁSKÓLABÍÓ ER LOKAÐ Í DAG

Viðskiptavinir athugið að Háskólabíó er lokað í dag vegna rekstrarbreytinga.

Við opnum aftur á morgun 1. maí.

Við biðjumst velvirðingar á öllum óþægindum sem þetta mun valda.

HÁSKÓLABÍÓ




**APOCALYPTICA** Finnska tríóið spilar á Eurovision 12. maí.

# Treður upp á Eurovison

Finnska tríóið Apocalyptica spilar á úrslitakvöldi Eurovision-keppninnar í Helsinki 12. maí. Sveitin vakti fyrst athygli fyrir sellóútgáfur sínar á lögum rokksveitarinnar Metallica. Síðan þá hefur hún spilað sífellt meira af eigin efni.

Tríóið er um þessar mundir að vinna að nýrri plötu auk þess sem DVD-tónleikadiskurinn The Life Burns Tour er væntanlegur um miðjan maí.


# SPRENGJUTILBOÐ

**Íbúðir á Benidorm til leigu á ótrúlegu verði.**
**Í apríl og maí bjóðum við glæsilegar íbúðir til leigu á einum besta stað á Benidorm.**
**Hver íbúð hefur svefnpláss fyrir fjóra.**

**Vikuverð aðeins 27.000 kr.**
**Upplýsingar og bókanir hjá espis@espis.net**
**Símar: 0034-697-586-424 og 0034-687-797-778.**

KVIKMYNDAKLÚBBURINN FJALAKÖTTURINN
MÁNUDAGUR 30. APRÍL
TJARNARBÍÓI
FILMFEST.IS

**KLUKKAN 17.00**
BRÓÐIR MINN LJÓNSHJARTA
(SWE), Olle Hellbom, 1977.

**KLUKKAN 19.00**
HVAÐ ER NÝTT Í GARËT?
& SVIPMYND ÚR SVEITINNI:
(FRA), Raymond Depardon, 2004 & 2005.

**KLUKKAN 21.00**
**FRANSKAR STUTTMYNDIR II**
1: Sale Boulot
2: Luluboy
3: DirtyHandz

## > Sigurður þjálfar Keflavík áfram

Sigurður Ingimundarson hefur endurnýjað samning sinn við stjórn körfuknattleiksdeildar Keflavíkur um að halda áfram að þjálfa liðið. Hann hefur stýrt liðinu undanfarinn áratug ef frá er tekið eitt ár þegar hann tók sér frí frá þjálfun. Þá hefur Jón Nordal Hafsteinsson einnig framlengt samning sinn við Keflavík en hann hefur leikið með Keflvíkingum allan sinn feril.



**sport**

sport@frettabladid.is

GRÉTAR RAFN STEINSSON: UPPLIFÐI HREINA MARTRÖÐ ER AZ MISSTI AF HOLLENSKA TITLINUM

# *Svona getur fótboltinn stundum verið*

Það var ekki hátt risið á Grétari Rafni Steinssyni þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gærkvöldi. Fyrr um daginn neyddist hann til að horfa upp á félaga sína í AZ Alkmaar glopra hollenska meistaratitlinum út úr höndunum á sér á lokadegi tímabilsins í deildinni.

Staðan í deildinni var æsispennandi fyrir lokadaginn en þrjú lið, AZ, PSV Eindhoven og Ajax, voru jöfn að stigum þegar lokaumferðin hófst. Markahlutfall AZ var hins vegar langbest af þeim þremur og myndi liðinu því duga sigur gegn Excelsior í Rotterdam sem var þegar fallið úr deildinni.

Grétar Rafn var eins og vanalega í byrjunarliði AZ en á 19. mínútu dró til tíðinda. Markvörður AZ, Boy Waterman, felldi sóknarmann Excelsior og uppskar rautt spjald fyrir vikið auk þess sem vítaspyrna var dæmd. Til að bæta gráu á svart fyrir okkar mann var hann tekinn út af fyrir varamarkvörðinn.

„Það þurfti einfaldlega að taka einn varnarmann út af og svona getur alltaf gerst. Þetta var ákvörðun þjálfarans," sagði Grétar Rafn aðspurður hvernig tilfinningin hefði verið að labba af velli í þessari stöðu.

Excelsior skoraði en AZ jafnaði þremur mínútum síðar. Excelsior komst aftur yfir í síðari hálfleik en aftur jafnaði AZ metin. Spennan var mikil því AZ dugði bara eitt mark til að tryggja titilinn.

„Við vorum oft nálægt því að skora í stöðunni 2-2. Við vorum með allt liðið okkar í sókninni en þeir eru með fljóta sóknarmenn og færðu sér það í nyt," sagði Grétar en Excelsior tryggði sér sigurinn með marki í uppbótartíma.



**LOUIS VAN GAAL** Þjálfari AZ á hliðarlínunni í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Á sama tíma bitust PSV og Ajax um forystuna en liðin voru með líkt markahlutfall. PSV vann Vitesse Arnhem, 5-1, sem dugði til að hrifsa bikarinn því Ajax vann sinn leik 2-0. Á endanum var PSV með 50 mörk í plús en Ajax 49.

„Við mættum vel stemmdir í leikinn eins og alla aðra. En þegar við missum mann út af og fáum víti á okkur lítur þetta öðruvísi út. Við getum engum um kennt nema sjálfum okkur," sagði Grétar. „Nú eru bikarúrslitin næst og ætlum við okkur að vinna þann titil," bætti hann við.


Alþingiskosningar 2007

Hverju svara stjórnmálaflokkarnir þegar spurt er um íþróttir ?

Svörin eru á www.isi.is


# HK í úrslit deildarbikarsins eftir karaktersigur á Fram

**HK sýndi hvað í liðinu býr með sigri á Fram í oddaleik undanúrslita deildarbikarkeppninnar. Fram vann síðasta leik með tólf mörkum en HK vann örugglega í**

**HANDBOLTI** Bikarmeistarar Stjörnunnar mæta HK í úrslitarimmu deildarbikarkeppninnar eftir að síðarnefnda liðið vann öruggan sigur á Fram í gær, 31-26. Um var að ræða oddaleik liðanna í undanúrslitum eftir að hvort liðið hafði unnið sinn leikinn á heimavelli.

Á föstudagskvöldið völtuðu Framarar yfir HK og unnu tólf marka sigur. Í gær náðu leikmenn HK snemma yfirhöndinni í leiknum og létu hana aldrei af hendi. Munurinn í hálfleik var sjö mörk, 20-13, og mestur varð hann átta mörk í síðari hálfleik.

„Við náðum að rífa okkur upp af rassgatinu eftir að hafa ekki mætt til leiks á föstudaginn," sagði Gunnar Magnússon. „Ég get ekki skýrt þessa mikla sveiflu í leik okkar. Kannski að Sammi hafi svo mikil ítök í Kópavoginum að hann hafi pantað oddaleikinn sem hann var búinn að auglýsa," sagði Gunnar og hló.

Átti hann þar við Samúel Örn Erlingsson, yfirmann íþróttadeildar RÚV sem var búið að auglýsa oddaleik í beinni útsendingu um helgina áður en ljóst varð hvort oddaleik þurfti til í undanúrslitunum.

„En í fullri alvöru þá ætluðum við að vinna annan leikinn og komast í langþráð helgarfrí. Það hefur verið mikið álag á okkur undanfarið," sagði Gunnar.

Hann sagði þó að sínir menn hefðu sýnt hvað í þeim býr í gær.



**HÁLSTAK** Brjánn Bjarnason beitir hér öllum brögðum til að halda aftur af Augustas Strazdas, leikmanni HK, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta virðist alltaf gerast eftir að við töpum leikjum eða stigum. Þá komum við til baka og sýnum hvað við getum. Enn og aftur sýndum við hvers konar karakter býr í liðinu," sagði Gunnar.

Egidijus Petkevicius, markvörður HK, var maður leiksins í gær með 20 varða bolta. Sókn og vörn HK var annars mjög stöðug og fín ef frá er talinn leikkafli í upphafi síðari hálfleiks er Framarar sýndu einhver tilþrif í sinni vörn. En það reyndist skammvinnt og því sigur HK öruggur.

HK mætir Stjörnunni sem fyrr segir og aðspurður segir Gunnar að HK-inga langi í titil. „Ég sagði við mína menn að Valsmenn geti leyft sér að detta úr þessari keppni enda komnir með titil. Við erum ekki komnir með neinn titil ennþá og það er enn einn í boði. Við ætlum að berjast fyrir honum og þessir leikmenn eiga það skilið að vinna einn slíkan í vetur."

Hann býst við hörkurimmum gegn Stjörnunni. „Garðbæingar hafa slakað á síðastliðinn mánuð og verða örugglega klárir í slaginn. Ég býst því við hörkuleikjum en við munum mæta afar grimmir til leiks. Við munum reyna að klára þetta í tveimur leikjum en við sjáum til hvernig fer."

Leikurinn var sá síðasti sem Guðmundur Guðmundsson stjórnaði sem þjálfari Fram.

eirikur@frettabladid.is


Réttu tækin í vorverkin

Háþrýstingur á bílinn, stéttina og húsið



Bjarnþór Þorláksson
bílstjóri RV

Vortilboð 2007
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur

51.888 kr.



Nilfisk-ALTO P160
1-15 B X-tra
Dæluþrýstingur: 160 bör
Vatnsmagn: 650 l/klst.

Tilboðið gildir út maí 2007 eða meðan birgðir endast.

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

Rekstrarvörur - vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6234A


## Arsenal stigi á eftir Liverpool eftir 3-1 sigur á Fulham á Emirates Stadium:

# Útlitið dökknar enn hjá Fulham

**FÓTBOLTI** Þegar tvær umferðir eru eftir af ensku úrvalsdeildinni er útlitið orðið ansi dökkt hjá Fulham. Liðið tapaði í gær fyrir Arsenal á útivelli, 3-1. Fulham hefur nú ekki unnið leik í tæpa þrjá mánuði og fengið aðeins fjögur stig úr síðustu tíu leikjum sínum.

Julio Baptista kom Arsenal yfir strax á 4. mínútu og þannig stóðu leikar lengi vel. Heiðar Helguson kom inn á sem varamaður á 59. mínútu og var í baráttu við Jens Lehmann á 78. mínútu sem varð til þess að Lehmann missti boltann og Simon Davies skoraði jöfnunarmark Fulham.

Það dugði þó ekki til því Arsenal-menn bættu tveimur mörkum við á lokamínútunum og hirtu öll þrjú stigin.

„Ég held að við höfum verið svolítið barnalegir í dag," sagði Lawrie Sanchez, stjóri Fulham, eftir leik. „Það hefði verið frábært að fá eitt stig í dag en í stað þess létum við jöfnunarmarkið stíga okkur til höfuðs og okkur var refsað fyrir það. Við eigum nú tvo leiki eftir, þar af einn á heimavelli, og verðum við að sýna stuðningsmönnum okkar hvað býr í okkur. Ég veit að við getum leikið vel í níutíu mínútur."

- esá


LÉTT BYLGJAN 967



ER ÉG AÐ TAKA ÁHÆTTU EF ÉG TEK HELMINGASKIPT HÚSNÆÐISLÁN?



**BESTU LEIKMENNIRNIR** Brenton Birmingham, Njarðvík, og Helena Sverrisdóttir, Haukum. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Kjörið á lokahófi KKÍ:

# Kosið fyrir úrslitakeppnina

**KÖRFUBOLTI** Enginn liðsmaður Íslandsmeistara KR var kjörinn í lið ársins á lokahófi KKÍ á laugardagskvöldið og aðeins einn leikmaður Íslandsmeistara Hauka í kvennaflokki. Mörgum finnst það koma einkennilega fyrir sjónir en þetta mætti að hluta til skýra út með því að kjör leikmanna og þjálfara fer fram áður en úrslitakeppnin hefst.

„Þannig hefur þetta verið frá upphafi og er þetta sama fyrirkomulag og er í NBA-deildinni og alls staðar í heiminum,“ sagði Friðrik Ingi Rúnarsson, framkvæmdastjóri KKÍ.

Njarðvík varð deildarmeistari í vetur og hirti til sín langflest verðlaun í karlaflokki. Liðið tapaði hins vegar fyrir KR í úrslitarimmunni um Íslandsmeistaratitilinn. - esá

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *Deildarbikarkeppni karla*

| HK-FRAM | 31-26 |
|---|---|

**Mörk HK (skot)**: Tomas Eitutis 7 (11), Augustas Strazdas 6 (6), Valdimar Þórsson 6 (10), Sergei Petraytis 5 (6), Ragnar Hjaltested 5/2 (9/3), Sigurgeir Árni Ægisson 1 (1), Baldur Halldórsson 1 (1), Ólafur Ragnarsson (1), Brynjar Valsteinsson (2).
**Varin skot**: Egidijus Petkevicius 20/1.
**Hraðaupphlaup**: 10 (Augustas 3, Ragnar 2, Valdimar 2, Tomas 1, Sergei 1, Sigurgeir Árni 1).
**Fiskuð víti**: 3 (Sergei 3)
**Utan vallar**: 4 mínútur.
**Mörk Fram (skot)**: Sergey Serenko 6 (13), Jóhann G. Einarsson 5/3 (8/3), Hjörtur Henriksson 4 (5), Andri Haraldsson 3 (9), Guðjón F. Drengsson 2 (3), Einar Ingi Hrafnsson 2 (5/1), Brjánn Brjánsson 1 (1), Zoltán Belanyi 1 (1), Þorri B. Gunnarsson 1 (2), Daníel Grétarsson 1 (3), Sigfús Sigfússon (4).
**Varin skot**: Björgvin Gustavsson 10/1.
**Hraðaupphlaup**: 5 (Hjörtur 2, Brjánn 1, Guðjón F. 1, Zoltán 1).
**Fiskuð víti**: 4 (Þorri, Zoltán, Sigfús, Jóhann).
**Utan vallar**: 6 mínútur.

### *Enska úrvalsdeildin*

| ARSENAL-FULHAM | 3-1 |
|---|---|

1-0 Julio Baptista (4.), 1-1 Simon Davies (78.), 2-1 Emmanuel Adebayor (84.), 3-1 Gilberto, víti (87.).

### *Hollenska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| EXCELSIOR-AZ | 3-2 |
| PSV-VITESSE | 5-1 |
| WILLEM II-AJAX | 0-2 |
| TWENTE-NAC | 2-1 |

Arnar Þór Viðarsson var ekki í hópnum hjá Twente.

**LOKASTAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **PSV** | **34** | **23** | **6** | **5** | **75-25** | **75** |
| AJAX | 34 | 23 | 6 | 5 | 84-35 | 75 |
| **AZ** | **34** | **21** | **9** | **4** | **83-31** | **72** |
| TWENTE | 34 | 19 | 9 | 6 | 67-37 | 66 |
| **HEERENVEEN** | **34** | **16** | **7** | **11** | **60-43** | **55** |
| RODA JC | 34 | 15 | 9 | 10 | 47-36 | 54 |
| **FEYENOORD** | **34** | **15** | **8** | **11** | **56-66** | **53** |
| GRONINGEN | 34 | 15 | 6 | 13 | 54-54 | 51 |





FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Allri lántöku fylgir einhver áhætta. Breytingar á gengi, vöxtum og verðbólgu hafa áhrif á öll lán. Helmingaskipt húsnæðislán eru með afar lágum vöxtum vegna þess að helmingur lánsins er í erlendum lágvaxtamyntum. Ef krónan lækkar, þá hækkar lánið um leið. Þess vegna er hinn helmingur lánsins í íslenskum krónum til að draga úr gengisáhættu. Þannig reynum við að bjóða lága vexti með minni áhættu út af gengissveiflum heldur en ef lánið væri að fullu í erlendri mynt.

**Fáðu nánari upplýsingar og ráðgjöf í næsta útibúi, í þjónustuveri í síma 440 4000 eða www.glitnir.is**

GLITNIR

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *Norska úrvalsdeildin*

FREDRIKSTAD-VIKING 2-0
**Hannes Þ. Sigurðsson** lék allan leikinn fyrir Viking, **Birkir Bjarnason** síðustu 25. mínúturnar en **Höskuldur Eiríksson** var ekki með vegna meiðsla. **Garðar Jóhannsso**n var ekki í leikmannahópi Fredrikstad.

ODD GRENLAND-ÁLASUND 3-0
**Haraldur Freyr Guðmundsson** lék allan leikinn fyrir Álasund.

SANDEFJORD-TROMSÖ 2-1

START-STABÆK 1-1
**Veigar Páll Gunnarsson** lék allan leikinn fyrir Stabæk og lagði upp mark liðsins. **Jóhannes Harðarson** var ekki í leikmannahópi Start.

ROSENBORG-BRANN 3-0
**Ólafur Örn Bjarnason** og **Kristján Örn Sigurðsson** léku allan leikinn fyrir Brann. **Ármann Smári Björnsson** var á bekknum.

### *Norska 1. deildin*

MOLDE-HÖNEFOSS 1-1
**Marel Baldvinsson** skoraði mark Molde og lék fyrstu 72 mínútur leiksins.

### *Danska úrvalsdeildin*

SILKEBORG-FC KAUPMANNAHÖFN 0-1
**Bjarni Ólafur Eiríksson** lék allan leikinn fyrir Silkeborg, **Hólmar Örn Rúnarsson** fyrstu 60 mínúturnar en **Hörður Sveinsson** var ekki í leikmannahópi liðsins. Silkeborg er í næstneðsta sæti deildarinnar, níu stigum á eftir næsta liði fyrir ofan þegar sex umferðir eru eftir.

### *Danska 1. deildin*

AGF-HERFÖLGE 3-1
**Kári Árnason** kom ekki við sögu hjá AGF.

### *Sænska úrvalsdeildin*

HAMMARBY-BROMMAPOJKARNA 4-0
**Gunnar Þór Gunnarsson** lék allan leikinn fyrir Hammarby og **Heiðar Geir Júlíusson** síðustu sjö mínúturnar.

KALMAR-DJURGÅRDEN 1-0
**Sölvi Ottesen** sat á bekknum hjá Djurgården.

### *Sænska 1. deildin*

FALKENBERG-ÖSTER 2-2
**Helgi Valur Daníelsson** lék allan leikinn fyrir Öster.

# Fullkomin helgi Þjóðverja

**Síðari úrslitaleikir Meistaradeildar Evrópu, EHF-bikarkeppninnar og Evrópukeppni bikarhafa fóru fram um helgina. Sigfús Sigurðsson missti af sínum titli.**



**MEISTARAR** Stefan Lövgren, fyrirliði Kiel, lyftir Evrópumeistarabikarnum í leikslok í gær. Lövgren gat ekki leikið með sínum mönnum í gær vegna meiðsla. Hann var þó á leikskýrslu. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

**HANDBOLTI** „Viltu tala við mig síðar. Takk.“ Þannig hljómaði símtal blaðamanns við Sigfús Sigurðsson, leikmann Ademar Leon á Spáni, skömmu eftir leik liðsins gegn Hamburg í síðari úrslitaleik liðanna í Evrópukeppni bikarhafa. Hann var greinilega ekki sáttur við úrslitin í leiknum og eðlilega svo þar sem Hamburg fagnaði dramatískum sigri.

Kiel vann Flensburg í úrslitum Meistaradeildar Evrópu og Magdeburg fagnaði sigri í EHF-bikarkeppninni eftir sigur á spænska liðinu Aragon. Þetta var því fullkomin helgi hjá þýsku liðunum sem hrifsuðu alla Evróputitlana sem í boði voru.

Hamburg vann Ademar Leon á heimavelli sínum í fyrri úrslitaleik liðanna með fjögurra marka mun. Leikurinn byrjaði vel fyrir Sigfús og félaga sem leiddu í hálfleik, 16-13. En þá tóku þeir þýsku við sér og komust í forystu þegar ellefu mínútur voru til leiksloka. En skömmu áður hafði Bertrand Gille, leikmaður Hamborg, fengið að líta rauða spjaldið og það nýttu Spánverjarnir sér.

Þeir komust í fimm marka forystu á lokamínútunni en Kóreumaðurinn skæði Kuyng-Shin Yoon minnkaði muninn í fjögur mörk þegar tíu sekúndur voru til leiksloka. Fjögurra marka tap dugði þeim þýsku þar sem þeir skoruðu fleiri mörk á útivelli. Munurinn gat því ekki verið minni.

Allt útlit er fyrir að Kiel verði þrefaldur meistari í ár. Félagið varð bikarmeistari fyrr í mánuðinum og vann svo Flensburg í gær, 29-27, í síðari úrslitaleik liðanna í Meistaradeild Evrópu. Fyrri leik liðanna lauk með jafntefli.

Kiel hefur einnig tveggja stiga forystu á næsta lið í þýsku úrvalsdeildinni en liðið á þó enn eftir að spila átta leiki þar.

Kiel var með fimm marka forystu í hálfleik í gær, 15-10, en leikmenn Flensburg gáfust ekki upp og minnkuðu muninn í eitt mark á lokamínútunni. En leikmenn Kiel gerðu engin mistök í lokasókn sinni og unnu leikinn með tveggja marka mun sem fyrr segir.

Að síðustu varð Magdeburg Evrópumeistari félagsliða eftir sigur á Aragon, 31-28. Fyrri leik liðanna á Spáni lauk með jafntefli.

eirikur@frettabladid.is



**ÓTRÚLEGUR ÁRANGUR** Roy Keane kom Sunderland upp í úrvalsdeildina á mettíma. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ótrúlegur árangur Roys Keane:

## Birmingham og Sunderland upp

**FÓTBOLTI Birmingham og Sunderland tryggðu sér í gær sæti í ensku úrvalsdeildinni á nýjan leik þrátt fyrir að hafa ekki spilað í gær. Derby tapaði fyrir Crystal Palace og þar með er öruggt að tvö fyrstnefndu liðin fara upp.**

**Ein umferð er eftir af deildinni en hvort sem Sunderland verður meistari eða ekki er ljóst að stjóri liðsins, Roy Keane, hefur unnið gríðarmikið þrekvirki. Hann tók við liðinu í haust þegar liðið sat á botni deildarinnar með ekkert stig eftir fjóra tapleiki í röð.**

**Þetta var í fyrsta sinn sem Keane stýrir knattspyrnuliði.** - esá

Sam Allardyce hættur:

## Allardyce á leið til Man. City?

**FÓTBOLTI** Sam Allardyce hætti í gær störfum sem knattspyrnustjóri Bolton eftir átta ára starf þar. „Þetta hefur verið ein erfiðasta ákvörðun sem ég hef tekið en það er kominn tími fyrir nýtt spennandi tímabil hjá Bolton undir leiðsögn nýrra aðila,“ sagði hann.

Sterklega er búist við því að hann taki við knattspyrnustjórn Manchester City. - esá

www.toyota.is




Toyota - Varahlutir

Núna er 15% afsláttur af rúðuþurrkum hjá umboðsmönnum Toyota um allt land. Gildir til 30. júní 2007.
Njóttu sumarsins og fegurðar landsins í gegnum hreina framrúðu.
Komdu og skiptu um þurrkur – fyrir ánægjulegri akstur.

Viðurkenndir Toyota varahlutir í alla bíla, alls staðar.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi, Nýbýlavegi 4, Kópavogur, Sími: 570-5070
Bifrreiðaverkstæði Reykjavíkur ehf, Bæjarflöt 13, Reykjavík, Sími: 577-7080
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1, Akureyri, Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19, Reykjanesbær, Sími: 420-6600
Toyota Selfossi, Fossnesi 14, Selfoss, Sími: 480-8000
Toyota Austurlandi, Miðási 2, Egilsstaðir, Sími: 470-5070
Bílatangi ehf, Suðurgötu 9, Ísafirði, Sími: 456-4580
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1, Sauðárkróki, Sími: 455-4500
Bílaleiga Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 66, Húsavík, Sími: 464-2500

Ótrúleg úrslit í fyrstu umferð úrslitakeppninnar í NBA-deildinni:

# Miami niðurlægt á heimavelli

**NBA** Meistaralið Miami mun ekki verja titilinn sinn í ár. Liðið vann ekki leik í úrslitakeppninni og var slegið út af Chicago Bulls, samtals 4-0. Var þetta fyrsti sigur Bulls í úrslitakeppninni síðan að Michael Jordan lék með liðinu. Þá vann liðið Utah Jazz í frægri úrslitarimmu árið 1998.

Var þetta í fyrsta skiptið sem ríkjandi NBA-meistarar voru slegnir út í fyrstu umferðinni síðan Phoenix vann San Antonio árið 2000. Scott Skiles, þjálfari Chicago, var einmitt þjálfari Phoenix þá.

Stórstjörnur Miami, Dwayne Wade, Shaquille O'Neal, Alonzo Mourning og fleiri, náðu sér aldrei á strik í úrslitakeppninni undir handleiðslu hins reynda Pats Riley. Það skal þó tekið fram að leikmenn liðsins hafa átt við mikil meiðsli að stríða allt tímabilið.

Kirk Hinrich, leikmaður Chicago, segir að sínir menn hafi haft góða tilfinningu fyrir rimmunni. „Við vorum með gott sjálfstraust í upphafi rimmunnar. Okkur fannst við vel geta unnið hana,“ sagði Hinrich og hafði sitt hvað til síns máls þar sem Chicago vann sjö af átta leikjum liðsins í deildinni í vetur.



**NÁÐI SÉR EKKI Á STRIK** Pat Riley, þjálfari Miami, huggar hér Dwayne Wade sem var helsta stjarna liðsins er það varð meistari í fyrra. NORDIC PHOTOS/GETTY

Leikurinn í gær var jafn og spennandi lengst af þar til vörn Chicago skellti í lás um miðjan fjórða leikhluta en síðustu fimm mínúturnar vann liðið 14-2.

„Við mættum meira en sterkum andstæðingi í þessari rimmu,“ sagði Pat Riley, þjálfari Miami, eftir leik. „Þetta er frábært lið og áttu skilið að vinna. Það er enginn efi í mínum huga, þetta lið á eftir að ná langt.“ - esá

Eiður Smári Guðjohnsen kom ekki við sögu í sigri Barcelona í gær:

# Barcelona enn á toppnum á Spáni

**FÓTBOLTI** Barcelona hélt toppsæti sínu í spænsku úrvalsdeildinni í gær með 1-0 sigri á Levante. Samuel Eto'o skoraði eina mark leiksins á 27. mínútu en Eiður Smári Guðjohnsen sat allan tímann á varamannabekk Barcelona. Frank Rijkaard, stjóri liðsins, gerði aðeins eina skiptingu allan leikinn.

Ruud van Nistelrooy var heitur og skoraði tvö mörk fyrir Real Madrid sem vann góðan 4-1 sigur á Athletic Bilbao á útivelli í gær. Sergio Ramos og Guti skoruðu hin mörk Real en Llorente klóraði í bakkann fyrir heimamenn.

Real er í þriðja sæti deildarinnar, tveimur stigum á eftir Börsungum og einu stigi á eftir Sevilla sem vann Espanyol í gær, 3-1. - esá



**RONALDINHO** Sáttur við sína menn í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY


SÉRFERÐIR



Menningarferð til Spánar

6.–13. júní

Sérlega skemmtileg og fróðleg ferð þar sem saga, menning og náttúra Spánar samtvinnast. Farið til Aranjuez þar sem skoðaðar verða hallir og skrúðgarðar og miðaldaborgin Toledo könnuð. Leiðin liggur svo til Madrídar, dvalið þar í þrjár nætur og borginni gerð góð skil; Svöfn, dásamlegur matur og verslunarleið- angrar. Síðan verður haldið til Cuenca sem er lítið fallegt fjallaþorp, þekkt fyrir „hangandi“ hús og ótrúlegt umhverfi. Í lokin verður farið til Alcoy sem er þekkt fyrir góðan mat og gott vín. Frábær endir á góðri ferð! Fararstjóri: Þórarinn Sigurbergsson, gítarleikari

Verð á mann í tvíbýli

99.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, gisting með morgunverði á góðum hótelum, allur akstur, allar skoðunarferðir og íslensk fararstjórn.

Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100






ÓTRÚLEGA HAGSTÆÐAR MÁNAÐARGREIÐSLUR

Engin útborgun, jafnar mánaðargreiðslur. Þeir sem kaupa Note með hagstæðu bílaláni frá AVANT fá að auki 10.000 króna ego bensínkort með bílnum! Það er ekki eftir neinu að bíða, það er komið grænt ljós á Note!

Nissan Note sjálfskiptur
Verð frá aðeins
26.156 kr. á mán.*
10.000 króna ego bensínkort fylgir með!

ENGIN ÚTBORGUN!

KOMDU OG REYNSLUAKTU!

*Miðað við 100% Avant bílasamning í 84 mánuði. 50% yen og 50% CHF.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453

## Chris Rock



Brandarar Chris fjalla yfirleitt um kynþætti, stjórnmál, tónlist, ást og stéttaskiptingu í Bandaríkjunum. Þeir eiga oftar en ekki rætur að rekja í unglingsár Chris en hann átti mjög stranga foreldra sem komu honum inn í menntaskóla með hvítum krökkum. Hann kveðst hafa verið handtekinn fjórum sinnum á þeim tíma, meðal annars fyrir að keyra of hægt. Chris leikur í Head of State kl. 18.00.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON FJALLAR ENN UM ÞÝÐINGAR

# *Kvöldið sem RÚV tók afstöðu*



Í vetur sem leið var sýnd í Ríkissjónvarpinu heimildarmynd á ensku um fátækt og hjálparstarf í Kambódíu. Sænsk leikkona fór til landsins og ræddi við heimamenn og sérfræðinga.

Í myndinni var þess getið að einn vandi þróunarríkja væri sá að hjálparstarf gengi í tískubylgjum. „Gjafmildi Vesturlandabúa snýst um að gefa, en ekki þá sem þiggja. Það er sjaldnast hlustað á innfædda, hvað þá vitað um raunverulegar þarfir þeirra,“ útskýrði þróunarfræðingur fyrir þeirri sænsku.

Þýðingardeild RÚV beitir sér sjaldan jafn ötullega pólitískt séð og hún gerði þetta kvöld. Til að sanna mál þróunarfræðingsins um yfirborðsmennsku okkar í vestrinu, var gjörvöll tjáning Kambódíumanna látin standa óþýdd. Túlkur þeirrar sænsku ræddi við heimamenn en áhorfendur fengu ekki að vita um hvað. Bil komu í þýðingarnar í nokkrar mínútar í senn. RÚV gerði ekki hlé. Bilun í textavél hefur þó oft þótt fullgóð ástæða til þess. En þetta var engin bilun. Þýðingardeildin vildi ítreka gagnrýnina um grunnfærni hvíta mannsins.

Til að ganga úr skugga um það hringdi undirritaður upp í RÚV, meðan einhver Kambódíumaðurinn blaðraði út í loftið. „Góða kvöldið, ég er einlægur aðdáandi RÚV og tel ykkur meira og minna halda á floti íslenskri menningu, en ég skil samt ekki þetta sem er verið að segja í sjónvarpinu. Getur verið að það hafi gleymst að texta fimm eða sex nokkuð löng viðtöl við Kambódíumenn í þættinum um Kambódíu? Hvert orð sem sú sænska segir á ensku er nefnilega þýtt jafnóðum.“ Þá mælti RÚV: „Við vitum af þessu. Margir hafa hringt. Við skoðum þetta.“ En ekkert hlé var gert á útsendingunni.

Skilaboð RÚV hittu í mark, því boðskapurinn var sannur. Áhorfendur hafa engan áhuga á fólki sem talar khmersku. Myndir sem eru á ensku og með íslenskum texta verða því hvorugt þegar mælt er á raunverulega útlenskri tungu. Mælandinn deyr jú hvort sem er fljótlega í myndinni.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** Insider SIRKUS



▶ **18.00** Head of State STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.40** Kosningar 2007 - nærmynd STÖÐ 2



▶ **21.15** Lífsháski SJÓNVARPIÐ



▶ **22.50** Everybody Loves Raymond SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**14.05 Helgarsportið**
**14.30 Kastljós**
**15.10 Alþingiskosningar 2007 - Kjördæmin** (3:6)
**16.10 Ensku mörkin**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Myndasafnið**
**18.01 Fyndin og furðuleg dýr** (21:26)
**18.06 Lítil prinsessa** (11:30)
**18.16 Halli og risaeðlufatan** (7:26)
**18.30 Vinkonur** (32:52)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Í þættinum verður meðal annars rætt við formann eins framboðanna fyrir Alþingiskosningarnar.
**20.20 Miðbaugur** (1:2) (Equator) Hollensk heimildamynd í tveimur hlutum um náttúru og dýralíf við miðbaug. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.
▶**21.15 Lífsháski** Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Ensku mörkin** e.
**23.20 Spaugstofan**
**23.45 Kastljós**
**00.25 Alþingiskosningar 2007 - Kjördæmin** (4:6)
**01.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Pilot's Wife**
**08.00 The Terminal**
**10.05 Full Court Miracle**
**12.00 Head of State**
**14.00 The Terminal**
**16.05 Full Court Miracle**
▶**18.00 Head of State**
**20.00 The Pilot's Wife** Dramatísk kvikmynd. Kathryn Lyons er nýbúin að fá þær fréttir að eiginmaður hennar sem er flugmaður hafi látist.
**22.00 LA County 187**
**00.00 The Vector File**
**02.00 House of 1000 Corpses**
**04.00 LA County 187**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Oprah** (Global Warming 101 With Al Gore)
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Most Haunted** (11:20)
**10.50 Fresh Prince of Bel Air 4**
**11.15 Strong Medicine** (21:22)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Sisters**
**13.55 Neyðarfóstrurnar** (2:16)
**14.40 The Robinsons**
**15.10 Punk'd** (16:16)
**15.50 Galdrastelpurnar** (5:26)
**16.10 Hjólagengið**
**16.35 Tvíburasysturnar** (20:22)
**17.20 Froskafjör**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
▶**19.40 Kosningar 2007 - nærmynd** Nærmyndir af leiðtogum stjórnmálaflokkanna.
**20:05 Grey´s Anatomy 3** Sérstakur yfirlitsþáttur þar sem farið er yfir öll mikilvægustu atriðin úr þriðju þáttaröð.
**20.50 American Idol** (32:41) Nú eru aðeins sex keppendur eftir.
**21.35 American Idol** (33:41)
**23.00 Shark** (16:22) Nýir bandarískir spennuþættir sem fjalla um stjörnulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksóknari eftir að hafa getið sér gott orð sem verjandi fræga fólksins.
**23.45 Rome** Spennandi þáttaröð sem segir sögu Rómarveldis á átakanlegan og spennuþrunginn hátt. Í lok síðustu þáttaraðar var Júlíus Sesar veginn en hvað verður nú um Brútus? Stranglega bönnuð börnum.
**00.40 Las Vegas NÝTT** (2:17)
**01.25 A Mighty Wind**
**03.00 Blind Justice** (9:13)
**03.45 Into the West** (6:6)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

▶**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Twins** (Blasts From The Past)
**19.55 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**20.20 Dirty Dancing**
**21.15 Trading Spouses** Nokkrar fjölskyldur taka sig til og prófa nýtt líf. Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur. Í hverri viku mun einn húsráðandi skipta um hlutverk við annan húsráðanda. Þau munu ala upp börn þeirra, hugsa um heimilið þeirra og fá þannig að upplifa annað líf.
**22.00 Twenty Four** (15:24) Sjötta þáttaröð vinsælasta spennuþáttar Stöðvar 2 síðustu árin. Þátturinn hefur margsinnis hlotið Golden Globe og Emmy-verðlaunin. Í sjöttu þáttaröðinni hefst enn einn örlagaríkur sólarhringurinn í lífi mikilvægasta leyniþjónustumanns og hryðjuverkasérfræðings heimsins.
**22.45 Cold Case** (15:24) Fjórða þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta. Lily Rush er rannsóknarkona hjá lögreglunni í Fíladelfíu sem hefur þarft verk að vinna. Hún rannsakar gömul mál sem hafa aldrei verið leyst og þarf að beita kænsku og klókindum til þess. Bönnuð börnum.
**23.30 Joan of Arcadia 1**
**00.15 Twins** (e)
**00.40 Entertainment Tonight** (e)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**1815 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**15.15 Vörutorg**
**16.15 Game tíví** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 According to Jim** (e) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki.
**20.00 The O.C.** (15:16) Bandarísk unglingasería. Jarðskjálfti skekur Newport. Seth reynir að hjálpa Ryan þegar mest á reynir á meðan Sandy og Kirsten hafa áhyggjur af ófæddu barni sínu. Frank ávinnur sér virðingu þegar Julie og Kaitlin festast í ísbúð.
**21.00 Heroes** (17:23) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk sem öðlast óvenjulega hæfileika. Lögreglumaðurinn Matt og hinn geilsavirki Ted Sprague taka Bennet-fjölskylduna í gíslingu og það er komið að uppgjöri. Áhorfendur fá líka innsýn í fortíð herra Bennets.
**22.00 C.S.I.** (16:24) Grissom fær sendingu frá morðingja sem hann hélt að væri kominn undir græna torfu. Þar er vísbending um morð sem hefur ekki verið framið og Grissom þarf að finna morðstaðinn áður en það er of seint.
▶**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Boston Legal** (e)
**01.05 Psych** (e)
**01.55 Beverly Hills 90210** (e)
**02.40 Melrose Place** (e)
**03.25 Vörutorg**

## SKJÁR SPORT

**14.00 Sheff. Utd. - Watford**(frá 28.apríl)
**16.00 Wigan - West Ham** (frá 28. apríl)
**18.00 Þrumuskot**
**18.50 Reading - Newcastle** (beint)
**21.00 Að leikslokum**
**22.00 Ítölsku mörkin**
**23.00 Að leikslokum** (e)
**00.00 Man. City - Aston Villa** (frá 28. aríl)
**02:00 Dagskrárlok**


ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

GÓÐGERÐARÞÁTTUR

American Idol

Í KVÖLD – kl. 20:50

FRAM KOMA:
- Gwen Stefani
- Pink
- Celine Dion
- Earth, Wind and Fire
- Jack Black
- Kelly Clarkson
- Carrie Underwood
- Annie Lennox
- Elvis Presley (alveg satt)
- Hugh Grant
- Josh Groban
- Michael Bublé
- og síðast en ekki síst
- Sacha Baron Cohen (Borat)

2 skemmtilegri

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.40
### Kosningar 2007 - Nærmynd



Fréttastofa Stöðvar 2 fjallar um Geir H. Haarde, formann Sjálfstæðisflokksins, í pólitískri Nærmynd í dag. Fjallað er um formennina á mánudögum fram að kosningum og ferill þeirra skoðaður í sögulegu ljósi. Þættirnir eru á dagskrá klukkan 19.40. Það er Þóra Kristín Ásgeirsdóttir fréttamaður sem hefur umsjón með þáttunum en Ólafur Chelbat stjórnar upptöku og sér um tæknimálin. Þulir eru Sigmundur Ernir Rúnarsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir.

### ▶ Við mælum með Twenty Four Sirkus kl. 22.00

Nú er verið að sýna sjöttu þáttaröð vinsælasta spennuþáttar Stöðvar 2 síðustu árin. Þátturinn hefur margsinnis hlotið Golden Globe og Emmy-verðlaunin. Nú er hafinn enn einn örlagaríkur sólarhringurinn í lífi mikilvægasta leyniþjónustumanns og hryðjuverkasérfræðings heimsins. Í þætti kvöldsins nýtur varaforsetinn ekki mikillar hylli en ákvörðun hans um aukið öryggi veldur miklum deilum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Sólskinsfólkið
**14.37** Miðdegistónar
**15.03** Krossgötur
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Söngvamál
**21.00** Heim í hérað – og aftur til baka
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Úr tónlistarlífinu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 NBA 2006/2007 - Regular Season** (Miami - Chicago)

**11.40 Spænski boltinn** (Barcelona - Levante)

**13.20 Spænski boltinn** (Atl. Bilbao - Real Madrid)

**17.00 NBA 2006/2007 - Regular Season** (Miami - Chicago)

**19.00 UEFA Champions League** (Liverpool - Chelsea)

**20.45 Þýski handboltinn**

**21.15 Spænsku mörkin**

**22.00 Coca Cola mörkin** Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í deildinni eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.

**22.30 Football and Poker Legends** Í heimsmótaröðinni í póker eru sautján mót sem fram fara víðs vegar um heiminn. Við og við eru svo haldin óhefðbundin mót þar sem stórstjörnum úr Hollywood eða íþróttum er boðið að setjast að spilaborðinu.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Kongehuset **7.00** Italienske fristelser **7.30** Debatten **8.00** En have på fjeldet **8.30** Den nordiske mand **9.00** Den 11. time **9.30** Hjerterum **10.00** TV Avisen **10.10** 21 Søndag **10.50** Socialistisk Folkeparti - Landsmøde **11.20** Det store bryllup **11.50** Aftenshowet **12.20** Søren Ryge - Mads og Tove i Tim **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer **14.30** Elmer som rødfrakke **14.35** Monster allergi **15.00** Troldspejlet **15.30** Den lille brandskole **15.55** Gurli Gris **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ud i det blå **18.00** Ekspedition Borneo **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Rebus **21.10** OBS **21.15** Poul Martinsen kavalkade **22.00** Hjerteflimmer **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** NU er det NU **6.00** Postmand Per

## NRK 1

**7.30** Marknad for kjærleik **8.00** Siste nytt **8.05** Med hjartet på rette staden **8.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **9.00** Siste nytt **9.05** Kulturprofilen **9.30** Migrapolis: Begrenset frihet **10.00** Siste nytt **10.05** Sjalusiens makt **11.00** Siste nytt **11.05** Schrödingers katt **11.30** Viten om **12.00** Siste nytt **12.05** Norge rundt **12.30** Åpen himmel **13.00** Siste nytt **13.05** Sinbads fantastiske reiser **13.30** Sketsj **13.40** Sketsj **14.00** Siste nytt **14.03** Totalt genialt! **14.30** Fabrikken **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mikkes klubbhus **16.25** Sauer **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls: Bedre Puls **17.55** Faktor: Drømmefotball **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen **21** **19.30** Livets porto **20.30** Landeplage **21.00** Kveldsnytt **21.15** Store Studio **21.55** Dalziel og Pascoe **4.25** Frokost-tv

## SVT 1

**7.30** Världen **8.30** Ekonomicoaching **8.55** När gräsrötterna tar över **9.25** Vetenskap - forskare mot alla odds **10.00** Rapport **10.05** Agenda **11.00** Sportspegeln **12.35** Idel ädel adel **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Ramp **15.30** Krokomax **16.00** Charlie och Lola **16.15** Ellas lördag **16.20** Brum **16.30** Evas funkarprogram **16.45** Dr Dogg **17.00** Lilla sportspegeln **17.30** Rapport **18.00** Valborg 2007 **19.00** Slutet på historien **19.05** Håll tyst, världen! **19.35** Kobra **20.05** I sinnets våld **21.05** Rapport **21.15** Kulturnyheterna **21.25** Ordförande Persson **22.25** Inför Eurovision Song Contest 2007 **23.25** Sändningar från SVT24




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég byrja á því að hlusta á Bylgjuna til klukkan 9 og skipti þá yfir á Sigurð G. Tómasson á Útvarpi Sögu. Eftir mat skipti ég yfir á Valtý Björn á X-inu og síðan hlusta ég oft á útvarpssöguna á gufunni. Eftir fjögur klára ég daginn síðan með Bylgjunni til sex.“*

Sölvi Karlsson kranamaður.

# Sauðkindin er alltaf á móti

„Við erum bara sveitó og það er einfaldlega flott að vera þannig,“ segir Fanný Guðbjörg Jónsdóttir, kosningastjóri Sambands ungra framsóknarmanna, en þeir notast við íslensku kindina í kosningaherferð sinni. Hafa skreytt skrifstofu, bíl og annan varning tengdan kosningabaráttunni með þessu ágæta og bragðmikla spendýri. „Við byrjuðum á þessu í kosningabaráttunni 2003 en vildum núna fara alla leið,“ bætir Fanný Guðbjörg við en ungir framsóknarmenn hafa jafnframt opnað heimasíðuna kind.is.



**ÓSÓMA** Gulli og Þórdís vilja bjóða Guðna til sín og gefa honum alvöru kindar-bol.

Framsóknarkindin hefur hins vegar þótt æði lík annarri kind sem hefur lifað góðu lífi í bolabúðinni Ósóma og þar á bæ könnuðust menn við að aðilar úr Framsóknarflokknum hefðu haft samband og óskað eftir einhvers konar samstarfi. „Við ýttum því bara á undan okkur og svöruðum því aldrei beint nema helst að við vildum vera ópólitísk enda er sauðkindin ekki pólitísk, hún er bara á móti,“ segir Gunnlaugur Ingivaldur Grétarsson í Ósóma og samstarfskona hans, Þordís Claessen, tekur undir þau orð. „Okkur finnst þetta hins vegar fyndin tilviljun en getum auðvitað ekkert gert, við erum ekki með einkaleyfi á íslensku kindinni,“ segir Þordís sem vill þó gjarnan bjóða landbúnaðarráðherranum og framsóknarmanninum Guðna Ágústssyni í búðina til þeirra þar sem ráðherrann myndi þiggja einn bol með kindinni. „Enda myndum við afhenda honum hann með glöðu geði,“ segir Þórdís. „Landbúnaðarráðherrann hefur enda sýknt og heilagt verið að reyna vernda íslensku kindina með misjöfnum hætti þó,“ bætir Gunnlaugur við.



**FANNÝ GUÐBJÖRG** Segir unga framsóknarmenn sveitó og stolta af því.

Fanný Guðbjörg kannaðist vel við Ósóma-kindina og sagðist vera stolt af því að búðin hefði tekið eftir þessu tákni árið 2003 og nýtt sér það. **- fgg**



**LÁRÉTT**
**2.** hróss, **6.** grískur bókstafur, **8.** klettasprunga, **9.** óhreinka, **11.** málmur, **12.** bor, **14.** slota, **16.** sjúkdómur, **17.** þrekvirki, **18.** kúgun, **20.** skóli, **21.** flokka.
**LÓÐRÉTT**
**1.** gan, **3.** einnig, **4.** lögtak, **5.** andi, **7.** tungumál, **10.** ái, **13.** á móti, **15.** yfirstétt, **16.** sægur, **19.** stöðug hreyfing.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lofs, **6.** pí, **8.** gjá, **9.** ata, **11.** ál, **12.** nafar, **14.** linna, **16.** ms, **17.** dáð, **18.** oki, **20.** ma, **21.** raða. **LÓÐRÉTT: 1.** span, **3.** og, **4.** fjárnám, **5.** sál, **7.** ítalska, **10.** afi, **13.** and, **15.** aðal, **16.** mor, **19.** ið.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Brenton Birmingham og Helena Sverrisdóttir.
2. Átta.
3. Tallinn.




HAUKUR HAUKSSON: MAÐURINN Á BAK VIÐ TJÖLDIN Í EUROVSION

# Feginn að fylgja rólyndis-rokkaranum Eiríki Hauks

„Einfalt og heiðarlegt verður meginþemað okkar í Helsinki,“ segir Haukur Hauksson en hann hefur tekið við keflinu af Jónatani Garðarssyni sem innsti koppur í búri Eurovision-hópsins en senn líður að því að hópurinn haldi til Finnlands og keppi fyrir hönd Íslands í þessari sívinsælu söngkeppni.

Haukur var staddur í Barcelona þegar Fréttablaðið hafði uppi á honum en þar var hann að ljúka við lokaverkefni sitt í MBA-námi við Háskólann í Reykjavík. „Þannig að ég hef eiginlega bara verið í símanum og tölvupóstinum á kvöldin,“ segir Haukur sem verður augljóslega feginn að koma náminu frá, nú þegar Eurovision-æðið heltekur þjóðina. Er reyndar svekktur yfir því að geta ekki komist á leik með Eiði Smára á Nou Camp en viðurkennir að honum hefði nú varla gefist tími til þess, Eurovision og aftur Eurovision bíði hans.

Haukur er engin nýgræðingur í þessum fræðum, hefur verið aðstoðarmaður Jónatans í fjögur ár og vissi því vel að hverju hann gekk þegar hann tók starfið að sér. En á Hauki verður ekki annað heyrt en að hann prísi sig sælan að fylgja rólyndisrokkaranum Eiríki Haukssyni en ekki sjónvarpsdívunni Silvíu Nótt sem gerði Grikki alveg snarbrjálaða og tókst að afreka það að láta áhorfendur púa á sig. „Það er mjög gott að vinna með Eika. Fyrir utan hversu gott föðurnafn hann ber þá er Eiríkur mikið ljúfmenni og það er kannski jákvætt fyrir okkur að fara þessa leið núna, við erum „ögn“ hógværari heldur en síðast,“ segir Haukur sem óttast þó ekki að aðrir Evrópubúar kunni að líta á Íslendinga sem einhverja geðklofa í ljósi þessa mikla muns. „Nei, Finnar létu hafa eftir sér þegar þeir unnu að þeir hefðu prófað allan skalann,“ segir hann og telur að Íslendingar eigi eftir að græða mikið á nærveru Eiríks. „Hann er vel þekktur innan þessa geira á Norðurlöndum og hefur þéttan rokkbagkrunn.“



**HAUKUR HAUKSSON** Hefur tröllatrú á nærveru Eiríks Haukssonar enda rokkarinn velþekktur á Norðurlöndunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**EIRÍKUR** Ekki verður annað sagt en að íslenska þjóðin sé bjartsýn á gott gengi rauðhærða rólyndisrokkarans.

Haukur hefur stóran titil, Head of Delegation, og það verður því í hans verkahring að sjá um að allt gangi eins og smurt fyrir sig, að hópurinn mæti á æfingar og skapa allar aðstæður þannig að allt gangi sem best. „Þetta er fyrst og fremst mikil vinna og ekki síst mikil pólitík enda er þetta snertiflötur við alla Evrópu. Eurovision er hins vegar einstök upplifun og það gefur manni þennan aukakraft til að sinna þessu stóra verkefni,“ segir Haukur.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Í mörgu er að snúast hjá konungi dægurlagatónlistarinnar á Íslandi – að vonum. Fréttablaðið greindi frá því að sérstakur útvarpsþáttur er á dagskrá í Þýskalandi þar sem fjallað er sérstaklega um **Björgvin Halldórsson** næstkomandi fimmtudag. Mikið stendur til á Sauðárkróki en mikil dægurlagakeppni stendur þar fyrir dyrum og verður haldin á föstudag. Þar koma fram fjölmargir synir fjórðungsins svo sem **Geirmundur Valtýsson**, **Heiða** úr Idol-inu og **Friðrik Ómar**. **Regína Ósk** verður einnig meðal flytjanda í keppninni og svo binda menn vonir við að Bó sjálfur mæti á svæðið. En það hefur ekki fengist staðfest og ekkert er „go“ fyrr en Bó segir „go“.



Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að **Sindri Eldon**, sonur **Bjarkar Guðmundsdóttur**, væri einn fjölmargra þekktra einstaklinga sem bregða mun fyrir í nýjustu kvikmynd **Sólveigar Anspach**. Það ku þó ekki vera rétt að Sindri ætli að leggja fyrir sig leiklistina því bassaleikarinn knái mun vera í lærlingsstöðu hjá tökuliðinu sem skýrir nærveru hans á tökustað.



Séð og heyrt birtir glæsilegar myndir af **Díönu Dúu Árnadóttur** á strönd í Karíbahafinu. Díana Dúa varð fræg á einni nóttu þegar Playboy birti myndir af henni fáklæddri og fyrirsætan verður seint sökuð um að koma fram í efnismiklum klæðnaði. Hið skemmtilega er að Díana er unnusta ljósmyndarans **Björns Blöndal**, sem einmitt tekur myndirnar í Séð og Heyrt og hefur þessi myndaþáttur parsins mælst vel fyrir.

-jbg/fgg



# Rauðhærðar konur stofna samtök

„Við erum einfaldlega miklu betri en annað fólk,“ segir Þuríður Helga Jónsdóttir innanhúsarkitekt og einn af stofnendum Samtaka rauðhærðra kvenna en stofnfundur þeirra verður haldinn 11. maí næstkomandi að Ásvallagötu 59. „Aðalsprautan fyrir þessu er sýning Nínu Gautadóttur Óður til rauðhærðra kvenna í myndlist,“ bætir Þuríður við og segir að þær hafi fyrst haft veður af svona samtökum í Frakklandi en þar ku vera svipuð samtök kvenna sem skarta þessum hárlit. Þuríður tekur skýrt fram að það ríki léttur andi í þessum hópi og hið merkilega er að rauðhærðar konur virðast oftar en ekki dragast saman.

Rauðhærðir virðist vera farnir að færa sig upp á skaftið því nýlega var heimasíðan raudhausar.com stofnuð en þar má finna vefverslun rauðhærðra og aðrar upplýsingar fyrir rauðhært fólk. Þuríður segir enda að margir séu þeirrar skoðunar að rauðhærðir séu öðruvísi en annað fólk. „Við höfum verið að skoða aðeins hvernig rauðhærðar konur hafa birst í poppmenningunni og hér áður fyrr virtist það loða við rauðhærðar konur í bíómyndum að þær væru vonda konan, þessi femme fatale,“ útskýrir Þuríður en bætir við að það hafi að einhverju leyti breyst, staða rauðhærðu konunnar sé nánast orðin jöfn stöðu kvenna með annan háralit. „Síðan hvenær hefur til dæmis Julia Roberts verið vonda konan,“ segir hún.

Þuríður kannast einnig við aðrar mýtur á borð við þá að rauðhærðar konur séu vergjarnar og útsmognar. „Rauðhærðir strákar eru hins vegar í mun verri málum því í kvikmyndum eru þeir oftast sýndir sem hrekkjusvínin,“ segir Þuríður. „Annars eru þetta fyrst og fremst baráttusamtök því rauða genið er víkjandi og því er þetta hópur sem er á undanhaldi en við viljum vernda hann,“ útskýrir Þuríður. **-fgg**



**RAUÐHÆRÐ SAMTÖK** Þuríður Helga er einn af stofnendum Samtaka rauðhærðra kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR

**Þrýstijöfnun er lykilorðið**



## Ein besta heilsudýna í heimi

iq-care.com

**IQ-CARE** aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir dýpri og betri svefni.
**IQ-CARE** er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
**IQ-CARE** er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum og andar því betur.
**IQ-CARE** aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
**IQ-CARE** er ein sterkasta efnablanda sem þróuð hefur verið og endist því lengur en skyldar vörur.
**IQ-CARE** þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

# VELDU AÐEINS ÞAÐ BESTA!

## S-CAPE
WALLHUGGER



**Hjónarúm með**
**okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 369.900 stgr.**

**Rúm sem dregst að veggnum þannig að þú helst við hlið náttborðsins.**

- Mest seldi botninn í heiminum.
- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Sterkir og hljóðátir þýskir lyftumótorar.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Öflugir nuddmótorar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðarmót úr flugvélaplasti.
- 12 ára ábyrgð.



SWISSFLEX

50 ára reynsla



**Loftrúm án rafmagns**

## PROFLEX



**Hjónarúm með**
**okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 219.900 stgr.**

**Mest selda stillanlega rúmið á Íslandi. Frábær reynsla.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráða hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.

**Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er PROFLEX lausnin.**



Frí þrýstijöfnunarmæling
sem greinir hvaða dýna
hentar þér best

## SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




Svefn & heilsa ★★★★★

**AKUREYRI**



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR




Svefn & heilsa ★★★★★

**REYKJAVÍK**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LYFJA
- Lífið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24
alla daga




**BAKÞANKAR**


ÞRÁINS BERTELSSONAR


## *Hátækniguðshús*

**RÍKISÚTVARPIÐ** ohf. og Þjóðkirkjan eiga það sameiginlegt að vera sameign þjóðarinnar þótt hvorug þeirra virðist vera fær um að gera svo öllum líki – sem bendir til að eigendur séu of margir. Augljóslega er skilvirkara að fáir eigi allt og hafi marga í vinnu í stað þess að margir eigi allt og hafi fáa í vinnu. Nú þegar hefur náðst ótrúlegur árangur í rekstri hins opinbera með því að finna fórnfúsa einkavini til að taka að sér stofnanir sem voru svo blásnauðar að þær höfðu varla efni á laxveiðileyfum.

**RÍKISÚTVARPIÐ** hafði ekki einu sinni efni á laxveiðileyfum. Því var næstbesti kosturinn tekinn og RUV breytt í ohf . OHF stendur fyrir „opinbert hlutafélag“. Slík hlutafélög eru fjármögnuð úr ríkissjóði og þurfa því ekki að harka á frjálsum markaði með verðsamráði, leynimakki og innherjaviðskiptum eins og venjuleg hlutafélög.

**NÆSTA** framfaraskref er að oháeffa Þjóðkirkjuna. Fjölmiðlavanur forstjóri/biskup eins og Bubbi Morthens mundi hefja biskupsembættið til almennra vinsælda. Nauðsynlegt væri að nútímavæða starfsemina þannig að almenningur gæti keypt smærri athafnir eins og altarisgöngur og fyrirbænir úr sjálfsölum en bjóða út jarðarfarir, kirkjubrúðkaup og skírnir (nema í heimahúsum). Daglegan rekstur mætti síðan fjármagna með því að selja aðgöngumiða í messur og myndu mörg stórfyrirtæki vera fús til að kaupa heila kirkjubekki eða stúkur fyrir allt kirkjuárið.

**ÓHENTUGT** er að reka ótal útibú víðsvegar um landið og mætti því selja fjöldann allan af kirkjum sem ýmist standa á verðmætum byggingarlóðum eða gætu nýst sem kaffihús, næturklúbbar eða matsölustaðir. Eitt afkastamikið og glæsilegt „hátækniguðshús“ mundi svo rísa í hverjum landsfjórðungi með nægilegu frystirými til að hægt væri að sameina til dæmis fimmtíu jarðarfarir og gera þessar athafnir í senn líflegri fyrir syrgjendur og hagkvæmari fyrir atvinnurekendur.

**ÞVÍ** má reyndar bæta við að hin fjölmörgu hjónabönd í landinu eru löngu úrelt rekstrarform og bæði ódýrara og hagkvæmara fyrir forfallna elskendur að láta fyrirtækjaskrá leggja blessun sína á sambandið og stofna um það einkahlutafélag.





Subaru Forester er ótrúlegur jepplingur. Hann er lipur og léttur í borgarakstri og óstöðvandi þegar þú byrjar að skoða landið betur en þér hefur áður verið fært. Sítengt aldrifið tryggir einstakt veggrip og niðurstaðan er jepplingur sem er öruggari á veturna og kemst allt á sumrin. Gerðu samanburð og þú munt sjá að Forester eru bestu jepplingakaupin á Íslandi í dag.

www.subaru.is

SYMMETRICAL AWD

| Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán. - fös. kl. 9:00–18:00 og lau. kl. 12:00–16:00 | | |
|---|---|---|---|---|
| Umboðsmenn um land allt | Akureyri 464-7940 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |

*Á meðan birgðir endast.

200.000 KR.
KAUPAUKI

Vindskeið, heilsársdekk og 16” álfelgur.*

Verð frá **2.590.000,-**

Subaru Forester með 2.0 lítra vél og 158 hestöflum.

Verslun ORMSSON að Lágmúla 8 hefur verið endurnýjuð frá grunni



Velkomin í „nýja“ verslun – fulla af hágæða heimilistækjum

AEG HTH SAMSUNG TEFAL Solis Emile Henry

Opið virka daga frá kl. 9–18
og laugardaga frá kl. 11–15

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · www.ormsson.is